

Tíðarfarsyfirlit í veðurbókum frá skeytastöðinni í Síðumúla

Eftirfarandi texti er uppskrift úr veðurbókum frá skeytastöðinni Síðumúla í Borgarfirði. Stöðin byrjaði í ágúst 1934 en var lögð niður í apríl 1986. Ingibjörg Guðmundsdóttir (1887-1974) athugaði frá 1934 til 1969, en Ingibjörg Andrésdóttir (1923-2005) eftir það. Þær kunnu báðar að draga saman meginatriði veðurlags hvers mánaðar á skýran og læsilegan hátt. Í upphafi var Andrés Eyjólfsson (1886-1986) bóndi og síðar alþingismaður skráður athugunarmaður en mun lítið hafa komið nærri athugunum.

Ágúst 1934

Ekkert skráð yfirlit.

September 1934

Ekkert skráð yfirlit.

Október 1934

Í okt. mánuði var veðráttan góð til 27. Þá skall á norðanstórhrið, sem víða olli slysum og stórtjóni. Hér varð lítið af því veðri. Fé ekki smalað. En lengra niður til dalanna setti niður mikinn snjó og eru menn hræddir um að enn sé þar fé í fönn, þó ekki í stórum stíl. Þar er fé hýst og gefið. Síðan hefir verið frost og kuldi, en bjart veður hér, frosin jörð og snjófölvuð.

Nóvember 1934

Í nóvemb.mán. var veðráttan hér umhleypingasöm og fremur slæm. Skiftust sífellt á snjókomur og rigningar. Stórvíðri komu þó engin, er létu eftir sig minninsverða atburði. Þann 21. setti niður mikinn snjó, sem ekki hefir tekið upp aftur. Þá var fé tekið, hýst og gefið síðan.

Desember 1934

Í desemb. var veðráttan mjög góð og mild, utan fyrstu dagana. Þá var talsvert mikið frost. Fyrir miðjan mánuð tók upp mestallan snjóinn og hefir síðan verið auð jörð. Þá hefir féð altaf verið hýst hér um slóðir, en lítið gefið. Á jóladagskvöldið gerði landsunnanrok, svo mikið að roskið fólk man ekki slíkt veður. Gerði það talsvert tjón, hér og í grendinni. Fuku þök af húsnum, refagirðingar o.fl.

Janúar 1935

Í janúar hefir veðurfar verið mjög breytill. Fyrstu dagana var svo milt og hlýtt, sem um sumar væri. Úr því varð mjög umhleypingas. Ýmist snjócoma með talsverðu frosti eða asahláka með regni og miklum vatnavöxtum. Þann 22., 24. og 31. Átti „Suðurlandið“ að fara frá Reykjav. til Borgarness. Engan þann dag gat skipið lagt af stað fyrir dimmviðri og vestan- eða norðan byljum. Hagar hafa verið góðir hér og í grendinni, en notast illa að þeim fyrir sauðfé, sakir ónæðis. Flest hross ganga úti enn og eru talin í góðum holdum.

Febrúar 1935

Febrúarmán. byrjaði með norðan snjókomu og frosti. Hést frost talsv. mikið fyrstu 5 dagana. Þá kom nokkra daga þíða, svo upp tók að mestu snjóinn. Eftir það setti aftur niður snjó, svo allan mánuðinn síðan hefir verið alhvít jörð og talsvert mikill snjór. Í þessum mán. hefir frost stigið hæst á vetrinum, 16-17 stig um nætur. Þann 27. var versta veðrið. Norðaustan bylur með frosti og hvassviðri. Hagar hafa verið góðir fyrir hross. Fé ekki beitt.

Marz 1935

Marzmmán. byrjaði með hláku og 6 stiga hita. Tók þá brátt upp febrúarsnjóinn. Kom jörð að nokkru leyti græn undan snjónum. Þ. 7. var asahláka að sunnan með regnskúrum, þrumum og eldingum. Aðfaranótt 12. var ofsarok og regn. Báða þessa daga, 7. og 12. var áætlunardagur „Suðurlands“ í Borgarnes, en hvorugan daginn gat báturinn lagt úti fyrir óveður. Annars hefir tíðin verið óvanal. góð og mild. Jörðin hefir verið auð dögum saman. Síðustu vikuna urðu marz og einmánuður samferða. Og svo segja gamlir menn að þeim komi sjaldan vel saman, en

nú var alt í friði og spekt með þeim. Yndæl veðráttu og jörð að kalla má auð. Nýir skaflar aðeins undir háum hólum og í djúpum giljum.

Apríl 1935

Fram yfir miðjan aprílmánuð var norðanátt og kuldi. en altaf auð jörð. Þann 24. (síðasta vetrard.) brá til sunnanáttar og hlýnaði. Sumarið heilsaði með yndælu veðri og 10 st. hita. Síðan hefir veðrið verið ákjósanl. gott með 4-8 stiga hita um nætur og 9-13 st. hita um daga. Jörðin grær og grænkar dag frá degi. Fram til fjalla er fyrir nokkru búið að sleppa fé, en hér og í grendinni, þar sem beit er léttari, er enn hýst gamalt og lasburða fé. Hinu hrausta slept í gær.

Maí 1935

Maímánuður hefir verið ein samfeld veðurblíða, svo að gamlir menn muna ekki slíka tíð. Sama er að segja um jaðrargróður. Hann er ómunagóður. Úrkomur hafa verið mjög litlar, aðeins til bóta, en oft áfall um nætur. Kýr voru látnar úr hér þ. 10. Síðast gefið þ. 26.

Júní 1935

Í júnímánuði hefir yfirleitt verið köld og leiðinl. veðráttu. Var á tímabili frost um nætur. Sérstakl. inn til dala og upp til fjalla. Jarðargróðri hefir því víða lítið farið fram, þartil síðustu dagana að rigningin kom. Kartöflugras hefir sumstaðar fallið og orðið svart. Grassprettu er samt talin að vera í betra lagi. Tún eru víða að verða slæg.

Júlí 1935

Júlímánuður hefir verið mjög erfiður hvað veðráttu snertir. Sífeldar rigningar. Taðan hefir hrakist til stórtjóns. Um síðastliðna helgi náðist þó meirihluti af henni upp í sæti, en sem hafa þá drepið og runnið vatn undir síðan. Hér byrjaði sláttur 6. júlí en í dag (1.8.) er fyrsta heytuggan látin inn. Dreifa verður þá mænir og botni af hverju sæti. Öll eldri sæti botndrepin. Líkt þessu err ástandið hér grendinni.

Ágúst 1935

Hagstæð veðráttu fyrir heyskapinn. Regntímar voru reyndar nokkuð langir, en þurkakaflar aftur svo góðir að hey þornaði vel og náðist inn með góðri verkun.

September 1935

Veðráttan hefir verið hagstæð, þurviðrasöm og fremur hlý, en nokkuð stormasöm. Hey voru hirt með góðri verkun eftir hendinni. Kartöflurnar voru svo þurrar upp úr gördunum, að ekki þurfti að breiða þær. En uppskeran þykir víða lítil hér í grend.

Október 1935

Veðráttan hefir verið fremur óstöðug, sér í lagi hvað hita snertir. Þó má kalla að tíðin hafi verið góð. Aldrei komið snjór, nema lítið eitt. Fé aldrei hýst hér, en inn til dalanna er það hýst nótt og nótt. Kýr voru teknar alveg inn um miðjan mánuðinn.

Nóvember 1935

Eins og veðurbókin sýnir, hefir nóvemb.m. verið yndæll hvað tíð snertir. Snjólaust að kalla allan mán. þar til þ. 25. Þá kom dálítill snjór, og þá var smalað fé í fyrsta sinn á vetrinum og hýst en ekki gefið fyrr en undir mánaðarlok og það mjög lítið.

Desember 1935

Í desemb.mánuði hefir veðráttu verið óvanalega góð og þurviðrasöm. Mannskaðaveður þ. 14. varð ekki –svo ég viti– að neinu slysi eða tjóni, sem teljandi er hér, eða í grendinni. Jörðin er snjólítill og hagar góðir fyrir hross og fé.

Janúar 1936

Janúarmánuður hefir verið ómuna þurviðrasamur, en nokkuð kaldur. Jörðin er mjög snjólítill en harðfrosin og er vatnsskortur þar af leiðandi orðinn sumstaðar mjög tilfinnanlegur. Rafstöðvar hafa af sömu ástæðu stoppast, t.d. í Reykholti og víðar. Stóð og dugleg hross ganga enn úti, en sauðfé er alveg gefið inni því hagar eru orðnir mjög léttir.

Febrúar 1936

Tíðarfarið skemtil. og misfellulaust, þurviðrasamt og yndælt. Jörðin snjólaus, en frosin og því víða vatnsskortur enn.

Marz 1936

Veðráttan í marsmánuði hefir verið dálítið breytileg eins og veðurbókin sýnir. Það hafa skiptst á snjókomur og hlákur. Þá hefir verið fremur þurviðrasamt og frostlítið oftast. Jörðin er að mestu auð, en kjarnlítill til beitar fyrir sauðfé.

Apríl 1936

Veðráttan hefir yfirleitt verið góð. Jörðin er alauð og þíð og byrjuð að grænka.

Maí 1936

Veðráttan hefir verið góð, en jarðargróður fremur hægfara.

Júní 1936

Júnímánuður var kaldur og þyrkingslegur fram yfir þ. 20. Grasspretta var því mjög rýr. En síðustu vikuna var hlý og rök veðrátta og þýtur grasið upp dag frá degi.

Júlí 1936

Veðráttan var yndæl í júlím. Hlý og þurviðrasöm. Þá svo rök að grasið spratt vel og er sprettan talin í góðu lagi. Heyskapurinn hefir gengið ágætl. og er sumstaðar búíð að alhirða tún.

Ágúst 1936

Ágústm. hefir verið fremur votviðrasamur, sér í lagi seinni hlutinn. Háin hefir sprottið vel, en sumstaðar er mikið hey úti óþurkað.

September 1936

Seftemb.mánuður var votviðrasamur og því mjög slæm heyskapartíð. Hey hröktust víða og urðu hálf ónýt, sér í lagi háin, þar sem hún ekki var sett í súrhey. Mannskaðaveðrið aðfaranótt þ. 16. varð ekki að tjóni hér í grend, nema á einum bæ f auk af hlöðu.

Október 1936

Októberm. var mjög illviðrasamur og úrkomur fágætl. miklar. Vatnavextir urðu þá svo miklir að menn muna varla meira. Og hey, sem enn var úti frá septemb.mán. og sem voru nærri ám, flæddu burt í stórum stíl. Við Norðurá og víðar. Á nokkrum bæjum hér í grennd varð dálítið hey úti, sakir rigninga. Fé er nú hýst og stundum gefið lítið eitt, og þykir það snemmt hér.

Nóvember 1936

Í nóvemb. hefir verið fremur slæm veðrátta, óstöðug og umhleypingasöm. Fé er alment hýst og gefið, sumstaðar alt að því full gjöf. En því veldur að nokkru leyti heilsuleysi þess.

Desember 1936

Í desemb. var köld og snjóásöm tíð. Hagar eru þó enn svo góðir að flest stóðhross ganga úti. Engir minnisverðir atburðir gerðust í sambandi við veðrið.

Janúar 1937

Janúarm. var fremur snjóásamur. Eftir miðjan mánuð gerði haglaust, svo að taka þurfti öll hross inn. En ekki stóð það lengi. Nokkrum dögum síðar þiðnaði. Jörðin varð flekkótt og

hagar urðu aftur góðir. Þá fraus á ný og jörðin varð svelluð. Hrossunum var slept, þeim sem ekki eru tamin.

Febrúar 1937

Í febr.m. hefir verið harðindas. tíð, snjóasamt og stormasamt. Jörðin er hjarnbarin og svellstorkin og eru því slæmir hagar. Öll hross eru hýst og gefið. Í þessum mán. hefir orðið hvassast síðan ég fór að athuga veður. Þ. 24. og 25. var stormurinn alt að 8-10 vindstig með hörkuskafhríð og 8-10 stiga frosti seinni daginn. Var veðrið því afskaplega vont, en olli þó engum skaða hér, eða í grendinni, það ég veit til.

Marz 1937

Í marsmánuði var stilt og góð veðrátta, sólrík og fögur, en nokkuð köld framan af. Og af því jörðin var svo svelluð og fannbarin, eyddust mikil hey. En í síðustu viku mánaðarins kom „sunnan vindur sólu frá“, sem bræddi ísinn og fannirnir, og eru nú okkar lágu flóar að mestu leyti auðir, en fjallshlíðar og hálsar eru enn flekkótt af snjó og hjarni. Dugleg stóðhross bjarga sér nú sjálf, en tamin hross og sauðfé eru hýst og gefið.

Apríl 1937

Aprílmánuður var mildur og hlýr, og hefir allur vetrarsnjórinn horfið, nema í hálsum og fjöllum sjást skaflar í giljum og lautum. Sumardagurinn fyrsti rann upp sólbjartur og fagur, en um nóttina hafði verið frost, og fraus því saman sumar og vetur, en svo sögðu gamlir menn í mínu ungdæmi, að þá yrði það sumar „gott undir bú“. En síðasta vika mánaðarins var mjög votviðrasöm og er jörðin því mjög blaut, og í morgun (1.5.) var alhvítt af snjó. Sauðfé og tamin hross eru hýst um nætur og gefið.

Maí 1937

Maímánuður byrjaði og endaði með frosti um nætur og snjókomu. Yfirleitt hefir tíðin verið köld og ógróðurvænleg, enda er úthagi lítið farinn að grænka. Tún hafa grænan lit, en sama sem ekkert farin að spretta.

Júní 1937

Júnímánuður hefir verið mjög kaldur og hryssingslegur og allur jarðargróður verið mjög hægfara. Er jörð svo snögg, að í mörg ár hefir ekki annað eins sést á þessum tíma. Eins er mjög lítið farið að spretta í kál- og kartöflugörðum.

Júlí 1937

Fyrstu daga mánaðarins voru kaldir, sérilagi næturnar. Aðfaranótt þ. 4. sýndi lágmarksmælirinn 0,2 stig frost. Eftir það hlýnaði í veðri og grasið tók að spretta. Um miðjan mánuðinn byrjaði alment sláttur hér í grend, sumstaðar fyrr. (Grasspretta er í lakara lagi, en er að batna). Þá var um tíma sæmil. veðrátta, svo að hægt var að þurka hey, en alla síðastliðna viku var þerrilaust og oft nokkur rigning. Aldrei tók svo af heyi að væri snúið flekk. Er því allstaðar úti, meira en vikuheyskapur í ljá og flötum flekkjum. Í dag (1.8.) er súld og rigning og ófært veður til að skemta sér úti.

Ágúst 1937

Allan ágústm. út var samfeld votviðratíð. Einir 3 dagar mánaðarins voru úrkomulausir. Eftir miðjan mánuð voru nokkra daga þurkflæsur, þó með smáskúrum. Var þá víða náð inn nokkru af illa þurri hrakinni töðu. Síðan hefir ekkert náðst inn hér, en mikið úti af töðu og útheyi, fangum(föngum?), sætum, flekkjum og ljá. Engjar eru orðnar dável spröttar, en víðast flóandi í vatni. Háin er illa spröttin.

September 1937

2. september eftir hádegi létti til í lofti og þornaði upp eftir langvinna óþurka. Hélt þerrir með norðanátt næstu 3já daga. Voru þá hirt bæði taða og úthey, það, sem til var laust.

Heyskapur er yfirleitt lítil og hey illa verkuð, sérílagi taðan. Seinasta vika mánaðarins hefir verið köld og votviðrasöm, og í gærkvöldi (30.9.) og í nótt var talsverð snjócoma.

Október 1937

Aðfaranótt fyrsta októb. var frost og snjócoma, en snjóinn tók upp þann sama dag, og var veðráttá fremur mild, en votviðrasöm til þ. 20. Á því tímabili kom aðeins ein frostnótt og 1 dagur alveg úrkomulaus. Eftir það var frost og stílt veðráttá, nema síðustu 3 dagana var blíðuveður, en ofurlítill rigning. Jörðin er alauð og þíð og ganga hross og sauðfé alveg sjálfala.

Nóvember 1937

Í nóvembermán. hefir verið einmunagóð tíð, stílt og mild og hin ákjósanlegasta. Jörð er kalla má auð. Skaflar aðeins í giljum og djúpum lautum. Bílar ganga enn hiklaust milli Borgarness og Sauðárkróks. Hross og fé gengur sjálfala núna, en hefir verið hýst. svo sem vikutíma.

Desember 1937

Í desemb.mánuði hefir verið fádæma góð og mild veðráttá. Engin aftaka veður. Jörðin er alauð og klakalaus, en mjög blaut og vegir eru að verða mjög gljúpir. Vatnavextir eru og nokkrir. Sauðfé er hýst um nætur, en hross ganga alveg úti. Gleðilegt nýár! Þökk fyrir samstarfið á liðna árinu.

Janúar 1938

Þessi mánuður hefir verið sá kaldasti á vetrinum og finst manni eins og að veturinn sé að byrja. Jörð er nú frosin og snæfi þakin, en þó góðir hagar fyrir stóðhross.

Febrúar 1938

Febrúarm. hefir sýnt okkur í veðurfari það blíðasta og stríðasta, sem þessi vetur hefir haft að bjóða. Tíðin hefir verið mjög breyttil. Fyrrihluta mánaðarins setti niður svo mikinn snjó að vegir urðu ófærir fyrir bíla, nema með miklum snjómokstri, þó varð aldrei haglaust. En seinni partinn gerði svo mikla hláku og blíðutíð að manni gat fundist vera komið vor. Tún og úthagi voru greinilega tekin að grænka, og vegir urðu bílfærir til Norðurlands um Holtavörðuheiði. Mun það einsdæmi á þessum tíma árs. Nú er jörðin aftur alhvít, en snjógrunnt enn, en nú í morgun hleður niður snjó og eykst snjórinn því óðum. Flest hross ganga enn alveg úti.

Marz 1938

Marsmán. hefir yfirleitt verið mildur, sérstakl. þá miðbik mánaðarins, fyrsta og síðasta vikan voru dálítið kaldari, og þá snjóaði talsvert. Nú er alhvít jörð og í morgun mældist snjór á sléttri flöt 34 sm.

Apríl 1938

Tíðin hefir verið mjög úrkomusöm og leiðinl., en mild, og er því jarðargróður í besta lagi, og víðast búíð að sleppa öllu frísku sauðfé. Í dag er sólskin og sunnanvindur og hin mesta vorblíða.

Maí 1938

Veðráttá yfirleitt köld og ógróðurvænleg. Túnin eru græn, en mjög snögg. Útjörð er hvítleit yfir að sjá, en þó kominn nægur gróður fyrir hross og frískar kindur. Kýr eru hafðar á tünunum og þá gefið, bæði taða og matur.

Júní 1938

Þessi mánuður hefir skipst í þurktíma og regntíma, en tíðin verið yfirleitt mjög köld. Grasspretta er því léleg og ekki útlit fyrir að sláttur byrji í bráð.

Júlí 1938

Veðráttan yfirleitt köld og vætusöm. Tún og engi illa sprottin. Taðan gulnaði og hraktist á tünunum, en síðustu daga mánaðarins var þerrir, og þá þornaði mikið af því sem laust var. Að

Því leyti skildi júlímánuður vel við heyskapinn. Tvo fyrstu dagana af ág. var líka þerrir og var þá taðan hirt.

Ágúst 1938

Veðráttan yfirleitt góð. Heyskapartíð sæmil. Síðustu dagarnir yndislega sólríkir, en frost um nætur.

September 1938

Septemb.m. hefir verið nokkuð úrkomusamur en yfirleitt hlý og góð veðrátta. Heyskapur var því fremur erfiður, en endaði þó vel að því leyti, að hey hér í grendinni voru hirt inn um fyrstu réttir.

Október 1938

Ágæt veðrátta. Kúm beitt fram undir veturnætur.

Nóvember 1938

Í nóvemberm. hefir verið mild og góð veðrátta, altaf snjólétt, núna mikið til autt.

Desember 1938

Í desemb. var yndisleg tíð fram í síðustu vikuna. Þá kólnaði og snjóaði og var skafhriðarkóf síðustu daga ársins. Það er mjög snjólétt og góðir hagar fyrir hross og fé. Svo óska ég öllum á Veðurstofunni gleðil. nýárs og þakka það liðna.

Janúar 1939

Veðráttan stilt., úrkomulítið og í einu orði sagt, fádæma góð. Hagar nógir fyrir hesta.

Febrúar 1939

Veðrátta hefir verið nokkuð úrkomusöm og stundum dálítið rosaleg, en mild. Mesta frost, 10 stig, aðeins eina nótt.

Marz 1939

Ein og veðurbókin sýnir, hefur marsmánuður verið ómunagóður. Það var aðeins 2 fyrstu dagana af einmánuði að veðrið var vont. Það er líka gamalt mál, að mars og einmánuði komi sjaldan vel saman, en í þetta sinn var það aðeins fyrsta kveðjan, sem var köld. Síðan hefir sambúð þeirra verið hin ástúðlegasta, svo að gamlir menn muna ekki slíka tíð. Jörðin er þíð og auð, þur og þakkl.(?) eins og komið væri fram í maí. Skaflar aðeins í giljum og lautum. Dugleg útigönguhross eru farin að braggast.- Vorfuglarnir komnir. Veður daglega svo yndislegt og þurviðrasamt. Glampanði sólskin og blíðalogn, eða hæg og hlý suðlæg átt.

Apríl 1939

Veðráttan hlý og mild og úrkomulítill. Túnin grænka og gróa svo að daglega sést framför á þeim.

Maí 1939

Maímánuður hefir verið hlýr og yndislegur. Grasspretta svo góð, að menn muna ekki annað eins á þessum tíma.

Júní 1939

Júním. hefir verið indæll, en síðustu vikuna hafa verið kaldar nætur og of litlar vætur fyrir jörð og garða. Jaðrargróðri hefir því ekkert farið fram, grasspretta er samt talin í góðu lagi, sumstaðar ágæt. Sláttur er alment byrjaður.

Júlí 1939

Júlímánuður hefir verið ómunagóður, hlýr og óvanalega þurviðrsamur. Öll úrkoma mánaðarins eru rúmí 15 millim. Heyskapurinn gengur því ágætlega. Allstaðar hér um slóðir

er búið að hirða tún. Víða fyrir löngu síðan. Taðan er góð og mikil. Jörðin var orðin ákaflega þur og þyrsti og víða knapt um neysluvatn. En skúrirnir undanfarna daga hafa bætt úr því.

Ágúst 1939

Ágúst m. hefir yfirleitt verið hlýr, en nokkuð úrkomusamur. Stundum var þá svo kalt um nætur, að hiti var hér aðeins 1 og 2 stig. Heyskapartíð hefir verið með köflum óhagstæð, en nýting þó orðin sæmileg. Tún, úthagi og garðar hafa sprottið ágætlega og er því háarfengur í allra mesta lagi, hér um slóðir.

September 1939

Seftember m. hefir verið hlýr og góður en nokkuð votviðrasamur með köflum.

Október 1939

Október hefir verið ómunagóður, svo hlýr og mildur, og oft yndislegt veður. Nú er jörðin alauð og þíð og þur eins og á sumardaginn. En dagana 22. til 26. var jörðin frosin og flekkótt af snjó. Alla aðra daga mánaðarins hefir hún verið auð og þíð.

Nóvember 1939

Nóvember hefir verið mildur. En það einkenni mest þennan mánuð hvað hann hefir verið þurviðrasamur. Snjór hefir ekki fallið hér niðri í bygðum, nema lítilsháttar föll. Jörðin hefir oftast verið annaðhvort alauð, eða lítið eitt flekkótt af snjó og svellum. Alhvít, aðeins fáa daga í senn.

Desember 1939

Desemb. hefir verið óvenju mildur, en stundum dálítið umhleypingasamur fyrir útigönguhross. Einn sólarhringinn rigndi 40mm. Engir minnisverðir atburðir af völdum veðurs. Ég bið afsökunar á að ég byrjaði skakt á bókinni. Óska öllum á Veðurstofunni gleðilegs nýár og þakka samvinnuna á því liðna.

Janúar 1940

Janúarm. hefir verið mildur eins og hinir vetrarmánuðirnir. Næturfrost hefir orðið hæst 12,5 stig. En næturhiti hefir líka komist upp í 10 st. Úrkomur litlar. Jörðin er núna auð, en frosin og þur.

Febrúar 1940

Fyrri hluti þessa mánaðar var ómunagóður. Jörðin var auð og þíð og karlmenn sögðu að útigangshross væru farin að braggast. En um miðjan mánuðinn kólnaði og þ. 18. byrjaði að snjóa, og hefir síðan snjóað og rignt á víxl og tíð verið yfirleitt slæm.

Marz 1940

Marzmánuður fremur góður og snjóléttur. Þá hefir komið vont veður dag og dag, en engir minnisverðir atburðir af völdum þess.

Apríl 1940

Aprílmánuður var dálítið kaldranalegur á tímabili, en síðasta vikan var einmuna góð. Veturinn kvaddi með 11 st. hita, og sumarið heilsaði með 5 st. hita að morgni, þann dag komst hitinn upp í 10 st. Næturfrost varð hæst 11 st. Hér er jörð nú auð og þíð, en afar blaut. Snjór sést aðeins á fjöllum og í dýpstu lautum. Þess skal getið, að hér framar í Hvítársíðunni, setti niður svo mikinn snjó framan af mánuðinum – að á síðustu 20 árum hefir þar ekki annað eins sést. En nú er hann óðum að hverfa.

Maí 1940

Maímánuður kaldur og votviðrasamur. Jarðargróður mjög rýr, svo að ekki er enn (1.6.) fært að beita kúm, en það er í góðum vorum byrjað frá 10. – 20. maí.

Júní 1940

Júnímánuður hefir verið mjög kaldur, einkum seinnipartur mánaðarins. Aðfaranótt þ. 26. og 27. var frost, svo að inn til dala féll kartöflugras að nokkru leyti. Grasspretta er mjög rýr. Kýr voru láttnar út þ. 4. Gefið fram yfir 20. júní, en meira var það fyrir óveður en gróðurleysi, að svo lengi þurfti að gefa þeim.

Júlí 1940

Júlímánuður hefir verið hlýrri, en sá næsti á undan og hefir því allur jarðargróður tekið framförum, en óþurkar hafa verið svo miklir, að til vandræða horfir með að þurka töðuna, sem liggur hrakin í föngum og flötum flekkjum út um öll tún.

Ágúst 1940

Það sem mest einkennir veðráttu í ágústm. er óþurkur og rigningar. 1/3 mánaðarins hefir verið þurkveður, þó ekki nema 2-3 dagar góður þeirri. 2/3 mán. var úrkoma, en sjaldan stórrigning. Tún voru hirt rétt fyrir mánaðamót og var það mánuði seinna en í fyrra. Taða yfirleitt hrakin og illa verkuð og í minna lagi að vöxtum. Veðráttan var fremur mild.

September 1940

Í septemb. var mjög kaldranleg og vætusöm veðrátta. Aðfaranótt 8. var næturfrost 4 st. Aðfaranótt 15. var næturfrost 3 st. Frusu þá kartöflur í görðum til stórtjóns og er kartöfluuppskera mjög lítil hér um slóðir. Síðast á slættinum kom þurkakafli svo hey náðust inn fyrir réttir. Síðan hefir verið mjög úrkomusamt og er jörðin ákafll. blaut.

Október 1940

Októberm. hefir verið yndislega góður, sér í lagi seinni hlutinn. Tvær síðustu næturnar hefir hitinn komist upp í 10 st. Jörðin er alauð og þíð.

Nóvember 1940

Í nóv. var frekar mild veðrátta, en umhleyppinasöm og lofthiti hefir tekið mjög snöggum breytingum. Jörðin er alhvít, en ágætis hagar fyrir hross og fé.

Desember 1940

Desember svo mildur og góður, sér í lagi seinni hluti mánaðarins, að fáir muna slíka blíðutíð, slíkt jólaveður. Alauð jörð og þíð, en mjög blaut.

Janúar 1941

Yndisleg veðrátta, óvanalega stilt og þurrviðrasöm jörð aðeins fölvuð.

Febrúar 1941

Febrúarmánuður hefir verið mjög þurrviðrasamur, en nokkuð kaldur þó voru nokkrir dagar mjög hlýir, komst þá hiti að deginum upp í 9,5 st. þ. 12. og 13. Tvær nætur varð frostið 19,5 st. Jörð hefir oftast mátt heita snjólaus, bara fölvuð á blettum. Þ. 28. var ofsaveður, en olli ekki tjóni, það ég veit, hér um slóðir.

Marz 1941

Veðráttan mjög mild, þurrviðrasöm og yndisleg.

Apríl 1941

Aprílm. var dásamlega góður, svo mildur og hlýr, stiltur og þurrviðrasamur. Jörðin er tekin að grænka og gróa. Heilbrigðum sauðfénaði er búið að sleppa. Tamin hross eru hýst.

Maí 1941

Maímánuður yndislegur. Grasspretta og garðar líta mjög vel út.

Júní 1941

Ágæt veðráttá, góð grasspretta.

Júlí 1941

Júlímánuður hefir fært okkur, að heita má, hagstæða heyskapartíð. Sólskinsdagar hafa að vísu verið fáir en oft blástur og þurt veður. Aldrei stórviðri.

Ágúst 1941

Ágústmánuður hefir verið ómuna þurviðrasamur og því mjög hagstæður til heyskapar. Um miðbik mánaðarins var stormasamtog kalt. Aðfaranótt þ. 4. komst næturhitinn niður í 0,5 st. Þá er frost í jörð og féll kartöflugras dálítið.

September 1941

Septembarmánuður hefir verið mjög votviðrasamur en ekki kaldur. Hey hröktust seinast á slættinum þarsem ekki var sett í vothey. Kartöfluuppskera var víðast ágæt.

Október 1941

Októberm. hefir verið mildur en úrkomusamur og frostnætur hafa komið.

Nóvember 1941

Í nóv. hefir verið óvanalega mild og góð veðráttá en þó dálítið umhleypingasöm. Jörðin er nú alauð og þíð og tún bera enn grænan lit þar sem skjól er og sólar nýtur.

Desember 1941

Veðráttan í desember hefir verið mild en mjög úrkomusöm og breytileg og því slæm fyrir útigangshross. Í gær var t.d. rigning með 10 st.hita en í gærkvöldi snjócoma með frosti. Jörð var í gær alauð og þíð. Nú er hún snjófölvuð og frosin.

Janúar 1942

Janúarmán. var mjög mildur, en úrkomu- og stormasamur. Jörð er enn snjólaus að kalla og klakalaus, en ekki alveg þíð. Þann 15. geysaði fárviðri svo mikið, að elstu menn hér muna ekki slíkt veður, svo lengi sem það stóð, 6 stundir, látlaus stormur frá kl. 13-19 hér. Gerði þetta veður mikið tjón hér í sveit og víða í héraðinu. Þök fuku af íbúðarhúsum, hlöðum, fjárhúsum og fjósum og heyfúlgur og fl. lauslegt úti við. Símbílanir urðu víða miklar í héraðinu.

Febrúar 1942

Febrúarmán. hefir verið mjög góður og þurviðrasamur. Jörðin er snjólaus, en flekkótt af föli.

Mars 1942

Marsmánuður svo góður, að fáir menn muna slíka blíðutíð. Jörðin er nú auð og þíð og sést ekki svellglotti í laut á láglandi.

Apríl 1942

Aprílmánuður má kallast góður en mjög mmisjafn að hita og fl. Jörðin er auð og þur og byrjuð að grænka. Hér er verið að sleppa fénu, sumstaðar búið að sleppa fyrir löngu, þar sem gætir víðis og skóglendis.

Maí 1942

Maímánuður hefir verið hlýr framanaf, svo grasið gæri mjög ört, en seinni part mánaðarins hefur blásið kaldur norðanvindur með frosti um nætur, og fer gróðri því mjög lítið fram.

Júní 1942

Júnímánuður kaldur og of(t) þurkasamur. Grasspretta því mjög léleg.

Júlí 1942

Júlímánuður hefir verið dásamlega góður. Heyskapurinn hefir því gengið mjög vel. Túnin voru vel sprottin og útengjar eru að verða góðar hér.

Ágúst 1942

Í ág var fremur hagstæð veðráttá til heyskapar, en seinasta vikan nokkuð stormasöm og köld. Aðfaranótt 29. var frost, 0,5 st., þá féll kartöflugras í gördum.

September 1942

Þessi mánuður hefir verið kaldur og úrkomusamur. Heyskapartíð því óhagstæð, og varð endaslepp fyrir þá, er ekki gátu sett í súrhey. Fyrir nokkru er byrjað að gefa kúm, og í dag eru þær alveg inni, vegna snjókomu.

Október 1942

Októb.m. var votviðrasamur framanaf, en þá kaldur. Seinni hluti mánaðarins var kaldur, en þurviðrasamur. Kýr voru alveg teknar inn þ. 3. En það er óvanalega snemt hér í Borgarfirði.

Nóvember 1942

Nóvember hefir verið góður og mildur og úrkomulítill. Jörðin er nú aðeins fölvuð af snjó - flekkótt-. Fé hýst fyrst síðastliðna nótt (aðfaranótt 1.des.)

Desember 1942

Veðráttá hefir verið indæl í desember, þurviðrasöm og mild. Tveir fyrstu dagar mánaðarins og síðasti dagurinn voru kaldastir. Engin minnisverð atvik. Í dag (1.jan.1943) er hríð og kuldi. Jörðin alhvít.

Janúar 1943

Janúarm. hefir verið óvanal. þurviðrasamur. Fyrsta vika mánaðarins var nokkuð köld og gjóstug. Jörðin er flekkótt af föli og dálítið svelluð.

Febrúar 1943

Mjög slæm veðráttá, ýmist rok og rigning eða frost og snjókoma. Þó engin minnisverð atvik hér eða í grendinni.

Marz 1943

Fyrri hluti mánaðarins var mjög umhleypungasamur og leið útigangshrossum oft illa, en seinnipart mánaðarins gerði yndislega tíð, svo að jörðin varð næstum því auð og þíð. Seinustu tvo dagana var frost og kuldi.

Apríl 1943

Apríl mánuður hefir verið úrkomu- og umhleypingasamur, kaldur og leiðinlegur. Fé og öll hross, sem inni hafa verið, eru enn á gjöf. Jörðin er mjög blaut, hvergi grær, nema aðeins í hlaðvarpa. Í dag (2.5.) er vont veður. Skiptast á hagléf, slydda og regnskúrir.

Maí 1943

Maím. var ákaflega kaldur fram yfir miðju. Seinni hlutinn var góður og þurviðrasamur, en gróður er mjög lítill. Hér voru kartöflur settar 31.maí og 1.júní en víða hér í grendinni, nær fjöllumum, er ekki farið að setja enn. Gulrófufraei ósáð hér.

Júní 1943

Fyrri hluti júním. var kaldur með frosti um nætur. Seinnihlutinn var hlýr og hefur jörðin sprottið mikið. Gulrófufraei sáð hér um miðjan mánuðinn. Kúm er gefið hér til 27. júní.

Júlí 1943

Júlí mánuður var þurviðrasamur en oft kaldur, sér í lagi var næturkuldi svo mikill að kartöflugras er talsvert mikið fallið. Heyskapartíð er sæmilega góð og næst taðan inn græn og vel verkuð.

Ágúst 1943

Ágústm. var óvanalega þurviðrasamur, en kaldur og stormasamur. Kartöflugras er alveg fallið. Kartöfluspretta er mjög rýr. Heyskapur hefir gengið vel, en víðast eru engjar illa sprottnar.

September 1943

Septembarm. var mjög votviðrasamur og kaldur. Heyskapur varð því endasleppur. Víða er enn úti hey. Sumsstaðar er að nokkru leyti enn ótekið uppúr kartöflugörðum vegna heyanna, þegar fært var veður áður en kaupafólk fór. Aðeins 5 dagar mánaðarins voru úrkomulausir.

Október 1943

Fyrri hluti októberm. var úrkomusamur og kaldur, en seinni parturinn þurviðrasamur og frekar mildur. Kýr voru teknar inn fyrir miðjan mánuð. Kartöflugrös eyðilögðust víða í görðum af frosti. Kartöfluuppskeran varð mjög rýr. Gulrófur spruttu líka illa.

Nóvember 1943

Nóvemb. hefir verið mjög umhleypungasamur, en snjóléttur. Jörð má heita snjólaus. Fé gengur sjálfala enn.

Desember 1943

Desember var mildur og snjóléttur. Ær voru teknar inn þ. 22., en lömb nokkru fyr. Eftir það var fremur slæm tíð, suðvestan snjókoma og rigning.

Janúar 1944

Janúarmán. var slæmur, sífeldar snjókomur og rigningar, frost og stormar. Nú er meiri snjór hér, en komið hefir um nokkurra ára skeið.

Febrúar 1944

Febrúarm. var mjög umhleypingasamur, og slæm veðráttu til þ. 20. Eftir það var góð tíð. Jörðin er nú alhvít, en þó mjög snjólétt, en nokkuð svelluð.

Marz 1944

Marzmánuður var yfirleitt góður og þurviðrasamur. Jörð mikið til auð.

Apríl 1944

Aprílm. var mildur, og má kallast mjög góður. Hlaðvarpar orðnir grænir.

Maí 1944

Maímánuður var mjög kaldur fram yfir þ. 13. Aðfaranótt þess dags setti niður snjó, svo mikinn, að hýsa þurfti fé. Lá snjórinn í nokkra daga. Seinni partur mánaðarins var mjög góður. Nú er jörð óðum að grænka og gróa. Í dag (1.júní) voru kýr látnar fyrst út og nú er hér verið að setja kartöflur í garða.

Júní 1944

Júnímánuður hefir verið mjög þurviðrasamur og stundum kaldur. Seinustu dagarnir hafa verið yndislega góðir, en jörðina vantar vatn, og grasspretta er ekki góð. Veðrið er dásamlega gott í dag (2.júlí)

Júlí 1944

Júlímánuður var indæll að veðurfari. Dagarnir 20. og 21. voru heitastir, þá var of heitt fyrir fólkið, sem vinnur úti. Það var mjög þvingað af hita og sumir brunnu mjög af sólarhitnum. Heyskapurinn hefir gengið ágætlega, en tún eru ekki vel sprottin.

Ágúst 1944

Ágústmán. var nokkuð votviðrasamur, en þó komu þurkakaflar á milli, svo hey hafa náðst. Heyskapur yfirleitt góður eftir mannafla, sem víðast er mjög lítill.

September 1944

Seftemb. var votviðrasamur, en þó sjaldan stórfeld væta. Síðasti heyskapurinn hér um slóðir náðist í mánaðarlokin. Var það hey lengi búið að hrekjast. Kartöflu og gulrófuuppskera var yfirleitt góð og náðust kartöflur upp ófrosnar, en það hefir ekki skeð í mörg ár.

Október 1944

Október var umhleyppingasamur. Oft skiptist á snjócoma og rigning, rok og kuldi. Kyr voru alveg teknar inn í byrjun mánaðarins. Í dag (2.11.) er dimmviðri og snjócoma. Jörðin er þíð, en hulin snjóföli.

Nóvember 1944

Nóvembermánuður var mjög misjafn að veðurfari, snemma í mánuðinum setti niður svo mikinn snjó í Hvítársíðu, að haglaust varð víða fyrir sauðfé, um tíma, en snjóinn tók upp aftur og allir slepptu fé sínu. Varð þá mild og góð veðráttá fram undir mánaðarlok að aftur tók að snjóa og fé er nú hýst á ný.

Desember 1944

Desembermánuður var fremur mildur og úrkomulítill. Veðráttan yfirleitt sémilega góð.

Janúar 1945

Janúarm. var yfirleitt góður að veðurfari, þurviðrasamur og stiltur, en nokkuð frostharður. Seinustu dagarnir voru yndislega góðir. Snjólétt er og hagar góðir. Flest hross ganga úti enn, og eru talin að vera í ágætum holdum.

Febrúar 1945

Febrúarm. var ágætur fram yfir þann 20. En síðan hefir eiginl. altaf verið snjócoma. Snjór er nú svo mikill, að ekki er fært milli bæja með hestvagn. Því síður er bílfært. Mjólkurflutingar hafa því víða stöðvast inn til dalanna nú um tíma. Vegurinn frá Borgarnesi til Reykholts er svo kaffentur, að mjólkurbílarirnir voru í gær allan daginn að komast þessa leið, frá því snemma um morguninn, til kl. 5 í nótt að þeir komust niður eftir aftur. Flokkur manna fór á undan og mokaði veginn. Hér eru enn hagar fyrir hross.

Marz 1945

Marzmánuður var ágætur að veðurfari. Febrúarsnjóinn tók hratt upp og get ég ekki talið að síðan hafi komið snjór úr lofti. Nú er auð jörð, sólskin og sumarblíða, og því dásamlegt veður, og svona hefir það verið marga daga marzmánaðar.

Apríl 1945

Indæl veðráttá, alauð tún og úthagi tekinn að grænka. Túnávinnsla byrjuð. Sumsstaðar langt komin. Sauðfé sleppt hér 23. apríl. Víða löngu fyrr.

Maí 1945

Veðráttan mjög köld. Tún og úthagi gróa lítið. Um miðjan mánuðinn var frost og snjócoma, svo að jörð var alhvít hér niður í byggð. Til fjalla var þá mikill snjór. Bílar tepptust á heiðum. Kyr hafa enn enga haga. Sumsstaðar eeruu þær láttnar út, en gefin full gjöf.

Júní 1945

Fyrri hluti þessa mánaðar var þurviðrasamur og kaldur fyrir grassprettuna, en seinnipartinn rigndi nægjanlega mikið. Þá hlýnaðði líka í lofti, og nú þýtur upp grasið.

Júlí 1945

Júlímánuður var fremur þurviðrasamur þar til síðustu vikuna, þá hefir verið sífeld úrkoma, ýmist þokusúld eða rigning. Hér í grend byrjaði sláttur yfirleitt fyrripart mánaðarins, og hefir nýting töðunnar verið mjög góð þartil nú, að víðast er mikið úti, í ljá, föngum og sætum. Tún eru sæmilega vel spröttin.

Ágúst 1945

Úrkomukaflinn, sem júlím. endaði á, hélst langt fram í ágúst. Taðan varð víða hálfónýt. Síðasta vika mánaðarins var dálítið hagstæð, svo hey hafa þornað og náðst inn. Víða var dregið að slá véltæk stykki í túnnum, meðan óþurkurinn var. Taðan af þeim stykkjum er nú uppsett að mestu leyti. „Nú er sólskin og sunnan vindur“, og þornar í dag, það síðasta af töðunni hér.

September 1945

Septemb. var mjög úrkomusamur og þar af leiðandi erfiður, en mildur. Hey hafa náðst inn. Kartöfluuppskera var sæmileg, en gulrófur eru víð rýrar og trénaðar. Kálmaðkur hefir líka víða gert vart við sig. Kýr ganga enn úti, án heygjafar að heita má.

Október 1945

Októb. hefir verið dásaml. góður og mildur. Jörðin er auð og þíð, en farin að blikna. Nýlega er hætt að beita kúm.

Nóvember 1945

Nóvemb. var einmuna góður, svo mildur að fáir eða engir muna slíka tíð. Þar sem skjóla gætti, óx illgresi, og þ. 18. fundust nýútsprungnar sóleyjar á túninu hér. En síðustu daga mánaðarins fór að frysta og snjóaði þá svo mikið að fé og hross fennti til dauðs. Núna er mikill snjór hér en þó góðir hagar, en innar í Síðunni er mjög heylítið fyrir fé.

Desember 1945

Desember var ágætur að veðurfari, mildur og stiltur, úrkomulítill, sér í lagi seinni hlutinn. Nú má heita alauð jörð. Snjór aðeins í lægðum.

Janúar og Febrúar 1946

Janúar og Febrúar voru góðir að veðurfari, stilt og úrkomulítill tíð. Engir minnisverðir atburðir hér, þó á sjónum gerðist sá mikli mannskaði þann 9. þ.m. Jörðin er snjólítill, bara hvít af föli.

Marz 1946

Í Marzmánuði var yndisleg tíð, stilt, mild og þurviðrasöm, þangað til seinustu vikuna, þá var votviðra- og umhleypingasamt, enda voru þá Marz og einmánuður komnir í bandalag, og þá er ekki á góðu von, er þeir fara báðir með völd samtímis, segir gamalt mál. Jörðin er nú auð og þíð, en ákaflega blaut. Útigangshross eru talin vera í ágætum holdum.

Apríl 1946

Aprílm. mjög umhleypingasamur, ýmist snjókoma eða rigning. Jörðin er afar blaut en auð. Fé enn hýst hér.

Maí 1946

Maímáður ágætur að veðurfari. Gróður í góðu meðallagi. En núna er heljar kuldi og norðan rok. Frost um nætur.

Júní 1946

Júnímánuður þurviðrasamur og kaldranalegur, jarðargróður rýr.

Júlí 1946

Meirihluti júlímánaðar var ágætur. Heyskapur gengur því yfirleitt vel

Ágúst 1946

Dásamleg veðráttá. Yndislegt að heyja.

September 1946

Veðráttá yfirleitt góð. Hey náðust inn eftir hendi og víðast alhírt fyrir réttir. Kartöfluuppskera er misjöfn. Gulrófur eru líka misjafnar. Víða rýrar og maðkétnar.

Október 1946

Októberm. var óvanalega mildur og yndislegur til þ. 20. Eftir það kom aðeins 1 dagur þur. Fyrst rigndi í logni og síðast var rok og rigning í 2 daga, Svo allt fór á flot og ekki var stætt við nokkurt verk.

Nóvember 1946

Fyrrihluti mánaðarins var mjög úrkomusamur, en frost og þurviðri seinni partinn. Yfirleitt var tíðin mjög góð. Jörðin er snjólaus og fé gengur sjálfala enn.

Desember 1946

Desember var einmuna góður og mildur. Ær var byrjað að hýsa rétt fyrir jól, en lömb nokkru áður. Allan mánuðinn voru vegir bílfærir milli Reykjavíkur og Akureyrar. Hér er jörð ennþá mjög snjólétt.

Janúar 1947

Janúarmánuður var mildur og góður, en nokkuð úrkomusamur, þó aldrei stórrigning eða mikil snjókoma. Jörð er nú snjólítill og klakalaus.

Febrúar 1947

Nú er vetrarríki. Mikill snjór. Mjög litlir hagar. Öllum hrossum gefið. Það er frost og kuldi daglega, en glampanði sól og fagurt veður, oft nokkuð hvasst. Við, sem vindrafstöð höfum, köllum að sé góður hleðsluvindur og höfum þá yndislega björt rafljós, þá við vildum láta þau loga allan sólarhringinn.

Marz 1947

Í Marzmánuði var veðráttá yfirleitt góð, en snjór svo mikill, að varla er um jörðina fært. Alla mjólk verður að flytja á klökkum óravegu þaðan, sem lengst er, þangað sem bíllinn kemst. Vegarútur halda aðalbílleidunum færum, og mörgum sinnum hafa þær verið settar á dalavegina, en brátt hefir skafið í förin hennar aftur og allt ófært á ný. Hagar eru mjög litlir. Öll hross eru á gjöf.

Apríl 1947

Í Aprílmánuði var veðráttá fremur köld, en þurviðrasöm. Fram yfir miðjan mánuð var feikna mikill snjór og haglítið, en nú er hann að mestu farinn, nema stórfannir í lægðum og giljum. Nú virðist vorið vera komið, þó ekki hlýtt, en frostlaust í nótt, rigning og hláka í dag.

Maí 1947

Maímánuður var mjög góður og mildur og þurviðrasamur. tún eru græn og farin að spretta. Úthagi er að grænka. Kýr láttnar út fyrst í dag (1. Júní). Víðast búið að setja í garða.

Júní 1947

Júním. var góður og mildur framanaf en frekar leiðinl. og votviðrasöm tíð seinni partinn. Tún eru orðin vel sprottin. Í dag (7. Júlí) er rok og kuldi, og tæplega við verk verandi.

Júlí 1947

Júlímánuður var allur votviðrasamur, nema dagarnir, sem Snorrahátiðin stóð, þá var yndisleg tíð og allt lék í lyndi. Heyskapartíð er mjög óhagstæð og eiga flestir mikið úti af hrakinni töðu.

Ágúst 1947

Ágústmánuður var mjög erfiður og óhagstæður fyrir heyskapinn. Taðan hraktist vikum saman. En að síðustu kom flæsa svo að margir hauguðu upp í sæti illa þurri töðunni.

September 1947

Það sem af er September (þetta er skrifað þ. 5.) hefir verið þurkur og yndislegt veður og hafa nú allir þurkað og hirt inn alt sem búið var að slá fyrir mánaðamót. September var mjög erfiður vegna votviðris og snjóa. Þ. 28. setti niður snjó svo að jörð varð alhvít og kýr voru teknar inn einn sólarhring. Þá tók snjóinn upp aftur á láglandi. Næturfrost er 4-6 stig, svo hætt er við að kartöflur skemmist í gördum, því víða er ekki búið að taka upp. Hey er sumstaðar úti.

Október 1947

Októbermánuður var mjög vætusamur þar til seinustu vikuna. Hún var dásamlega góð. Þá þornaði jörðin og vegirnir, og þeir sem hey áttu úti, gátu þurkað það og náð því inn. Næturfrost sem var í endir September tók fljótt enda og náðu víst allir upp úr gördum kartöflum sínum lítið skemdum.

Nóvember 1947

Nóvembermán. var sérstakl. þurviðrasamur og yfirleitt ágætur að veðurfari. Jörð er hér snjólaus, aðeins orðin flekkótt af föli. Fé gengur sjálfala úti og öll hross.

Desember 1947

Veðráttan yfirleitt mild og góð fram yfir jól. Síðan hefir verið kalt og hvast, en úrkomulítið. Fé gekk sjálfala framundir jól, síðan er það hýst um nætur, en beitt að deginum því jörð er að heita má snjólaus.

Janúar 1948

Veðráttan þurviðrasöm og mild og mjög góð. Jörð snjólaus, en dálítið svelluð. Flest hross ganga sjálfala.

Febrúar 1948

Fyrsta febr. gerði svo mikið fárviðri í Reykholtsdal, að mikið tjón varð að. Á Sturlureykjum fuku 4 gróðurhús að miklu leyti, þar af eitt alveg. Þar fuk og þak af fundarhúsi hreppsins, rúður úr íbúðarhúsinu, girðingar og fl. Rúðurnar brotnuðu þannig, að grjót tættist upp af veginum heim að húsinu, hnefastórir steinar- og kastaðist með miklu afli gegnum gluggann, að það molnaði úr steinvegg móti glugganum. Víðar úr dalnum fuk mikið gler, og þök af útihúsum, og fuk eitt þeirra á símaþræði, svo að sambandslaust varð við Reykholt og alla bæi á þeirri línu. Hér í Hvítársíðu varð veðrið mikið hægra og gerði hvergi tjón, nema á einum bæ, neðsta bænum, þar fuk geymsluskáli-Braggi- sem var illa um búinn. Þetta var um kvöldið. Stóð veðrið um 2 kl.stundir. Að kvöldi þ. 10. var líka mikið rok, en litlar skemdir urðu þá. Að öðru leyti hefir tíðin verið ágætlega mild, en nokkuð úrkomusöm, þó ekki stórkostlega. Jörðin er auð og þíð, nema í hálsnum og fjöllum er hún flekkótt af snjó. Hross ganga sjálfala.

Marz 1948

Marzmánuður var mildur en votviðrasamur -umhleypingar-. Síðasta vikan var yndislega góð. Hiti frá 3-15 st. og frostlaust um nætur, nema síðustu nóttina var 2,5 st. frost. Túnin voru farin að grænka þar, sem skjól var. Í dag(1.4.) er kalt og hvast á norðaustan. Jörðin þur og frosin, en snjólaus nema í djúpum lægðum. Þar eru enn skaflar.

Apríl 1948

Nú er frost á Fróni, en mjög hefir tíð verið misjöfn þennan mánuð, stundum dásamlega hlýtt og gott veður með 15 st. hita að degi og 8st. að nóttu, en hinn tímann frosti og norðanepju. Bliknaði þá sá gróður, er gréri á hitatímanum. Nú er jörðin gaddfrosin, flekkótt af snjó og hvít og skinin á milli. Fé er enn hýst og gefið.

Maí 1948

Í Maí var köld og þurviðrasöm tíð, og er því mjög lítill gróður kominn. Hér um slóðir er víða verið að setja í garða og víða nýbúið. Kýr hafa enn ekki verið láttnar út.

Júní 1948

Júnímánuður hefir verið mjög kaldur. En nú er vorið komið með gróandi grundir, þó hægt fari nú gróðurinn enn. Þ. 20. var hætt að gefa kúnum hey hér, en matargjöf hafa þærr enn.

Júlí 1948

Júlímánuður var yndislegur að veðurfari, þurviðrasamur og hlýr. Heyskapur gengur því mjög ákjósanlega. Tún eru allvel sprottin, og nú er langt komið að slá þau og hirða inn töðuna, sem öll þornar jafnóðum, græn og góð.

Ágúst 1948

Indæl tíð, ágætur heyskapur. En síðasta vika mánaðarins hefir verið vætusöm og er því dálítið hey úti enn.

September 1948

Septemb. var þurviðrasamur, en stundum nokkuð kaldur. Hey var hirt inn snemma í mánuðinum. Kartöflur náðust upp í þurru og góðu veðri, og var uppþskera í meðallagi. Sumsstaðar var mikill vatnsskortur til stórþæginda, en í dag er mikil rigning og rætist vonandi úr vatnsleysinu.

Október 1948

Októberm. var þurviðrasamur, en stundum nokkuð kaldur. Kýr voru teknar inn hér þ. 13. og er það fyr, en oft hefir verið. Nú er auð jörð á láglandi, en hvítt til fjalla niður í miðjar hlíðar.

Nóvember 1948

Það má heita að nóvembermán. hafi verið ágætur að veðurfari. Nú er fól á jörð, aðeins til bóta, segja fjármennirnir. Fé gengur sjálfala, lömb og fullorðið.

Desember 1948

Ekkert yfirlit var skifað fyrir desember.

Janúar 1949

Janúarmánuður var mjög slæmur í veðurfari, sífeldir rosar, snjókomur og rigning á víxl, eða skúrir og él. Varð hér óvanalega mikill snjór og óvanalega lengi, sem hann lá, því hér liggur sjaldan til lengdar mikill snjór. Í fyrrinótt brá til hláku, og hefir í gær og í dag þiðnað mikið. Leysingarlækir falla nú fram í skurðum og lækjum. Krap, snjór og svell hylja nú meiri hluta jarðar, en auðu hnottarnir eru í minni hluta, þó stækka þeir óðum. Þessi hláka var mjög kærkomin, því hagar voru orðnir mjög lélegir fyrir hross, sem lifa á útigangi, en það er nú því miður hlutskifti þeirra, alltof margra. Eina líknin var, að frosthörkur vöruðu aldrei lengi, en oft var þó voðalega kalt.

Febrúar 1949

Febrúarmánuður hefir verið slæmur að veðurfari, nema fyrsta vikan, þá var hláka og janúarsnjórinn hvarf að mestu. Síðan hefir veriðð afleit tíð, sérstaklega nú upp á síðkastið, ýmist suðvestan éljagangur, eða norðan snjócoma og skafrenningur. Snjór er nú meiri en verið hefir um mörg ár, og vegir víðast ófærir bílum. Hér er þó enn hagi fyrir dugleg hross.

Marz 1949

Marzmánuður þótti frekar erfiður og umhleyppingasamur að veðurfari. Jörð var lengi alhvít og vegir illfærir og alveg ófærir inn til dala. Nú er tíðin mildari og betri, og jörðin að meirihluta að hér neðra, en frammi í Síðunni, nær fjöllunum, er snjórinn mikið meiri.

Apríl 1949

Aprílmánuður var svo slæmur að veðurfari, að elstu menn muna ekki slíka tíð og snjóþyngsli svo lengi. Sauðfé, og þau hross, sem hýst hafa verið, eru enn á gjöf, sem um hávetur væri, slíkt er fágætt með sauðfé í Borgarfirði. Nú er suðaustan stinningskaldi og rigning, og vekur það von heysnaðra manna, um að vor og sumarveðrátt sé í aðsigi, en sem stendur er veðrið mjög vont, og útigangshrossum líður þá mjög illa.

Maí 1949

Maímánuður var nístandi kaldur og bætti lítið upp fyrirrennara sinn, aprílmánuð. Samt er hér á láglandi að kalla má að jörð, en lítið grær fyrir skepnurnar. Víðast er allt fé hýst og gefinn mikill matur, og þar sem hey er til, er það líka gefið. Sauðburður er langt kominn. Í hlaðvarpa sést aðeins grænn litur. Heyleysi er víða, en einstöku bóndi er svo heybirgur að geta hjálpað þeim nauðstöddu. Nú er verið að binda hey í Kalmanst. og víðar, til að senda vestur á land og norður á Siglufjörð. Gamlir menn muna ekki slíka tíð hér. Á fjöllum og hásum eru miklar fannapiljur, en þær minnka fljótt, ef þíða helst og sólfar. Í dag var hitinn 10,8 stig og í kvöld komu fyrstu regndroparnir, en lítið varð af því hér sem betur fer, því nú á meirihluta kinda að liggja úti hér í nótt í fyrsta sinn síðan í byrjun desember í vetur.

Júní 1949

Júnímánuður bætti úr neyðinni, sem ríkti í byggðum landsins, er maímánuður kvaddi. Seinni hluta mánaðarins spratt ótrúlega mikið, enda var eins og hitabylgja gengi hér yfir nokkra daga, með 20-23ja st. hita. Sláttur mun byrja nokkru seinna en vanalega. Kýr voru láttnar út hér yfirleitt um miðjan mánuðinn, og hefir verið gefinn matur og hey til skamms tíma.

Júlí 1949

Nú er öll jörð vafiin grasi. Tún fara að spretta úr sér. Óþurkar miklir, og það sem búið er að slá, er orðið gult og hrakið. Heyskapur er því ekki glæsilegur. Engin tugga komin inn og það lítið sem sett hefir verið er orðið blautt af regni, en í dag er sólskin og austankaldi og því góður þerrir.

Ágúst 1949

Ágæt heyskapartíð til 18. í mánuðinum. Síðan hefir ekkert strá þornað. Meirihluti töðunnar er komið inn með sæmilegri verkun, en mikið er úti í sætum og flötum flekkjum. Einnig mikið úthey. Í dag var illveður. Kýr inni meirihluta dagsins og gefið hey.

September 1949

Heyskapartíð var mjög erfið. Sumstaðar er hey úti enn og kartöflur niðri í gördum, Víða er kartöfluuppskera mjög rýr. Heyskapur er einnig talinn minni en í meðallagi.

Október 1949

Október var góður að veðurfari, sérstaklega seinni hlutinn. Þá var svo þurviðrasamt. Öll hey náðust inn, og rófur og kartöflur upp úr gördum. Í dag (1.nóv.) er óslitn rigning. Jörð er að og þíð, en mjög blaut.

Nóvember 1949

Nóvemb.m. var fádæma góður, mild veðrátt og úrkomulítill. Að jörð fram í síðustu viku. Fé gengur enn sjálfala, en jörðin er hvít yfir að sjá af lausamjöll.

Desember 1949

Desembermánuður var þurviðrasamur, mildur og yndislega góður. Jörðin er auð og þíð á láglandi en nokkrir skaflar til fjalla.

Janúar 1950

Janúarmánuður var mildin sjálf, og líkari því, að komið væri fram í apríl en aðeins í janúar. Engin minnisverð atvik hér, eða í grendinni, sem ég veit um, en sjóslysirn eru voðaleg, sem ofviðrin hafa valdið. Allt láglandi er autt yfir að sjá, en stöku skaflar í lægðum. Hálsar og fjöll flekkótt af snjó. Jörðin lítið freðin.

Febrúar 1950

Febrúarmánuður var mildur, en umhleypingasamur og stormasamur. Jörðin er auð að mestu, aðeins flekkótt af grunnum snjó. Hross ganga flest sjálfala.

Marz 1950

Marzmánuður ágætur. Enginn leyfir sér að segja annað. og þá er virkilega góð tíð. Jörðin er alauð, en ákaflega blaut á láglandi. Skaflar á stöku stað í fjöllum. Hross ganga alveg úti, þau sem ekki eru notuð.

Apríl 1950

Vorið er komið, en við sjáum þess ekki merki, hvað veður og útlit á jörð snertir. Það er norðaustan átt með snjókomu, en frostlaust á mæli. Jörðin er meira en helmingi hvít af snjó. Sumarið heilsaði með kulda og snjókomu. Síðan hefir alltaf verið kalt og þurt og sést varla grænka á hlaðvarpa, en fram að sumarmálum var tíðin indæl, og væntu allir að vorið kæmi „með vori“, en í þess stað, var einsog vetur væri að byrja.

Maí 1950

Maímánuður var frekar kaldur og greri jörð lítið framyfir miðjan mánuð, sakir kulda og þurka, en nú er væta og þá grænkar fljótt. Það er verið að byrja að láta kýr út, en þær hafa ekkert utantúns, og er því ekki um fódursparnað að ræða við þá beit ennþá en brátt grær ef tíð helst góð.

Júní 1950

Júnímánuður var gróðursæll framanaft, en eftir þ. 17. voru sífeldir þurkar, rok og kuldar og hefir því mjög lítið sprottið síðan. Óvíða er byrjaður sláttur nema á smáblettum kringum bæi eða á nýrækt. Kýr eru nú um tíma gjafalausar og mjólka dável.

Júlí 1950

Ekkert yfirlit var skrifað í júlí.

Ágúst 1950

Ágústmánuður var oft hlýr og góður og þurviðrasamur. Stundum komu þó vætukafar og stormar svo óþægilegt var að þurka hey. Taðan náðist þó með sæmilegri verkun. Víða er hætt heyskap og aðrir eru að hætta því nú eru leitir ½ mánuði fyrr en venjulega vegna niðurskurðarins og fjárskiftana.

September 1950

Veðurfar ágætt. Engin minnisverð atvik hér. Garðauppskera mjög góð. Heyskaparlok voru góð, einsog sumarið var hér í heild.

Október 1950

Október var ágætur að veðurfari, sérstakl. seinustu dagarnir. Jörð er auð og þíð, og veður blítt og kyrt einsog um vor. Sumstaðar er kúm beitt enn, stundarkorn daglega og þykir spara hey.

Nóvember 1950

Nóvember var ágætur þar til síðustu dagana. Þ. 27. í mán. verður jörð fyrst „alhvít“. Þangað til var hún auð, eða aðeins flekkótt. En dagarnir þar á eftir voru frekar slæmir og að kvöldi þ. 30. gerði aftakaveður með frosti og snjókomu, en hér stóð það frekar stutt. Nú er hér talsverður snjór en bílvegir allir opnir. Símaslit, sem urðu svo tíð í þ. mán. voru af völdum heyflutninga handa bændum á óþurkasvæðum. Bílhössin voru svo há, að þau ráku sig uppundir símavírana, þar sem vegurinn er undir þeim, og slitu þá.

Desember 1950

Í desember er veðráttan talin sæmilega góð hér. Þá var stundum mjög kalt. Um jólin var orðið dásamlega gott, en seinustu dagar ársins voru mjög kaldir og á Nýársdag hríðarveður. Jörð er alhvít, en ekki mikill snjór. Þá eru smáhöft á Hvítársíðuveginum, svo að mjólkurbílar komast ekki nema stutt frameftir.

Janúar 1951

Janúarmánuður var umhleypingasamur og snjóasamur. Jörð er nú talsvert snjópung og víða slæmt á högum fyrir hross og þau því sumstaðar komin mörg á gjöf.

Febrúar 1951

Febrúarm. var umhleypingasamur og stormasamur, en engar skemmdir eða slys hafa þó orðið af völdum veðurs. Í gær var mikil hláka og minkaði þá mikið snjór og svell, svo nú er minna en helmingur jarðar hulinn snjó og svellum. Vatnsskortur hefir sumstaðar plagað fólk sakir frosta og þurviðra, er það einkum fram til fjallanna. Á þeim bæjum er meira frost og klaki.

Marz 1951

Marzmánuður hefir verið óvanalega þurviðrasamur. Öll úrkoma mánaðarins var ekki meiri en oft kemur fyrir á einu dægri. Vatnsskortur er víða tilfinnanlegur og þarf á sumum bæjum að sækja vatn langar leiðir. Jörð er nú frosin og að mestu hulin snjó og ísum.

Apríl 1951

„Nú er sólskin og sunnanvindur“. Vorið er komið með dásamlega veðurblíðu. Fuglarnir kvaka, ár og lækir niða. Jörðin er hér auð yfir að sjá, en þó skaflar á stöku stöðum, þar sem þeir áður voru dýpstir. Þetta er unaðslegur morgunn. Í gær varð hitinn 15,5 st. Hey er daglega flutt úr sveitinni og víðar úr héraðinu, sem á að fara norður og austur. Vonandi bjargast allt af, fyrst vorið er komið. Annars var mánuðurinn kaldur og þurviðrasamur. Mæld úrkoma mánaðarins var 2,4 mm.

Maí 1951

Maímánuður var dásamlega góður og þurviðrasamur, vorbatinn varð mjög hagstæður, en gróður jarðar fer hægt að, því væta er svo lítil. Tún eru orðin græn, en lítið sprottin og dálítið kalin. Öll úrkoma mánaðarins var 10,9 mm. Ekki farið að láta kýr út.

Júní 1951

Júnímánuður var bjartur og fagur en grasspretta fór mjög hægt vegna kulda og of mikilla þurka. Þann 11. rigndi mikið og um nóttina eftir varð alhvítt af snjó. Tún og útjörð eru illa sprottin og verður sláttur ekki hafin fyrst um sinn.

Júlí 1951

Júlímánuður var sæmilega góður að veurfari, en gróður jarðar varð ekki æskilega mikill. Sláttur byrjaði fyrir alvöru seinnipart mánaðarins og voru hér þurkleysur framundir mánaðamót, en ágústmánuður hefir verið dásamlega góður. Taðan þornað eftir hendinni. Tún alhirt fyrir nokkru síðan (þetta er skrifað 20.ág.) og engjaskláttur hafinn, en töðufengur er yfirleitt mjög rýr og engjar illa sprottnar.

Ágúst 1951

Í ágústmánuði var ágæt heyskapartíð, frá upphafi til enda. Taða og útthey þornuðu eftir hendinni og náðust græn og þur í garða og hlöður.

September 1951

Septembarmánuður var ómunagóður og mildur. Uppskera úr görðum var rýr, en náðist ófrosin, því enn hefir ekki komið frost, utan ein nótt og var frost þá aðeins $-0,9$ st.

Október 1951

Október var mildur og góður en rigningasamur um tíma, og fögnuðu þeir því, sem vatnsskortur herjaði á, bæði í fyrravetur og í sumar.

Nóvember 1951

Nóvembarmánuður var mildur og þurviðrasamur. Jörð mjög snjólítill. En í dag (4.12.) er blindhríð.

Desember 1951

Desember var góður fram undir jól. Þá fór að snjóa og hefir snjócoma haldist síðan við og við, oftast í logni, svo snjór er jafn yfir allt að kalla má, þar til í gærkvöldi (1.1. '52), að byrjaði að skafa, svo nú aðeins vottar fyrir grynningum á melum og móum.

Janúar 1952

Janúarmánuður var einn sá erfiðasti sem menn muna, mikar snjókomur og aftaka rok, sem hafa valdið slysum og tjóni á sjó og landi. Hér í grendinni urðu sama og engar skemmdir í mikla rokinu þ. 5. Fuku aðeins nokkrar járnplötur af þökum.

Febrúar 1952

Febrúar var sá mesti votviðramánuður, sem ég man, svo það má segja að á ýmsu gangi þennan vetur síðan á nýári. Þ. 18., 19. og 20. varð úrkoma svo mikil og vatnavextir, að menn muna ekki annað eins. Olli það miklu tjóni á vegum og síma. Staurar brotnuðu og varð ekki við gert fyrr en flóðin sjötenu niður. Við vorum símalaus til Borgarness tæpa 2 sólarhringa, frá kl. rúmlega 17 þ. 19. til kl. tæpl. 16 þ. 21., höfðum þá 7 veðurskeyti ósend eins og bókin ber með sér. Brýr brotnuðu af læk og síki, svo mjólkurbíllinn komst ekki nema fram undir næsta bæ hér fyrir framan. Hvítársíða var því öll þar fyrir framan samgöngulaus nokkra daga, þar til hægt var að gera við þessar brýr. Nú (4.3.) er norðan skafrenningur með heljarkulda.

Marz 1952

Marzmánuður var indæll, nema fyrstu 9 dagana, þá var rok og kuldi. Eftir það var mild og þurviðrasöm veðráttu, og jörð er að mestu auð á láglandi.

Apríl 1952

Í aprílmánuði var ágæt veðráttu. Jörð er alauð í byggð og byrjuð að grænka.

Maí 1952

Maímánuður var indæll að veðurfari þartil kom fram í seinustu vikuna, þá var norðan kaldri með frosti um $-2,0$ st. Tún eru græn en lítið sprottin, útjörð hvít og gróðurlítill.

Júní 1952

Júímánuður var hræðilega kaldur og þurviðrasamur, svo að jarðargróður er mjög lítill. Jörðin er þur og skrælnuð og þyrstir í vatn. Sláttur hvergi nálægur hér í grend. Sett í garða frá 7.-12. júní. Kýr eru enn á matargjöf og geta ekki legið úti um nætur, sakir kulda.

Júlí 1952

Júlímánuður var kaldur og óhagstæður til heyskapar, en sláttur var yfirleitt hafinn seinnipart mánaðarins, en ekkert þornaði sem teljandi var fyr en 1.2. ágúst. Þá kom ágætur þerrir og

hefir hann haldist síðan. Heyskapur gengur því núna ákjósanlega, en gras er frekar lítið á túnnum.

Ágúst 1952

Ágústmánuður var mjög indæll og þurviðrasamur fram til 19., þá var fyrsta úrkoma mánaðarins. Höfðu þá allir hirt töður sínar sem lausar voru. Eftir það var óþurkasamt og er enn (3.9.), ekki búið að ná inn allri töðunni. En búið að slá og þurka talsv. úthey, sem stendur í sætum. Aðfaranótt 28. var 2,5 st. frost hér. Féll þá kartöflugras í gördum og rabarbari einnig.

September 1952

Septemb. var frekar erfiður að veðurfari og gekk seint að hirða hey. Þó náðust þau að lokum og kartöflur náðust lítið eða ekkert skemmdar, þrátt fyrir næturfrostin, en víðast var uppskeran rýr.

Október 1952

Októbermánuður var mildur og þurviðrasamur, indæl hausttíð. Kýr gengu úti til 28., hafði þá um tíma verið gefin hálf heygjöf og dálítill matur. Þetta sparaði mikið hey.

Nóvember 1952

Nóvemberm. var dásaml. góður. Tvisvar sinnum var jörð hvít af snjóföli og tvisvar flekkótt. Enn (8.12.) er alutt og ófrosið. Muna fáir slíka tíð. Lömb og ær ganga sjálfala enn, það sem er af desember(8.12.) er sama veðurbliðan.

Desember 1952

Desember var yndislegur að veðurfari. Svo enn er engin vetrartíð. Jörð er aðeins fölvuð af snjó. Sauðfé lítið gefið enn (1.1.).

Janúar 1953

Janúarm. var mjög mildur miðað við aðra venjulega vetur, sér í lagi framan af. Seinni hluti mánaðarins var verri. Þá féll bæði snjór og regn og leið útigangshrossum ekki vel, „en þetta er enginn vetur segja gamlir menn og muna ekki slíka tíð.

Febrúar 1953

Tíðin úrkomusöm og breytileg, en mild. Jörð er snjólítill en hvít yfir að sjá. Hagar góðir fyrir hross.

Marz 1953

Marzm. var úrkomusamur og oft slæm veðráttá, þ. 24. var versta veðrið. Þá var stórrigning um nóttiina og fram á dag að fór að frysta og gerði þá ísingu. Olli það miklum skemmdum á síma, staurar brotnuðu og þræðir slitnuðu í stórum stíl. Vegir urðu líka víða ófærir vegna skemmda af vatni. Jörð var því orðin alauð og byrjaði að grænka í hlaðvarpa. Síðustu dagar mánaðarins voru kaldir og stormasamir, frekar róstursöm sambúð hjá marz og einmánuði eins og oft vill vera. Jörðin er nú (7.4.) snjólítill-flekkótt- en frosin og þur sem stendur.

Apríl 1953

Aprílmánuður var kaldur og stundum úrkomusamur, en nú er orðið vorlegt. Vorveðráttan byrjaði með maí. Í dag(3.5.) er suðlæg átt, rigning og 10 st. hiti. Nú líður útigangshrossunum vel í vorbliðunni.

Maí 1953

Maí var of kaldur og þurviðrasamur fyrir jarðargróðurinn. Tún eru samt orðin græn og kominn sauðgróður utan túns. Sumir eru að byrja að beita kúm, aðrir ekki. Yfirleitt ekki búið að setja kartöflur hér í grend.

Júní 1953

Júnímánuður var úrkomusamur og dásamlega hlýr, svo að grasið hefir sprottið svo ört að fádæmum sætir. Sláttur er yfirleitt mjög aðkallandi og sumstaðar þegar byrjaður, en þá vantar þurkinn.

Júlí 1953

Júlím. dásaml. góður. Sláttur gengur ágætl. Tún eru sumstaðar alhirt. Alstaðar langt komin. Grassprettu í besta lagi. Nýting heyja sömuleiðis. Heyfengur meiri í júlím. en nokkur man að skeð hafi.

Ágúst 1953

Ágústm. indæll. Heyskapartíð ágæt. Heyfengur mikill og góður. Háarsláttur er yfirstandandi og víðast settur í súrhey.

September 1953

Veðráttu yfirleitt góð. Heyskapur mikill og góður bæði súrhey og þurhey. Kartöfluuppskera mikil. Nú (1.10.) er kalt og var rigning í nótt.

Október 1953

Októberm. var mjög misjafn að veðurfari. Þ. 8. í mánuðinum setti niður snjó sem lá í heila viku. Varð þá að taka inn kýr og hefir þeim ekki verið beitt síðan. Eftir miðjan mánuð batnaði svo tíðin og hefir verið sæmileg síðan.

Nóvember 1953

Nóvember var umhleyppingasamur og leiðinlegur að veðurfari. Oft snjógangur eða rok og rigning, en engin minnisverð tíðindi urðu hér eða í aftakaveðrinu þ. 16. Það næsta var á Grund í Skorrardal. Þar fauk þak af 3ur(!) fjárhúsum og nokkuð af hlöðu, en ekkert hey skemmdist. Jörð er nú (6.12.) auð í byggð, en afar blaut.

Desember 1953

Mánuðurinn var mildur, en mjög leiðinlegur, sífeldar regn-og snjókomur með roki eða án þess. Skammdegið er því það dimmasta sem um getur. Á Nýársdag var þó allra dimmast. Þá varð aldrei vinnu- eða lesbjart, nema fyrir sjónbesta fólk. Jörð er auð í byggð, en mjög blaut. Vegir vondir og vatnsföll mikil.

Janúar 1954

Mánuðurinn var ómunagóður og mildur en nokkuð vætusamur, þó engin stórrigning nema fyrsta daginn. Engin minnisverð tíðindi skeðu hér. Tveir síðustu dagar mánaðarins voru dásamlega góðir. Í gær (31.) var jörðin auð og þíð, þá komst hiti í 7 st. Í dag (1. febrúar) er hún hvít og frosin, (aðeins stirðnað af frosti).

Febrúar 1954

Febrúarmánuður var mildur, en nú er samt vetrarlega en verið hefir, því seinnipart mánanaðarins snjóaði talsvert og er jörð nú snæfi hulin. En ekki er snjómagn mikið og eru góðir hagar. Hross ganga flest úti og eru þau duglegustu í haustholdum. Fé er líka beitt þegar gott er veður og sparast þá talsvert hey þann daginn.

Marz 1954

Fyrstu dagar marzmánaðar voru kaldir og vetrarlegir, enda hávetur. Þá setti niður snjó, svo vegir urðu ófærir, bæði á heiðum uppi og inn til dala. En ekki stóð þetta lengi því fyrir miðjan mánuð var tíð aftur orðin mild og góð. Snjórinn tók að sjatna og vegir urðu færir á ný. Seinni hluti mánaðarins var dásamlega góður. Marz og einmánuður voru bestu vinir. Jörð má nú heita alauð. Snjór aðeins í giljum og dýpstu lautum, sem óðum gryn timer og hverfur.

Apríl 1954

Aprílm. var indæll. Síðustu dagarnir svo hlýir að jörð var byrjuð að grænka. Vorverk voru byrjuð. Borið á tún og þau slóðadregin eins og væri komið fram í maí. Vegavinna var hafin víða í héraðinu en þegar maímánuður byrjaði kólnaði tíðin og vorverkin stöðvuðust. Túnin eru svo þur og áburðurinn harðnar á þeim, svo ekkert verður aðhafst. Jarðargróðri fer lítið fram. Fé er enn hýst hér niðri í lágsveitum. En veður er dásamlega gott og fagurt hvern daginn eftir annan. Næturfrost eru nú (5,5) 2 til 4,5 stig.

Maí 1954

Fyrstu 9 daga maímánaðar var norðanátt og næturfrost, kaldir vindar næddu. Gróðri jarðar fór ekkert fram, en að morgni þ. 10. var komin sunnanátt með 9 st. hita. Þann dag varð mestur hiti hér 15 st. Síðan hefir verið óslitin veðurbliða. Tún og úthagi spretta ört, svo að nú er gert ráð fyrir að innan skamms hefjist sláttur. Kýr liggja úti um nætur, gefinn matur en ekkert hey.

Júní 1954

Júnímánuður var yndislegur að veðurfari, sólríkur, hlýr og þurviðrasamur. Tún eru talin vera vel sprottin. Hey var byrjað að slá 21.júní. Víða var byrjað löngu fyr í héraðinu. Nýting hefir verið góð á því sem búið er að slá.

Júlí 1954

Fram yfir miðjan mánuð var úrkomusamt og kalt, næturhiti 1 til 2 stig fyrstu næturnar. Þá kól kartöflugras í gördum en ekki mikið. Seinnipart mánaðarins var stormasamt og kalt, svo hvasst að ekki var hægt að hreyfa þurt hey, samt náðist inn mikið af töðu en ekki er hún með ákjósanlegri góðri verkun. Meðan ópurkarnir voru, var heyjað í súrhey. Brennisteinslykt fannst hér og í grendinni nokkra daga, en (afsakið) ég man ekki mánaðardagana. Grasspretta er ágæt. Víða byrjað að slá á engjum þó mikið af töðu sé óhirt vegna storma og rigninga.

Ágúst 1954

Veðurfar sæmilegt. Engin minnisverð tíðindi. Heyskapur langt kominn, sumstaðar búinn.

September 1954

Septemb. var þurviðrasamur, en eftir miðjan mánuð var mjög kalt. Næturfrost voru þá frá -1 til -10,5 st. seinustu vikuna. Þ. 26. setti niður snjó og varð jörð alhvít að kalla og lá snjórinn nokkra daga, svo kýr gátu lítið verið úti og hafa síðan sumstaðar verið á fullri gjöf, en í lágsveitum hafa þær verið úti nokkurn hluta dagsins og sparað með því hey. Hér um slóðir náðist hey inn og kartöflur uppúr gördum ófrosnar en uppskeran var víða mjög rýr. Heyskapur mikill og sæmilega góður.

Október 1954

Októberm. var mildur og góður en nokkuð úrkomusamur framan af. Kýr voru teknar alveg inn þ. 9. Þá var rigning og slagveður. Jörð varð þá svo blaut og grasið fallið svo ekki þótti borga sig að beita mjólkurkúm en það er óvanalega snemma hausts að taka inn kýr. Jörð er nú (2.11.) auð í byggð, en hvítleit á fjöllum.

Nóvember 1954

Nóvember var mildur og að kalla má góður að veðurfari, sérstaklega síðustu dagarnir, þeir urðu dásamlega góðir. Nú (2.12.) er auð jörð og veðurbliða mikil.

Desember 1954

Desembermánuður hóf göngu sína með mildri veðráttu, sannri veðurbliðu. Jörð var þá alauð fyrstu 3 dagana. Það kólnaði þó brátt í veðri og jörð varð alhvít eða því sem næst, það sem eftir var mánaðarins, þó ekki mikill snjór hér en frostlaust og kalt var nokkurn hluta mánaðariins eftir því sem hér gerist svo snemma vetrar. Á Nýársdag skifti um aftur og nú (5.1.) er nærri alauð jörð í byggð og veðurbliða dásamleg síðan. Nú varð jarðskjálftakippur aðeins augnablik kl. 9 25 að kvöldi.

Janúar 1955

Þessi mánuður sýndi okkur í tvo heimana hvað veðráttuna snerti, ýmist var hann mildur og hlýr sem um vor, eða helkaldur sem í frosthörkum á útmánuðum, en oftast var þá og er enn sólríkt og fagurt veður. Stundum heiður og blár himinn yfir okkur hér, og það einmitt þegar skipin voru að farast í ósjó og stórhrið við Vesturlandið. Það er mikill munur á veðurfari hér eða þar, en oft næddu hér kaldir norðan vindar dag eftir dag, svo að mjög þreytandi var að vinna ýmis störf. Snjókomur hefta samgöngur bæði inn til dala og um heiðavegi svo tjón og töf varð af. Veðurbliðan fyrstu viku mánaðarins var mjög hagstæð fyrir landbúnaðinn. Hross fengu næga haga og má heita að það hafi haldist síðan, en fé var oft lítt beitandi vegna roks og kulda. Jörð er snjólétt en talsverð svelluð og víða harðfenni.

Febrúar 1955

Febrúarmánuður fádæma stiltur og þurviðrasamur. Jarðlag má heita eins allan mánuðinn. Öll úrkoma mánaðarins telst mér 15.1 mm. Jörð er mjög snjólétt hér eins og var í endir janúarm. Hross gengu sjálfala, nema þar sem til eru reiðhestar. Sumir þeirra eru hýstir og auðv. eru þeir þá á eldi, sem kallað er.

Marz 1955

Marzmánuður mjög hagstæður og góður, mildur og þurviðrasamur. Jörð má heita auð yfir að sjá, en skafnar í lautum og giljum. Útígangsshross eru í góðum holdum.

Apríl 1955

Aprílm. var hlýr og yfirleitt mjög góðviðrasamur. Vetrarsnjórinn var allur horfinn að morgni þ. 12. Snjór féll einu sinni eftir það, en mjög lítið og var jörð flekkótt í 2 daga. Nú eru tún orðin svo þur að byrjað er að vinna á þeim-slóðadraga-. 4ar frostnætur voru í mánuðinum, 5st. í 2 nætur og 0,5 og 0,8 aðrar tvær. Það fraus saman sumar og vetur, sem áður var kallað, og skyldi þá vera „gott undir bú“ það sumarið. Þ. 18 stórrigndi og kom þá flóð í ár og læki, en hér í grend olli það veður ekki verulegum skaða eða slysum, en sumstaðar urðu mikil skriðuföll þ.dag, sem slys og tjón varð af, en það var langt í burtu héðan t.d. í Kjósinni og víðar. Gleðilegt sumar!

Maí 1955

Maím. var mjög kaldur og allt of þurviðrasamur fyrir jörðina. Helming mánaðarins var frost um nætur, allt að 7 st. að minsta kosti tvisvar. Gróðurinn varð því mjög lítill. Það rigndi aldrei að mun fyr en þann 30., en þá grænkuðu túnin. Sauðfé var sumstaðar haft á tünnum fram undir mánaðarlok vegna gróðurleysis. Kúm var hér fyrst hleypt út þ. 31., sumstaðar fyr, sumstaðar síðar. Kartöflur voru settar niður þ. 26. Þá var veðurbliða mikil og hefir verið síðan, yndisleg tíð með sólskin og hita um daga og dög og þoku um nætur, en jörðin er samt þur og þyrst og gróðurinn fer hægt.

Júní 1955

Júním. var framan af of þurviðrasamur svo jörðin greri lítið, en seinni hlutinn var vætusamur, og þá þaut grasið upp. Túnið hér er víða dável sprottið og fer sláttur að byrja.

Júlí 1955

Júlím. var að mestu leyti óslitinn rignagátími. Gamlir menn muna ekki slíkt. Sláttur er lítið byrjaður. Ekkert strá komið inn, nema í vothey. Þar sem slegið hefir verið í þurhey er orðið brúnt að lit. Það er í föngum, görðum og flötum flekkjum, er skýr litamunur þar sem föng og garðar standa á fanngrænum háarsprottnum velli. Sjaldan hefir séð til sólar, sífeld rigning og þokubræla, verst hefir þó veðrið verið um nætur. Er mér minnisstæðust aðfaranótt þ. 30. Þá var argandi stormur og lemjandi regn svo að kýr voru sóttar í haga um miðja nótt þar sem þær hímdu í illviðrinu. Slíkt kom reyndar oftast fyrir hér um slóðir. Þ.31. skein sólin ofurlitla stund seinnipart dagsins, og í gær var þurkflæsa svo að náðust upp nokkur sæti af illa þurru heyi. Í morgun var enn þurt veður, svo dreift var úr görðum, en um miðjan dag rigndi ofan í

allt saman. Fremst í sveitinni hér, og í héraðinu er ástand með heyskap ofurlítið betra en hér og í nágrenni, en alstaðar slæmt.

Ágúst 1955

Ágústm. ódæma votviðrasumur, þó betri en júlím. Það komu þó nokkrir þurkdagarsem björguðu miklu heyi upp í sæti. Sömuleiðis náðist inn dálítið af töðu, en síðan hefir blotnað svo mikið að illfært er að koma flutningatækjum að hlöðum, þá þurt veður gæfist. Sætin standa undir yfirbreiðslum, en botnar þeirra eru mjög blautir og blotna meira ef dregin eru eftir blautu túni, og skemmir það mikið heyið. Fáir eru þeir dagar sem engin úrkoma hefir verið. Allt sumarið hefir kúm verið gefinn matur hér, sem ekki hefir áður verið gert. Þó hafa þær ekki haldið holdum sumar hverjar, og ekki mjólkað vel. Nú eru þær hýstar að mestu sakir bleytu.

September 1955

Í septemb. var óslitin vætutið til þ. 13. í mánuðinum. Þá létti í lofti og þurkurinn langþráði kom og hélst nokkra daga. Gátu þá allir þurkað og hirt töður sínar, því tekið var fyrir að seinka leitum og réttum um eina viku. Varð sú ráðstöfun til ómetanlegs gagns fyrir bændur þar sem þetta var eina hagstæða vikan, sem kom á slættinum. Þá var líka svolitlu bætt við útheyskap, en það náðist ekki inn fyr en eftir mánaðamót þ. 30. þ.m. Þá var alhvítt hér og víðar. Kartöflur náðust upp úr gördum. Var sumstaðar meðaluppskera, en víða mjög rýr, en allt var það óskemmt, því veðurfar var milt. Aldrei næturfrost. Hiti komst lægst á frostmark. Kúm er hér ekki enn gefið hey, bara matur, en víða eru tún svo snögg að gefa þarf hey líka.

Október 1955

Októbermánuður var góður hvað tíð snertir hér sunnanlands. og þegar svo er, ber ekkert til tíðinda af völdum veðurs. Jörðin er alauð, aðeins stirðnuð af frosti, og sauðfé gengur því auðvitað sjálfala.

Nóvember 1955

Nóvemberm. ómunagóður að veðurfari. Jörð aðeins fölvuð í rót, þur og lítillsháttar frosin. Sauðfé gengur enn sjálfala.

Desember 1955

Fyrstu daga desembermánaðar voru framhald af nóvemberveðráttunni og því yndislega góðir. Þann tíma var jörð eins og áður auð að mestu, og svo þur að gengið var bæja á milli í inniskóm, en þ. 5. í mánuðinum syrti í lofti, veðurspáin var ekki góð og var sauðfé þá smalað og hefir verið hýst síðan. Suma daga alveg innistæða, en þó oftast beitt og gefinn matur, þá minna hey. Snjór varð mikill um tíma svo bílferðir voru mjög erfiðar. Einn dag féll mjólkurferð niður sakir veðurs. Í gær og í dag (3.1.) er asahláka, það er sunnanátt með roki og rigningu. Skip hefir hvorugan daginn farið áætunarferð milli Reykjav. og Borgarness sakir veðurs. Snjórinn hverrfur ótrúlega fljótt, en útigangshrossum líður illa í svona veðri.

Janúar 1956

Janúarm. var hávaðasumur og rosagjarn. Tíð yfirleitt mjög vond. Nýársdagur var sémilegur, en 2.3.4.og 5. voru afleitir, svo að Eldborgin komst ekki áætunarferðir milli Borgarness og Reykjavíkur. Hafa oft skifst a rok með rigningu eða rok með snjókomu eða skafrenningi. Aðfaranótt þ. 29. varð flóð og jakaburður svo mikill í Hvítá að símastaurar brotnuðu og línur slitnuðu og jarðsamband eyðilagðist á löngum kafla. Síðan hefir verið simasambandslaust við Borgarnes og Reykjavík og liggja nú hjá mér ósend 16 veðurskeyti frá þessum 4 dögum síðan síminn bilaði. Í gær átti að byrja að gera við, í dag er ófært, veður, rok og regn herja á með miklum veðurgný, svo viðgerð á síma er sennilega ómöguleg. Snjór hefir ekki verið mikill hér og mjólkurferðir aldrei teppst, en á heiðavegum eru samgöngur torsóttar.

Febrúar 1956

Veðrið fyrsta febrúar er mörgum minnisstætt. Það olli víða skemmdum og skaða. Hér í Hvítársíðu var ekki aftakaveður og varð ekkert tjón að, en í næstu sveit, Flókadal, rann vatn í fjárhús á einum bæ og voru 37 kindur dauðar um kvöldið 4½ tíma eftir að gengið var frá húsum. Þegar mánuðurinn er liðinn hefir maður aðeins góðar endurminningar um hann, fádæma veðurbliðu, auða og þíða jörð, sem grænkaði í hlaðvörpum o.v. á túnnum. Í endir mánaðarins kólnaði þó og snjóaði og er nú alhvít jörð og frosin, enda 13 st. frost í nótt.

Marz 1956

Fyrstu 6 daga mánaðarins var frost í lofti og snjór á jörð, næstu 4 dagana tók snjóinn upp. Eftir það var tíðin mild og oft unaðsleg, svo að líkara var vori en vetri. Jörðin er auð og þíð en mjög blaut, og tekin að grænka og gróa á túnnum, einsog alloftast er í byrjun maí. Á einstöku bæ er búið að sleppa sauðfé en vísast er það hýst og gefinn matur en lítið hey.

Apríl 1956

Fyrstu 6 dagar mánaðarins voru vætusamir, var vindátt mjög breytileg þá daga. Aðfaranótt þ. 7. gerði næturfrost með talsv. snjókomu. Var frost og kuldi viðvarandi í næstu 10 sólarhringa, en oft sólbráð (að deginum) svo snjórin minnkaði hægt og hægt uns aftur brá til sunnanáttar og hann hvarf alveg. Sauðfé, sem sleppt var fyrir marzlök var nú hýst á ný, en hefir nú aftur verið sleppt á fremstu bæjum hér í Hvítársíðu, en hýst enn í niður Síðunni. Jörð er mjög blaut svo vallarávinnsla er lítið byrjuð. Tún eru farin að grænka og gróa, en útjörð er hvít og gróðurlaus hér neðra, en klakalítill eða klakalaus.

Maí 1956

Maím. var frekar kaldur og var jarðargróður mjög hægfara. Hér voru kýr ekki látnar út fyr en í mánaðarlokin, sumst, ekki enn látnar út, en þeir sem beita þeim á ræktað land, gerðu það auðv. fyr. Að kvöldi þ. 26. gerði suðvestan veður svo vont að menn segja að um langt árabíl hafi ekki slíkt veður komið um sauðburð, rok með rigningu og kafaldsslyddu svo að festi snjó á fjöllum og líka á láglandi, hélt veðrið þá nótt, næsta dag og framá næstu nótt. Áttu því margir vökunætur við að bjarga lömbum sem voru að fæðast. Og það einkennilega skeði að á bíla- og gluggarúður settist selta eins og oft sést á rúðum við sjó. Gætti þessa víða í héraðinu, jafnvel fram til fjalla. Síðan júní byrjaði hefir verið kalt og þurt og virðast túnin hvítna.

Júní 1956

Um þennan mánuð má segja, að hann var bæði heitur og kaldur. Framan af svo kaldur og þurviðrasamur að grasið spratt lítið. Næturhiti var þá um og undir frostmarki. Seinni hluta mán. kom dálítill væta og hiti komst þá fl. daga í 18–20 st. Sláttur er sumstaðar byrjaður. Tún eru mjög misjafnl. sprottin. Heyskapartíð mjög góð.

Júlí 1956

Það sem var fyrst var slegið á túninu hér hraktist og þornaði illa, því tíðin var þá úrkomusöm og hlý, sú taða sýður nú niður í hlöðunni og búið að leysa geilar í hana þvers og langs. En það sem seinna var slegið, þornað eftir hendinni og var það síðasta af töðunni sett upp í dag grænt og vel þurt, en því miður er ekki hægt að láta það inn fyr en hitinn fer úr því, sem inn er komið. En tíðin var og er dásaml. góð. Túnið var vel sprottið. Þannig er ástandið víða hér í grend.

Ágúst 1956

Ákjósanleg heyskapartíð og unaðsleg veðurbliða. Grasspretta góð og er því hefyngur yfirleitt ágætur. Öll úrkoma mánaðarins mældist hér 19,4 mm. Heyskap almennt lokið.

September 1956

Septemb.m. var mildur og í heild ágætur að veðurfari. Engin frostnótt. Engin snjókoma. Einstöku dagar voru unaðslega góðir. Aftur aðra daga var ausandi rigning, t.d. þ. 1. þá mældist hér 17 mm (úrkoma).

Október 1956

Októberm. var umhleypingasamur og leiðinlegur að veðurfari. Hann var úrkomusamur bæði af snjó og regni og hefir skepnum sem úti standa oft liðið illa. Sumaraukavikan var mjög slæm en síðan hefir verið blíðutíð og er jörð nú auð og þíð og túnin græn.

Nóvember 1956

Nóvemb.m.ánuður var mildur að veðurfari en mjög úrkomusamur. Flesta daga rigndi eða snjóaði og stundum stórrignði. Lömb hafa lagt mikið af, en nú er búið að taka þau inn og kenna þeim át. Fullorðið fé er líka hýst um nætur. En það var ekki gert fyrir en komið var að mánaðarlökum. Jörðin er mikið til auð og lítið frosin.

Desember 1956

Desembermánuður var mildur að veðurfari, en nokkuð úrkomusamur þar til síðustu vikuna, sem var dásamlega góð. Jörð er nú auð, en frosin og lítilsháttar héluð.

Janúar 1957

Janúarmánuður var mildur, en úrkomu- og umhleypingasamur. Útígangshross hafa fengið mikil hrakveður og oft liðið illa, en hagar eru hér enn taldir nógir ef veður er gott. Hér og í grend urðu ekki skemdir né skaðar svo teljandi sé af þeim ofsaveðrum, sem víða geysuðu annarst. En hér neðar í héraðinu urðu símabilanir svo miklar af völdum storma og snjóa (ísingu) að við náðum ekki í Borgarnes í 8 daga. Eru því hér 32 veðurskeyti ósímSEND til Veðurstofunnar. Síðustu daga mán. urðu bílvegir illfærir af snjó, þó komust mjólkurbílar alla daga sínar áætlanarferrðir, en núna er öldin önnur. Bílar sitja nú fastir í sköflum nætur og daga og komast ekki leiðar sinnar nema með hjálp snjóyta.

Febrúar 1957

Febrúarm. var vindasamur, en ekki frostharður. Samgönguerfiðleikar, sem ég gat um í síðustu mánaðarbók hafa haldist síðan. Síðasta dag mánaðarins voru bílar heilt dægur að komast frá Akranesi til Reykholts og höfðu þó menn með jarðýtur og skóflur hjálpast að við að opna veginn. Í staðinn fyrir að vera kl. 2 að degi í Reykh. voru þeir þar kl. 2 að nóttu (líkfyld). Jörð er snævi hulin og er fé alstaðar í innistæðu og víða haglaust fyrir hross.

Marz 1957

Fram yfir miðjan mánuð var kalt og vindasamt. Góa var sem sagt „þeysin“ eins og gamlir menn vildu hafa hana. Norðaustan vindur næddi daga og nætur þar til 21. að sléttlygndi og snerist þá átt til suðausturs með blíðviðri sem hefir varað síðan. Þurviðrasamt var með afbrigðum allan mánuðinn út. Öll úrkoma mældist 7,8mm. Jörð er orðin alauð nema í lægðum og djúpum giljum. Það er unaðslegt vor.

Apríl 1957

Mild veðráttu og yfirleitt mjög góð. Frostnætur hafa verið 11. Tún eru byrjuð að grænka og vorverk byrjuð. Sauðfé er enn hýst hér og í nágrenni.

Maí 1957

Veðráttan var frekar gjóstug og ekki nógu hlý. Gróður jarðar var mjög hægfara. Kýr ekki látnar út fyrir en 3.þ.m.

Júní 1957

Júnímánuður var bæði blíðlyndur og kaldlyndur. Fyrri hlutinn var gjóstugur með þurrviðri og litlum næturhita og spratt grasið lítið. Um miðjan mánuðinn kom dálítill úrkoma og eftir það var hlý og yndisl. tíð. Þá þaut grasið upp á tünnum og var sláttur hafinn hér og víðar í grendinni fyrir mánaðarlök og þykir vel sprottið. Daglega var heiðskírt veður með golu, ýmist af norðri, suðri, austri eða vestri og hita frá 15-21st. að deginum. Þá er gaman að lifa.

Júlí 1957

„Gott er veðrið, Guði sé lof! Gaman er að“ ---- lifa. Þessi gamalkunnu vísuorð komu í hug minn hvern morgun, er ég kom út allan júlímánuð. Tíðin var svo unaðsleg, sólrík, hlý og þurviðrasöm. Öll úrkoma mánaðarins telst mér vera 18,6 mm. Heyskapurinn gekk prýðilega, mikið gras og nógir þurkar.

Ágúst 1957

Ágústm. var mildur, engin frostnótt. Kartöflugras ófallið enn, og lítur vel út með sprettu á kartöflum. Fyrsta vikan var úrkomusöm og hraktist talsv. Það sem síðast var slegið í júlí, en að lokum náðist það sæmilega þurt. Svo voru þurkakaflar og úrkoma á víxl og það sem slegið var í þurhey náðist með góðri verkun og má því segja að mánuðurinn í heild hafi verið sæmilega góður. Nú er veðráttan að kólna, þó engin frostnótt enn. En norðanáttin nærir með stinningskalda og bregður manni við eftir blíðviðrið undanfarið. Slætti er víðast að verða lokið.

September 1957

September var yfirleitt góður að veðurfari. Fyrsta frostnóttin var aðf.nótt þ. 8., tæpt 1 st. sú næsta þ. 14. og svo bara við og við. Mesta næturfrost var 3 st. Hey náðust með góðri verkun hjá þeim sem lengst voru með heyskap. Kartöflur náðust óskemmdar og var uppskeran óvanalega mikil og góð. Maður hugsar til þessa útlíðandi sumars með lotningu og þakklæti fyrir unaðslega veðurbliðu og ágætan jarðargróður, sem allur nýttist með afbrigðum vel, og man ég ekki slíka sumartíð nú um áratugi.

Október 1957

Októberm. var líkur mörgum öðrum haustmánuðum, votviðrasamur og leiðinlegur að veðurfari og störfum. Veturinn gekk í garð með feikna snjókomu, svo að vegir hér inn til dala urðu illfærir bílum. Sauðfé var smalað og hýst, en í fyrrinótt var hláka og sjatnaði snjórinn þá mikið, svo að fé var látið út, og ef ekki snjóar meira, verður því vafalaust sleppt aftur. Í gær (31.10) frysti aftur og núna er lítilsháttar frost.

Nóvember 1957

Veturnóttasnjórinn lá á jörðinni fyrstu 8 daga mánaðarins. Þá var köld tíð. Mesta frost varð þá –13st. að nóttu. Tæp 12 st. að morgni þ. 7. í mán. Eftir það varð tíðin mild og oft unaðsblíð og jörð alauð. Fullorðið fé gengur sjálfala, en lömb hýst. Þeim var ekki sleppt eftir veturnóttakastið, aðeins því fullorðna. Jörð er mjög blaut, því tíðin er vætusöm.

Desember 1957

Fyrstu 5 daga mánaðarins var hlý veðráttu og auð jörð. Þá fór að frysta og snjóa og voru þá ær teknar inn. Síðan hefir verið köld veðráttu og snjór á jörð og oft mikill, svo að vegir hafa verið, og eru nú mjög þungfærir fyrir bíla.

Janúar 1958

Janúarmánuður var mjög slæmur að veðurfari. Kuldi og stormar, skafrenningar og snjókomur herjuðu á. Hagar voru slæmir fyrir hross og samgöngur erfiðar á landi og sjó sakir illveðra og ófærðar, en vegum var haldið opnum með ýtum, svo mjólkurferðir tepptust ekki nema stutt í einu né heldur áætunarferðir bíla um Hvalfjörð til Reykjavíkur. Þetta gekk til þ. 27., en þann dag var með afbrigðum vont veður fram undir rökkur, ofsarok af norðaustri með miklum skafrenningi, þá feikna snjókomu og endaði með hellirigningu. Snerist þá vindur til suðausturs með hægð og mestu veðurbliðu og 9st. hita, seinna um kvöldið eða nóttina 11 st. Daginn eftir varð hitinn 10 st. Seinustu 4ir dagar mánaðarins voru ágætir og allir samgönguferðileikar úr sögunni.

Febrúar 1958

Febrúarm. var frekar harður að veðurfari til þess 19. Þá kom hláka og hagar bötnuðu fyrir hross og hnottar komu upp fyrir fé, en ekki svo miklir að það spraði hey. Fé hefir verið á fullri innistöðugjöf síðan í desember, en hross gengið úti, þau sem eru ótamin. Jörð er nú

snævi hulin, svo að hvergi sér á dökkan díl og víða óvenju stórar og þykkar fannir, sem lengi hafa staðið og þurfa því langan tíma til að bráðna og hverfa þá hlýna tekur.

Marz 1958

Marzm. var kaldur og vindasamur til þess 15. Þá skifti um tíð með þeim besta bata sem hægt er að kjósa sér, blíðviðri og þurviðri upp frá því. Jörðin er auð yfir að sjá, en stórfannir við gil og hóla, en fara óðum minkandi.

Apríl 1958

Veðráttan var mjög góð, oft unaðslega góðir dagar. Snjór er að mestu horfinn í byggð. Aðeins skaflar í giljum, sem ört hverfa, en næturfrost hindra gróður jarðar. Grænka sést þó í hlaðvörpum. Fjöllin eru hvít. Sauðfé er hýst og gefið hey og mjöl.

Maí 1958

Maímánuður var óvanalega þurviðrasamur og kaldur og þar af leiðandi er jörðin mjög gróðurlítill. Úrkoma var aðeins 4 daga mánaðarins. Frost var á hverri nóttu að heita má til þ. 22., fleirum sinnum náði það 5 stigum. Þá bilaði lágmarksmælirinn og fékkst ekki fyr en þ. 28. Eftir það voru ekki næturfrost. Sauðfé var hýst og gefið fram undir mánaðarlok. Innigjafahross eru enn hýst um nætur. Sauðburður hefir gengið sæmilega vel. Fénaður yfirleitt vel fram genginn, hey meir en nóg.

Júní 1958

Fyrstu 12 dagar júnímánaðar voru algerlega úrkomulausir svo jörðin spratt mjög lítið, var sem sagt gróðurlaus að kallað var á þeim tíma. Aðfaranótt þ. 13. kom fyrsta úrkoma mánaðarins. Þ.14., 15., og 16. vætti ofurlítið. Þar næst 21. Eftir þ. 25. var nægjanleg úrkoma, svo grasið spratt og er nú útlit fyrir að geti orðið meðal grasvöxtur þetta sumar. Kýr voru láttnar út hér þ. 7., lágu fyrst úti aðfaranótt þ. 18. Þann dag (þ. 17.) var veðurblíða mikil og hefir verið það síðan, en þetta vor hefir í heild verið eitt það sólríkasta og fegursta að veðurfari sem mig rekur minni til.

Júlí 1958

Júlímánuður var ein samfeld og ágæt heyskapartíð. Er fágætt, eða jafnvel einstakt hve lítið hefir þurft að hafa fyrir að þurka töðu sem hér í sumar. Þurkarnir hafa verið svo miklir og ákveðnir. Öll úrkoma mánaðarins var 16,6 mm, en fram til fjallana var meiri úrkoma. Grasspretta er nálæt meðallagi. Fyrri sláttur er að verða búinn, en háin sprettur lítið enn vegna þurka.

Ágúst 1958

Ágúst mánuður var ein samfeld heild af ágætri heyskapartíð, þurkasöm með eindæmum, svo að öll úrkoma mánaðarins telst mér að hafi verið aðeins 12,2 mm. En oft var vindasamt af norðaustri og þar af leiðandi kalt, var því mikil töf við hirðingu töðunnar. Háin er lítið spröttin, en smá úrkomur síðustu dagana hafa lífgað hana, svo að ekki er enn vonlaust um hana. Engi er hér mjög vel spröttið.

September 1958

Septemb. mildur og yfirleitt ágætur til heyskapar. Hey náðust hér inn af engjum með góðri verkun fyrir mánaðarlok. Sumstaðar er þó enn úti hey, hygg ég að því valdi frekar annríki bænda vegna leita og rétta en veður hafi því ráðið. Há spratt hér lítið og var ekki slegin, en hún er ágætur hagi fyrir kýr, sem liggja úti um nætur og ekkert gefið. Engin frostnótt í byggð. Veður var einnig mjög gott við smalamennsku bæði í heimahögum og fjallgöngum og réttum. Ég þakka meðtekin vasaljósabatteri. Oft undrast ég hve hitamunur er mismunandi í gamla og nýja búri og það sitt á hvað, þá stundum sé það svipað og stöku sinnum eins.

Október 1958

Veðráttan indæl og mild, sú besta haustveðrátta, sem hægt er að hugsa sér. Að vísu var nokkuð vætusamt. Flesta daga rigndi en ekki stórkostlega, enda eru haustrigningar algengar. Jörðin er mjög blaut. Aðeins síðasta dag mánaðarins var snjóföl á jörð. Fyrstu frostnæturnar voru aðfaran. Þ. 12. og 13., þarnæst þ. 30. og 31. Kýr teknar alveg inn þ. 29. Þangað var þeim gefið mjög lítið, túnið var lengi svo grænt og loðið, af því það var einslegið.

Nóvember 1958

Nóvember var einmuna góður og mildur, en mjög vætusamur. Alla daga mánaðarins rigndi nema aðeins þrjá, þ. 3. 8. og 9. Frostnætur voru fáar, snjócoma stöku sinnum fyrrihluta mánaðarins. Í dag (1.12.) er sunnanátt, blíðuveður með 4st. hita og tæpum 5st. í kvöld. Sauðfé gengur sjálfala. Jörðin er auð og þíð, en ákafl. blaut.

Desember 1958

Desembermánuður byrjaði með hægri sunnanátt og blíðviðri. Er hann talinn í heild einn af þeim beztu í sinni röð, sem gerist, með eindæmum þurviðrasamur svo að öll úrk. mánaðarins mældist aðeins 17,5 mm. Engan dag var jörð alhvít, og má heita að hún hafi verið og sé alauð þó ekki sé hægt að skrifa hana það, þá er aðeins fól í rót, þó að miklu minni hluta móts við það sem er alautt. Fé gekk sjálfala framundir miðjan mánuð. Þá var farið að hýsa og gefa mat. Hey hefir ekki verið gefið fyr en rétt fyrir áramót. Oft hefir verið stormasamt og þá finnst manni kalt, en líka oft kyrt veður og eftirminnileg veður, blíða t.d. alla jóladagana.

Janúar 1959

Það sem mest einkendi þennan mánuð var snjóleysið, bjartviðrið og þurviðrið með norðaustan kalda eða stinningskalda. Einn og hálfan dag var alhvít jörð. Þess utan var jörð auð eða flekkótt af föli, oftast að minni hluta. Fyrsta úrkoma mánaðarins, sem nokkru nam var aðfaranótt þ. 25. Eftir það var úrkoma dagl. Frost var og kuldi allan þurkakaflann, þó engin aftök, 15st. mesta frost. Aldrei hefir þurft í vetur að gefa sauðfé meira en hálfra gjöf, er það einstök vetrartíð. En óþægindin sem fylgdu þessum þurkakafla, var vatnsleysið. Mörg heimili og þorp t.d. Borgarnes máttu sækja vatn um óravegu handa mönnum og skepnum. Best stóðu þeir að vígi, sem áttu heita laug eða hver í landareign sinni. Lækir og brunnar botnfrusu og einnig í pípunum niðri í jörðinni vegna þess að fraus svo lengi á auða jörð. Svo þegar allst. var komið flæðivatn, máttu menn kosta ærnu fé til að þíða úr pípunum með rafmagni, fá til þess rafvirkja langt að, og mun það nú víðast vera búíð, þar sem mögul. er.

Febrúar 1959

Í þessum mánuði skeðu hörmulegir atburðir. Sjóslysin miklu, er togarinn Júlí fórst með 30 manna áhöfn og vitaskipið Hermóður með 12 manna áhöfn. Það eru ógleymanleg tilfelli fyrir þjóðina í heild. En hér upp í sveitinni veit ég enga minnisverða atburði af völdum veðurs. Þ.14. var snjócoma fyrst með norðanátt og síðan suðv. átt og eljagangur. Var þá fyrsta innistæða fyrir sauðfé. Fannst þá sumum þetta vera fyrsti vetrardagur. Þ.15. var illveður: þrumur og eldingar, ofsarok og rigning. Var þá engri skepnu sem hýst er, fært út. Eftir þetta var slæm tíð mánuðinn út, umhleyplingar og sauðfé ekki beitt að neinu gagni. Jörðin er alhvít og talsv. mikill snjór. Þó kvað vera hagar fyrir útigönguhross.

Marz 1959

Marzmánuður var slæmur fyrstu 8 dagana. Þann 4. skall á stórhrið af norðaustri fyrir hádegi. Hélt hún þar til að kvöldi þ. 5. Víð lokuðust þá vegir fyrir bíla og sátu mjólkurbílar fastir þar sem þeir voru komnir, en brátt batnaði tíðin aftur, og vegir voru opnaðir með handskóflum, ekki var snjórinn meiri en það, og eftir þ. 8. var einstök blíðutíð, svo að frostnætur urðu eftir það aðeins 4. Allar aðrar nætur voru frostlausar með lágmarkshita frá 0,3 til 5,6 st. Eftir þ. 20. sást ekki snjóföl á jörð, en hún var alauð í byggð til mánaðarloka.

Apríl 1959

Aprílmánuður heilsaði með snjókomu og alhvíttri jörð, lá sá snjór nokkuð frameftir mánuðinum. Yfirleitt var tíðin köld, þó inn á milli hlýir dagar. Jörðin er gróðurlaus, en alauð í byggð. Fjöllin hvít. Sauðfé hýst sem um vetur og gefið hey og matur.

Maí 1959

Fyrstu dagar mánaðarins voru frekar kaldir. Næturfrost voru aðfaranætur þess 1., 2., 3., 5., 6. og 9. Eftir það var aldrei frost, en hlý og inndæl tíð með nægjanlegri úrkomu fyrir gróðurinn. Jörðin grænkaði og grasið spratt með óvenju miklum hraða, svo nú segja bændurnir að út líti fyrir að sláttur geti hafist það fyrsta sem gerst hafi, ef ekki kólnar aftur. Kýr voru láttnar út fyrst í dag (1.6.) dag, sumstaðar fyrir nokkrum dögum.

Júní 1959

Margir norðlenskir bændur munu minnst júnímánaðar með sársauka og hryllingi, þeir sem mistu lömb í fönn og mörg hross. Hér var öðru máli að gegna. Að vísu var kalt, en ekkert skeði, sem minnisvert er. Aldrei festi snjó á láglandi, aðeins sást snjór á fjöllum og innst til dala, þar festi snjó á tünnum. Kaldast var fyrir og eftir miðjan mánuð. Upp úr, eða um þ. 20. batnaði tíðin og gerði mesta blíðviðri, þá voru sólríkir dagar með hita yfir og um 20 st. Tók þá grasið aftur að spretta (en á því var kyrstaða meðan kuldinn var) svo að þ. 25. var að því komið að sprytti úr sér. Var þá byrjað að slá hér og víðar í grendinni best sprottnu blettina. Mun þetta vera með því fyrsta, sem sláttur er hafinn.

Júlí 1959

Júlímánuður var yfirleitt góðviðrasamur. Margir dagar yndislegir meðð sólskini og miklum hita, en þurkleysur hafa samt tafið heyskapinn. Vætur hafa þó ekki verið stórkostlegar né langvinnar. Þurkar líka of stuttir. Grasspretta afburða góð. Fyrri sláttur hér er búinn, en óþurkað og óhirt nokkuð af töðunni. Háin þýtur upp og er orðin vel sprottin þar sem fyrst var slegið. Engjar og úthagi vel sprottið því grasveður hafa verið með ágætum.

Ágúst 1959

Ágúst mánuður var óhagstæður til heyskapa. Óþurkar regn og stormar voru til tafar oft rigndi mikið. Mest rigndi þ. 10. Þá mældist úrkoma sólarhringsins 24,6 mm .og aftur þ. 31., 25,7 mm. Oft fannst manni kalt þegar norðaustan vindurinn næddi, en margir voru líka hlýir dagar. Engin frostnótt. Minstur hiti að nóttu var 1,5 st. þ. 14. Mestur hiti að degi 16 st. þ. 7. Yfirleitt held ég mánuðurinn megi kallast frekar hlýr. Heyskap er víðast hætt, nema há er slegin í súrhey. En háin spratt afburða vel. Margir eiga talsv. hey úti í sætum, sem ekki hefir náðst vegna votviðra. Mýrar eru farnar að blikna og kartöflugras farið að falla, þó ekki mikið. Jörðin er ákafl. blaut.

September 1959

Septemb. var mildur, en mjög votviðrasamur. Heyskapartíð var því mjög erfið og óhagstæð. Sumir bændur hér í grend eru ekki enn búnir að ná inn öllum heyjum. Alla daga mánaðarins rigndi svo mælanl. var nema 5. Frostnætur voru 2, þ.6. –1,6 st. og þ. 10. –1,5 st. Mestur hiti að degi var þ. 30. 15,6 st. Kartöfluuppskera er hér frekar rýr.

Október 1959

Í októberm. voru fádæma miklir hitar, allt til þ. 24. Komst hiti mest í 16,7 st. og 16,5 st. (þ. 9. og 10.). Allan þennan tímavar mikil vætutíð, svo sjaldan kom þur dagur. Þeir sem áttu úti hey frá september náðu þó miklu af því en sumir náðu því ekki öllu sakir vætu. Það varð sem sagt úti. Aðfaranótt þess 24. (fyrsta vetrardags) setti niður 5 sm djúpan snjó. Þá var og fyrsta frostnóttin –0,3 st. Á 5. degi tók snjóinn upp aftur. Frostnætur urðu 5 frá 24.–28. Mest varð frostið –5 st. aðf. nótt þ. 28. Hér voru kýr teknar alveg inn þ. 24.

Nóvember 1959

Nóvemberm. var kaldur og snjóasamur fram til þ. 17. Eftir það var mild veðrátt og snjóinn tók upp að miklu leyti. Fullorðnu fé, sem tekið var inn í fyrstu snjóum var sleppt aftur og

gengur sjálfala enn, en lömb hafa alltaf verið hýst um nætur. Þ. 5. í mánuðinum var alauð jörð á láglandi en alla aðra daga var jörðð alhvít, eða flekkótt af snjó að meira eða minna leyti. Skafar urðu svo þykkir að þá tók ekki upp aftur. Aths. lágmarksmælir bilaði þ. 12. Það hefir verið tilkynt í síma á Veðurstofuna en ekki borið árangur enn.

Desember 1959

Desemb.mánuður var yfirleitt mjög mildur og góður að veðurfari. Sauðfé var þá tekið inn rétt eftir mánaðamótin og hefir verið hýst síðan, en hagar hafa verið góðir og sparað mikið hey. Jólaveðrið var eftirminnilega gott og fagurt. Síðustu dagana snjóaði og er jörðin alhvít. Snjódýpt 15 sm á sléttu flöt. Mesta frost var í gær, á gamlársdag, 15,5 st. Um næturfrost er ekki vitað, því þó Veðurstofan hafi sent 3 lág.m.æla, eru þeir allir ónýtir. Hefir slíkt aldrei komið fyrir síðan ég byrjaði veðurathuganir.

Janúar 1960

Janúarm. var dásamlega góður að veðurfari, mildur, snjóléttur og óstormasamur. Oft var logn og blíða sem um sumar væri. Allir vegir snjólausir og færir fyrir bíla landsfjórðunga milli, mun það fágætt, svo lengi vetrar. Jörð er hér svelluð og alhvít yfir að sjá, en snjórinn er mjög grunnur. Stóðhross ganga úti.

Febrúar 1960

Febrúarmánuður var í heild góður að veðurfari. Þurviðrasamur, svo að eftir þ. 8. kom aldrei væta svo teljandi sé, enda er hér og á stöku stöðum farið að bera á vatnsskort. 11 dagar voru frostlausir, stundum talsverður hiti. Allan mánuðinn var að kalla snjólaus jörð. Vegir oftast eins og um hásumar. Seinni hluta mánaðarins var oft hvast og því mjög gjóstugt og kalt. Aths. Lágmarksmælir er enn í ólagi og því ekki vitað um næturfrost, en ég hefi alltaf skrifað það sem hann sýnir, svo hægt sé að sjá vinnubrögð hans.

Marz 1960.

Það er vor í lofti og vor á jörð. Loftið er milt og túnin byrjuð að grænka. Fyrstu 6 dagana var frost, mest þ. 2. -12,2 st. Eftir það var hér mesta veðurbliða svo að fáir eða engir muna slíkt í marzmánuði. Þann 4. snjóaði og rigndi, svo vatnsskortur sem orðinn var í febrúarlök var úr sögunni. Urðu menn því næsta fegnir. Í dag (1.4.) er svo mikið góðveður, sólskin og logn, með 9,6 st. mestum hita, að líkara er að væri 1. júní en 1. apríl. Seinnipart mánaðarins hefir lág.m.ælirinn tekið sér fram. Hann er hættur að stíga og hefi ég því ekki lengur ástæðu til að rengja hann. Sumir eru lengi að hafa sig upp!!!

Apríl 1960

Aprílmánuður er í huga minum ein samfeld heild góðviðra, en gott veður hefir ósegjanlega mikil og góð áhrif á líðan manna og dýra, og því dáum við það. Átta nætur var lítilsháttar frost, mest -5 st. þ. 15. Aldrei var frost að degi, nema þrjá morgna. Alla daga var hiti. Smámsaman grænka túnin, en gróðurinn fer mjög hægt, bæði á túnum og úthaga.

Maí 1960

Óvanalega hlý og góð veðráttu allan mánuðinn. Grasspretta ákjósanlega góð.

Júní 1960

Indæl og ágæt veðráttu. Grasspretta í besta lagi, en sakir óþurka og voranna hefir sláttur ekki hafist fyr en nú alveg nýlega.

Júlí 1960

Veðráttu í júlímánuði var mjög hagstæð til heyskapar fram til þess 20. Þá höfðu flestir hér um slóðir slegið mest allan fyrri slátt á túnum og þurkað og sett töðuna, en lítið hirt inn. Til þess vannst ekki tími, því nóg var að við að slá og þurka heyið. Svo kom vætutíðin og sætin blotnuðu svo ekki var hægt að hirða þá upp stytta, nema þar sem súgþurkun er. Urðu menn því

að bíða með það og er þessvegna enn mikið úti víðast hvar. Grasspretta er ágæt og töðufall því mikið.

Ágúst 1960

Ágústmánuður var svo góður að veðurfari að fullorðnir menn muna ekki um áratugi slíka tíð. Taðan, sem úti var í byrjun mánaðarins var hirt í hlöður og galta. Háin slegin og sumt af henni þurkað, hitt sett í súrhey. Allur heyskapur búinn nokkrum dögum fyrir mánaðarlok. Marga daga var logn og unaðsleg veðurblíða, einkanlega síðustu vikuna. Úrkoma var mjög lítil, aðeins 14,0 mm yfir mánuðinn.

September 1960

Septembarmánuður var dásaml. góður að veðurfari. Fáir menn muna slíka veðurblíðu og væga úrkomu að hausti til eins og núna. Eina nótt var frost á mæli, aðfaranótt þ. 25. –1,9 st. Mér telst að 10 dagar mánaðarins hafi verið alveg þurrir, en 20 daga mælanleg úrkoma, var þá sólarhringsúrkoman frá 0,1 mm til 9 mm. Kýr liggja enn úti um nætur og er ekki gefið hey, bara matur, en nú er tún tekið að blikna og verður því brátt að gefa þeim og hýsa.

Október 1960

Októbermánuður var einn hinn besti, sem menn muna um áratugi, mildur og þurviðrasamur, kyrt og fagurt veður einkenndi talsverðan hluta mánaðarins. 7 daga var mælanleg úrkoma, sem nam 46,5 mm yfir mánuðinn. Tvisvar sást snjóföln þ. 29. og 30., sem hvarf fljótt aftur. Vætan var til bóta því vatnsskortur var að gera vart við sig sumsstaðar og truflaði rafmagnsnotkun lítilsháttar. Jörðin er auð og þíð. Allur sauðfénaður gengur sjálfala.

Nóvember 1960

Tíð óviðjafnanlega góð allan mánuðinn. Enginn man slíka veðráttu um áratugi. Aldrei sást snjóföln á jörð né snjókorn í lofti. Jörðin er auð og frosin og allt of þur fyrir skepnur sem úti ganga. Allt sauðfé gengur sjálfala.

Desember 1960

Desembm. er talinn góður að veðurfari, sérstakl. fyrrihlutinn. Fram undir miðjan mánuð var jörð aðeins fölvuð af snjó sem hvarf fljótt aftur en á aðfangadag jóla snjóaði mikið í logni í og varð jafnt yfir allt svo ekki sást fyrir vegum. Mjólkurbíllinn teptist hér og komst ekki með mjólkina úr Hvítársíðu og Þverárhlið til Borgarness, fyr en á jóladag. 14 daga mánaðarins var mælanl. úrk., mest þ. 24., 17,4 mm yfir sólarhringinn. Þá varð snjódýptin 34 sm. Núna er jörðin flekkótt að meiri hluta af snjó og svellum og mjög mikil hálka. Sauðfé ekki beitt, nema hleypt úti vatn.

Janúar 1961

Janúarm. er talinn mildur og góður að veðurfari, þó stundum fyndist manni blása svalur vindur. Sérstaklega var hann snjóléttur. Aðeins 9 daga var snjódýpt mælanleg, mest þ. 13., 7 sm. Aðeins 13 daga var mælanleg úrkoma. Jörð er að mestu auð á láglendi, skafar aðeins í giljum og lautum. Sauðfé er beitt, en það sparar lítið hey, því jörðin, eða réttara sagt hagar eru svo léttir hér. Stóðhross ganga sjálfala.

Febrúar 1961

Átta fyrstu dagana var frost og þurviðri. Eftir það var mælanleg úrkoma alla daga ýmist af snjó eða regni, nema 26. og 28. Tíðin var svo umhleyppingasöm. Yfirleitt var mjög snjólétt allan mánuðinn. Tamin hross eru hýst, folaldsmerum og ungvíðum gefið úti. En dugleg stóðhross ganga sjálfala. Sauðfé er beitt lítilsháttar.

Marz 1961

Marzmánuður var umhleyppingasamur, sífeldar úrkomur, ýmist af regni eða snjó. Aðeins 3 sólarhringa var úrkomulaust, þann 18., 23. og 29. En aldrei var stórfeld úrkoma. Jörðin er

alhvít eins og jökull, hvergi sér á dökkan díl, en snjórinn er grunnur, allir vegir færir bílum. Hross hafa nóga haga, en sauðfé látið út, aðeins í vatn.

Apríl 1961

Vorð er komið, veturinn liðinn, sem var einn hinn mildasti og snjóléttasti sem menn muna, en aprílm. var samt snjóhvítur og talsv. harður í samanburði við vetrarmánuðina, þar til þ. 18., að brá til sunnanáttar og hlýju. Þá fór jörðin að verða flekkótt og þ. 20. var hún orðin að meirihluta auð. Þá var snjór síðast mælanlegur á sléttri flöt. Og nú sést grænka á tünnum og tíðin er mjög góð.

Maí 1961

Maímánuður var sæmilegur að veðurfari, ekki vel hlýr og ekki heldur mjög kaldur, t.d. voru aðeins 2 frostnætur. Jarðargróður hefir farið hægt, en mjakaðist þó áfram.

Júní 1961

Júnímánuður var oft kaldur og leiðinlegur að veðurfari, en væta var það mikil að grassprettu leið ekki mikið við það, sérstaklega seinni hluta mánaðarins. Fyrri hlutinn var þurviðrasamari og fór gróðurinn þá mjög hægt. Margar nætur voru kaldar þó ekki væri frost. Í síðustu viku mánaðarins gerði aftakavont veður fremst í Hvítársíðunni með roki og krapahrið, skeði þá sá fágæti eða einstæði atburður að nokkrar ær úr Reykholtsdal króknuðu, var verið að reka á fjall nýrúíð fé. Reksturinn var kominn fram í Hvítársíðukrök þegar ærnar króknuðu, en þá var komið fram á kvöld. Hér í Niðursíðunni var þetta kvöld meinlaus rigning, eins og oft áður. Tún eru mjög misjafnlega sprottin og sláttur yfirleitt ekki hafinn.

Júlí 1961

Hér og í grendinni var dágóð heyskapartíð, þó oft væri erfitt að þurka framan af mánuðinum, því þá voru þurkleysur og úrkomusamt, en þar sem er súgþurkun í hlöðum, var hægt að þurka heyið jafnóðum, því þá getur nægt að hálfþurka það, áður en það er blásið inn, þó betra sé að þurka það sem best. Seinni hluti mánaðarins var hagstæðari, eða nánar til tekið, eftir þann 23. var ágæt tíð, en fyrir þá helgi var heyskapur kominn í strand af þurkleysi, en þá komu 6 þurkdagar í röð og björguðu öllu við, þó stundum væri vindurinn nokkuð harður, og gerði verkið erfiðara, varð enginn skaði af því. Sláttur hófst hér í byrjun mánaðarins og nú (1.8.) er fyrri slætti lokið og taðan að mestu uppsett, og talsvert mikið hirt inn með góðri verkun. Grassprettu var góð.

Ágúst 1961

Ágústmánuður var mildur að veðurfari. 14 fyrstu dagarnir voru að mestu úrkomulausir. Seinni hlutinn var vætusamur og því ekki hagstæð heyskapartíð. Víða mun vera óþurkað hey, en háarsláttur er hafinn til votheysgerðar.

September 1961

Septembarm. var úrkomusamur, en mjög mildur. Engin frostnótt, kartöflugras var ófallið þegar tekið var upp úr gördum rétt fyrir mánaðarlokin. Minstur næturhiti var 0,8 stig þ. 24., en þá fraus á jörð til fjalla og niður undir láglandi. Heyskapartíð var erfið sakir votviðra, en endaði þó farsælega. Tún eru græn, en á úthaga slær gulum haustlit. Kýr ganga enn sjálfala.

Október 1961

Veðráttan var fágætl. mild fram yfir miðjan mánuð, sögðu margir að um árafjölda myndu þeir ekki slíka tíð, en talsverð úrkomusöm, þó aldrei stórrigning. Tvo daga sást snjór á jörð þ. 17. og 18., þó minna en að hálfu leyti. Einnig festi snjór þ. 29., en aðeins stundarkorn. Kýr voru teknar (hér) inn þ. 17., en seinna þar sem hægt var að beita þeim á fóðurkál eða græna nýrækt. Jörð er nú alauð (1.11.), en dálítið héluð, frosin og þur.

Nóvember 1961

Ekki festi snjó á jörð svo teljandi sé fyr en 23. Þá varð jörð hvít að meira en hálfu leyti. Hinn 28. varð alhvít jörð og hefir verið það síðan. Þá var ám smalað og þær teknar inn, lömb voru áður tekin í hús og gefið inni, strax þegar snjó festi. Úrkoma var oft mikil þegar frostlaust var. Allt sauðfé er nú hýst og gefið, er úti aðeins litla stund að deginum, til að fá sér vatn eða snjó og líka grípur það í jörð, sem sparar hey, en öllum finst fé standa mjög illa á beit. Sömuleiðis eru tamdir hestar á húsi og heyi, þeir sem notaðir voru í haust í fjallgöngur og heimasmölun.

Desember 1961

Níu fyrstu daga mánaðarins var norðlæg átt, jörð alhvít, kuldi og frost, sem varð mest þ. 3. – 17 stig. Frá 10.-25. var mildari veðrátt, oft frostlítið og stundum talsverður hiti, mest þ. 18. og 19., 8,5 stig. Á þessu tímabili var vindur oft hægur og stundum logn og blíðviðri. Þann 23. var koldimm þoka, logn og hiti um og yfir frostmarki. Frá 25. til 31. var kuldi og frostharka. Þann 31. dró úr frostinu, vindur varð suðaustanstæður og um kvöldið var kominn hiti, 1,3 stig. Í dag 1.jan. 1962 er hláka og rigning með 4 til 5 stiga hita. og snjórinn hvefur óðum.

Janúar 1962

Veðráttan var mild, en óstöðug og umhleyplingasöm. Fyrstu 4 daga var úrkomusamt, en talsverður hiti á mæli, sem varð mestur 6,6 stig þ. 2. en úr því mátti heita að væri sitt á hvað, frost og hiti, él eða skúrir, en oft góðir dagar inn á milli. Aldrei var frostharka, aldrei stórrigning eða stórhrið, aldrei ofsarok, sem olli skaða eða skemmdum. Jörðin er alhvít af lausamjöll, en hagar eru nægir fyrir dugleg hross. Sauðfé er beitt þegar veður leyfir.

Febrúar 1962

Veðráttan mjög óstilt, úrkomusöm og umhleyplingasöm, en snjólétt allan mánuðinn. Þann 11. var hér stórhrið, svo illfært var fyrir mjólkurbíla um morguninn. Seinna um daginn komust þeir ekki leiðar sinnar fyrir snjókomu og roki. Síðustu 4 dagana var stilt og þurt veður. Jörð er nú frosin og þur og að mestu auð, skafar aðeins í djúpum giljum og lautum. Sauðfé er beitt, en jörðin er svo létt, að það sparar lítið hey.

Marz 1962

Það sem mest einkendi marzmánuð var þurviðri og staðviðri. Mánaðarúrkoman var aðeins 0,6 mm. Jarðlag alltaf eins allan mánuðinn. Frá 1.-15. var frost og kuldi. Mest varð þá frostið - 13,0 stig. Frá 16. til 25. að báðum dögum meðtöldum, var góður kafli. Voru allir þakklátir fyrir það góða veður, sem minnti mann á vorið. Þann 26. kólnaði aftur og hélst óbreytt til mánaðarloka. Jörðin er eins og hún var við lok febrúarmánaðar, frosin og þur og að mestu auð í byggð, en fjöllin hvít.

Apríl 1962

Fyrstu 12 daga mánaðarins var mælanlegt frost. Eftir þ. 12. var aldrei frost. Hiti var þá oft talsvert mikill, mestur þ. 28. 14,2 stig á hámarks mæli. Í dag er dásamlega gott veður. Jörðin er alauð, en rök í rót, af því klakinn er að þiðna. Sauðfé er hýst hér og gefið hey og matur en þar sem haglendi er kjarnbetra, er búið að sleppa því.

Maí 1962

Fyrri hluti maímánaðar var kaldur og þurviðrasamur svo gróðurinn gekk mjög hægt en síðast í mánuðinum rigndi talsvert og þá grænkaði fljótt og grasið fór að spretta á tünnum. Langt fram eftir mánuðinum var sauðfé hýst um nætur og gefið af því það fékk ekki nægju sína á gróðurleysinu. Ekki er farið að beita kúm né setja kartöflur í garða, en er áætlað að gera það í næstu viku.

Júní 1962

Júnímánuður var kaldari en vera bar, sérílagi var næturhiti lítill. Sífeldir næðingar af norðri, suðri og vestri herjuðu á jörðina og dró það úr grassprettu, enda mun sláttur hefjast seinna en undanfarin ár. Í fyrstu viku mánaðarins voru kúr láttnar út og kartöflur settar í garða. Tún eru

hér ekki kalin, nema á fremstu bæjum í Hvítársíðu er sagt að beri talsvert á því. Hér er nýbyrjað að láta kýr liggja úti um nætur.

Júlí 1962

Í júlímánuði var hér sæmileg heyskapartíð. Grasspretta var í meðallagi og hófst sláttur yfirleitt snemma í mánuðinum, eða að minnsta kosti fyrir miðjan mánuð. Þurkar hafa verið of stuttir í einu en oft hefir sólin skinið, og oft verið skúrasamt, þó misjafnt hafi fallið niður, sumsstaðar komið ofan í hálfþurt hey, en í næsta nágrenni ekki dottið dropi. Hey hafa samt ekki hrakist til muna. Hér er langt komið að slá fyrri slátt, og talsvert af töðu hirt inn, svo mun vera hér í grendinni.

Ágúst 1962

Ágúst mánuður var góðviðrasamur og úrkomulítill, en heyþurkur var lélegur og þornuðu hey því aldrei nógu vel. Frostnótt var engin, en næturhiti varð oft lítill, minnstur þ. 13., 1,5 stig. Töðufengur mun yfirleitt vera í minna mæli, hafa því margir gripið til smávegis heyskapar á engi til að auka heyforðann.

September 1962

Septembarmánuður var úrkomusamur, sér í lagi seinni hlutinn. Heyskapartíð var því mjög erfið og varð sama sagan og í ágústm. að engin tugga þornaði vel, hvorki taða né úthei og eru hey því ekki vel verkuð þar sem ekki er súgþurkun. Há spratt ekkert, sem teljandi er, og vantar því þann hluta í heyforðann sem þar fyrir utan er í minna lagi. Tvisvar sinnum var mælanlegt næturfrost, þ. 11 og þ. 27. Mest varð úrkoman þ. 24., þá snjóaði líka svo að jörð varð alhvít nokkra klukkutíma, en snjórinn hvarf þó aftur og eftir varð bleyta eins og vant er í mikilli úrkomu. Kartöflur spruttu hér mjög illa.

Október 1962

Októberm. var mjög úrkomusamur, en hlýr framan af. Þ.23. var fyrsta frostnóttin. Upp frá því var frost á hverri nóttu og einnig flesta daga. Þá fór að snjó, en hér í sveit var það lítið móts við það sem var víða annarsstaðar. Aðeins eina nótt var hér alhvít jörð, þessutan bara flekkótt af föli, sem hvarf smátt og smátt þó frost væri. Nú (1.11.) er jörðin auð á láglandi, frosin og þur, flekkóttir hálsar, en fjöllin hvít.

Nóvember 1962

Frá 1.-5. var þurviðri og jörð frosin og þur. Frá 6.-12. auð jörð, en vot. Þann 13. að nóttu setti niður snjó og eftir það var jörð annaðhvort alhvít eða flekkótt af snjó. Í byrjun snjó var sauðfé tekið í hús, og var ekki sleppt aftur, en hagar voru góðir og þurfti því ekki að gefa mikið. Hitastig var mjög breytilegt, frost og hiti skiptust stundum ört á.

Desember 1962

Fyrstu 7 daga mánaðarins var hiti frá 1 til 10 stig og jörð auð að mestu. Þá frysti og skiptist á frost og hiti, regn og snjócoma fram undir jólin (ef úrkoma var). Á aðfangadag jóla (þ. 24.) stilti til og var stilt veðráttu til mánaðarloka, þann tíma varð frost mest -12,5 stig. Allan mánuðinn var mjög snjólétt. Aðeins einu sinni mældist snjór 12 cm. Þess utan frá 0-4 cm.

Janúar 1963

Fyrstu 14 daga mánaðarins var frost og þurviðri. Þá byrjaði að rigna, og um nóttina snjóaði svo að jörðin varð alhvít. Eftir það varð úrkoma við og við, ýmist af snjó eða regni, þó aldrei stórkostleg. Alhvít jörð varð aðeins 6 daga. Þess utan var hún flekkótt af snjó, eða auð, en alltaf snjólétt. Verst var veðrið þ. 24. Þá snjóaði svo mikið að vegir urðu mjög seinfarnir. Þann dag fór fram jarðarför hér í Síðumúla. Í því tilefni kom fólk frá Reykjav. og var meira en 8 klst. á leiðinni. Athöfninni seinkaði við það um 2 klst.

Febrúar 1963

Febrúarmánuður var einn sá bezti og mildasti sem gerist. Aðeins þrjá og hálfan sólarhring var jörðin alhvít, þess utan alltaf flekkótt af snjó og svellum að meiri eða minni hluta.

Marz 1963

Marzmánuður var sá hlýjasti og bezti sem komið hefir um áratugi, þeir sem eru fróðir um veðurfar telja að síðan 1929 hafi enginn komið slíkur. 21 dag var jörð í byggð alauð, en aðeins einn dag var hún alhvít, þó ekki allan daginn. Þetta var þ. 26. Þann dag varð mesta mælanleg úrkoma: 9,7mm.

Apríl 1963

Aprílmánuður var að veðurfari áfallasamur. Þó engin minnisverð tíðindi gerðust hér í sveit, þá greiddi hann mörgum þung högg og stór, sem aldrei verða bætt. Þeim er þau hittu (sjóslýs og fjárskaðar á Norðurlandi, sem fréttir hermdu). Frá 1. til 9. var hlý veðrátta, framhald af góðviðrinu í marz. Var jörð þá tekin að grænka svo að sá til á tünnum, en þá kom 10 daga kuldakast, með miklu frosti, fylgdi þá stundum snjókoma og allhvass vindur. T. d. komst frostið eina nótt í tæp 15 stig þ. 11. Í þessum frostakafla bliknaði gróðurinn, stóð sauðfé þá illa á haga og útigangshrossum, sem á þessum tíma vetrar eru orðin gishærð, leið illa. Lökust var Dymbilvikan og fram í miðja páskavíkuna. Þá brá til bata þ. 19. og eftir það var engin frostnótt nema þá síðustu að snjóaði og var alhvít jörð fram eftir deginum. Í dag (1.5.) er sæmilegt veður. Frost og þurviðri í nótt.

Maí 1963

Kuldi og gróðurleysi ríkti fram yfir miðjan mánuð. Þá var sauðburður byrjaður og leit ekki vel út með hann ef fjöldi af ám þyrfti að bera í húsum, en þá fór að hlýna og rættist þá úr svo að neyðarástand varð ekki hér um slóðir, þó kuldaköst komu við og við. Í dag (1,6) er gott veður vonandi varanl. vorveðrátta. Gróðurinn fer hægt að vaxa, en getur þróast ört ef góðviðri helst.

Júní 1963

Júnímánuður kom með sól og vor, og var yfirleitt góður og hagstæður að veðurfari, en væta hefði þurft að vera meiri fyrir jörðina og gróðurinn. Mánaðarúrkoman var aðeins 28,8mm, mest þann 23., 9,5mm. Heitasti dagurinn var þ. 7., 20,0 st. Þann dag voru hér settar kartöflur og kýr láttnar út í fyrsta sinn. Sláttur er ekki byrjaður hér í sveit, nema sumstaðar slegið kringum bæi. Ekki er heldur farið að rýja ær, en í dag er smalað hér og á rúning þá að byrja.

Júlí 1963

Fyrstu 20 dagar mánaðarins voru mjög úrkomulitlir, en þ. 21. rigndi 15,6mm og var það mesta sólarhringsúrkoman. Frá 22. til 25. úrkomulaust. Frá 26. til 31. dagleg úrkoma. Hitastig var mjög breytilegt. Heyskapur hófst hér viku af júlí, gekk vel að þurka töðuna meðan þurviðrið var, en kuldinn seinkaði samt mikið fyrir að hún þornaði vel, en síðan vætutíminn byrjaði, hefir lítið þornað, en dálítið náðst inn. Háin byrjaði að spretta þegar vætan kom og vonar maður að þar komi viðbót við töðuna, sem er í minna lagi. Kartöflugras tók að sér og gulnaði í næturkuldanum, en féll ekki alveg.

Ágúst 1963

Mánaðarúrkoman 18,3mm. Heyskapartíð var því góð, en háin spratt lítið. Hefir því verið slegið á engi með orfi og ljá til að bæta við heyfenginn, sem er samt minni en undanfarin sumur. Heyskap er víða að verða lokið.

September 1963

Fyrsta dag mánaðarins var talsverð úrkoma, en frá þeim degi til þess 11. var mjög lítil mælanl. úrk. Að kvöldi þess 24. byrjaði að snjóa, setti niður mikinn snjó frammi í Hvítársíðunni (og til fjalla)svo að á tímabili varð haglaust fyrir sauðfé og kýr, en hér heima varð ekki alhvítt nema litla stund þ. 25. Kýr voru þó láttnar út á hádegi, en lögu fyr var farið að hýsa þær um nætur og byrjað að gefa þeim hey. Kartöflur spruttu illa, en gulrófur betur.

Október 1963

Októbermánuður var mjög mildur. Aðeins 8 nætur var mælanl. frost. Seinni hluti mánaðarins var enn hlýrri en sá fyrri, engin frostnótt eftir þ. 16. Jörðin er nú alauð og þíð eins og á sumardeggi. Veturinn heilsaði dásamlega vel.

Nóvember 1963

Nóvemb. var kaldur og þurviðrasamur fram til þ. 20. Aðeins 1 dag áður var mælanl. úrkoma, þ. 11. Þá féll fyrsti snjórinn í eljum og var jörð flekkótt af snjó eftir það til þ. 20., að setti niður 20sm djúpan snjó. Jörð var þá alhvít til 26. að hlýnaði í veðri og fór að rigna. Eftir það var hlý veðráttá en vætusöm til mánaðarloka. Þ. 20. var sauðfé smalað og hefir síðan verið hýst um nætur. Jörð er nú að kalla auð á láglandi. Snjór aðeins í djúpum lautum.

Desember 1963

Desemb. mánuður var mildur, sér í lagi fyrri helmingurinn. Tvo fyrstu dagana var vægt frost, en svo ekki fyr en þ. 17. Seinni hlutinn var kaldari, komst frost einn dag í $-13,1$ stig þ. 26. en inn á milli komu hlýir dagar. Í dag (1.1.1964) hvessti óvanalega mikið af suðaustri um morguninn, en snerist brátt til suðvesturs með smá skúrum. Eftir hádegisdag var hvassast, 10 vindstig (áætlað). Ekki gerði þetta veður neinn skaða hér í Síðumúla en messa sem átti að fara fram (hér) féll niður, því hvorki prestur né söfnuður treystu sér til að hreyfa bíl. Seinni hluta dagsins lægði veðrið og um kvöldið kl.8 voru aðeins 4 vindstig. Jörð er mikið til auð á láglandi, skaflar aðeins í dýpstu lautum.

Janúar 1964

Janúarmánuður var óvanalega hlýr og mildur. Að miklum meirihluta hans var jörð alauð, eða því sem næst. Fjóra heila daga var alhvít af snjó, sem voru þrír síðustu dagarnir og sá 21. Alla aðra daga var alveg auð jörð, eða flekkótt að meira eða minna leyti, en það var úrkomusamt. Nú er jörð snævi hulin, kalt og vetrarlegt. Eru það viðbrigði fyrir menn og skepnur eftir blíðviðrið á undanförunum vikum.

Febrúar 1964

Fyrstu 5 daga mánaðarins var frost og kuldi með snjókomu eða eljagangi. Komst þá frost í tæp 20 stig aðfaranótt þess 5. Þessa daga var jörð alhvít. Eftir það var einstök veðurbliða, svo að minnugir menn telja að ekki hafi komið slík síðan veturinn 1929. Eftir þ. 15. var jörð alauð.

Marz 1964

Marzmánuður var einn sá bezt, er ég man. Sífelldar veðurbliður nótt sem dag að heita má allan mánuðinn út. Aðeins 3 daga sást snjór á jörð, frá 24. til 26. og þar að auki snjóföln að morgni þess 29., sem hvarf innan stundar. Tún eru orðin græn, sér í lagi þar sem áburður liggur á, og víða búið að slóðadraga nokkurn hluta þeirra. Marz og einmánuður voru góðir vinir, en á því hefir oft verið misbrestur, áður fyr.

Apríl 1964

Aprílmánuður var ágætlega góður. Snjór á jörð sást aðeins 4 daga, frá 8. til 11. Túnnum hefir lítið farið fram þennan mánuð, það gerir þurviðrið og norðankalsinn, stundum allhvass vindur, samt er gróðurinn talsvert meiri en venjulegt er á þessum tíma vors. Sauðfé er hýst um nætur og gefið hey og matur.

Maí 1964

Maímánuður var indæll að veðurfari. Svo mikla veðurbliðu muna víst fáir um sauðburð. Jarðargróðri hefir farið mikið fram og er talinn mikið meiri en venjulega í maílok, þrátt fyrir vætu.

Júní 1964

Fyrri hluti júním. var þurviðrasamur og stundum gjóstugur. Var jörðin þá allt of þur, svo að grasið spratt lítið, þar til væturnar komu eftir miðjan mánuð. Þá tók úthagi að gróa og túnin að spretta. Seinustu vikuna rigndi daglega. Það var mjög bagalegt vegna þess að rúning sauðfjár stóð þá yfir. Sumsstaðar er byrjað að slá best sprottu blettina, en þar rignir heyið og hrekst í vætunni. Í dag (1.7.) hefir sírignt og vindur snúist hægt frá suðaustri til norðvesturs.

Júlí 1964

Í júlímánuði var erfið og óþægileg heyskapartíð. Þurkar of stuttir svo að ekki var hægt að þurka nógu vel nokkra heytuggu, en þetta er allt í lagi þar sem súgþurkun er í hlöðum, annars er hætt við að hitni fullmikið í töðunni. Hér er lítið komið inn nema þar sem súgþurkun er, og því ekki reynsla komin á hitt. Fyrri sláttur er víða að mestu búinn. Grasspretta varð ágæt eins og vant er í vætutíð. Í dag (1.8.) er indælt veður, sólskin með hægri austan- og norðaustan átt, stundum er logn.

Ágúst 1964

Ágústm. var mjög þurviðrasamur og því góð heyskapartíð. Bætti það vel upp votviðrin í júlímánuði. Allir gátu hirt sín hey og var slætti að mestu lokið um mánaðamót. Sumir áttu þó úti talsvert af sætum. Fyrri hluti mánaðarins var hlýr og yndislegur. Seinni hlutinn varð kaldari og gerði þá víða næturfrost sem olli miklu tjóni á kartöfluuppskeru, þar sem grösín féllu svo snemma.

September 1964

Fyrstu 6 daga mánaðarins var úrkoma. Frá 7. til 21. var að mestu þurviðri, var þá stundum næturfrost, 21. til 23. Jörðin er blaut og orðin mjög bliknuð og létt til fóðurs handa kúm, sem nú er nýlega farið að hýsa um nætur. Þeim er gefið dálítið hey og að sjálfsögðu matur, hann hafa þær allt árið. Kartöfluuppskera var hér mjög rýr, en gulrófur og kál spruttu vel.

Október 1964

Októberm. var mildur, en úrkomusamur: 23 daga var mælanleg væta. Þar að auki varð úrkomu vart, en ekki mælanlegt 3 daga. Það voru því 5 dagar alveg þurrir. Frá 22. til 25. var snjóföl á láglandi. Jörðin er auð, en mjög blaut. Fyrir nokkru voru kýr alveg teknar inn.

Nóvember 1964

Fyrstu 12 daga mánaðarins var veðráttan mild, en úrkomusöm. Þann 23. byrjaði aftur að snjóa og eftir það var jörð alhvít til mánaðarloka. Í byrjun þeirrar snjókomu voru ærnar teknar í hús og hey um nætur en beitt að deginum.

Desember 1964

Allan desembermánuð var jörðin alhvít, nema 5 daga, sem hún var flekkótt, -frá 17. til 23.- Þá daga var frostlaust eða lítið frost og stundum nokkura stiga hiti, mestur varð þá hitinn þ. 21., 8,0 stig. Sjaldan var hart frost, komst þó mest í -16,0 stig þann 25. að nóttu. Snjórinn var grunnur, frá 4 til 10 sm djúpur á flatlandi.

Janúar 1965

Fyrstu 20 daga mánaðarins var frost og kuldi og alhvít jörð. Þó sáust þrisvar auðir hnattar þ. 3. 6. og 7. En þann 21. hlýnaði í veðri og snjórinn tók að leysa og varð jörð þá flekkótt af snjó að meira eða minna leyti til mánaðarloka. Veðurumskiptin voru mjög góð, úrkomulítill og því mjög hagstæð. Fyrstu 2 dagana var nokkuð hvasst, en úr því hæg suðlæg átt, en þ. 29. var þá frost. Jörð er að verða auð á láglandi, en fjöllin hvít.

Febrúar 1965

Febrúarmánuður var merkilega mildur, þegar þess er gætt að hafís er talsverður við Vestur- og Norðurlandið, sumstaðar landfastur, þó ekki sé landfesta hans varanleg. Hann virðist ennþá rokka til og frá landinu eftir vindstöðu, eftir því sem fréttir herma. Vonandi hverfur sá vágestur á brott sem allra fyrst. Á tímabili var veðurfar óstöðugt oft snögg veðurbreyting frá

frosti í hita og blíðviðri í harðviðri, sem sjaldan stóð lengi. Minnisstætt er, hvað Þorri kvaddi vel þ. 27. og hvað Góa heilsaði fallega þ. 28.

Marz 1965

Fyrstu 11 daga mánaðarins var breytileg veðrátt, frost eða hiti, úrkoma eða þurviðri. Frá 12. til 30. var aldrei mælanleg úrkoma. Jörð var oftast auð í byggð, en frosin og þur. Fjöllin hvítleit. Þ.31. var dásamlega gott veður, sumarblíða. En ekki err enn neitt fararsnið á hafísnum.

Apríl 1965

Fyrstu 13 daga mánaðarins var auð jörð. Þ.14. fyrsta snjókoman og var jörð hvít eða flekkkótt af snjó til 20. Þann 21. fór aftur að hlýna og snjórinn hvarf og var snjólaust það sem eftir var mánaðarins. Jörðin er lítið farin að grænka hér um sllóðir. Allt sauðfé hýst og gefið. Hafísinn er þaulsætinn. Þó hann lóni sumstaðar frá í bili blíðviðrisdagana, snýr hann fljótt aftur, eftir því, sem fréttir herma.

Maí 1965

Maímánuður var yfirleitt bjartur, næturkaldur og með afbrigðum þurrkasamur. Úrkoma allan mánuðinn mældist aðeins 23,3mm, þar af þrjá síðustu sólarhringana 14mm. Spretta var því til vandræða lítil, þar til þessa síðustu vætuhljúja daga.- Lítur nú út fyrir að spretta verði eðlileg miðað við tíma. Sauðburður gengur vel, en frekar seint, einsog oft er, þegar veður eru þurr og mild. Hér í kring var byrjað að setja í garða rétt fyrir mánaðamót.

Júní 1965

Júní yfirleitt hlýr og góður. Grasspretta hér og í næsta nágrenni því ekki minni en í meðallagi. Var því byrjað að slá seinnipart mánaðarins. En þar sem nær dregur fjöllum er sláttur ekki hafinn. Þar var bæði kaldara og minni úrkoma. Hérr kom oft góð væta, sem ekki náði til fjalla eða innstu dala. Mánaðarúrkoma er ekki mikil, aðeins 36,3mm. Kýr fyrst láttnar út í fyrstu viku mánaðarins.

Júlí 1965

Júlímánuður var yfirleitt dásamlega hlýr og þurviðrasamur, og því indæl heyskapartíð enda er fyrri sláttur hér um slóðir að heita má búinn, man ég ekki slíka veðurblíðu um mörg ár. T.d. fyrsta vika mánaðarins verður mér lengi minnisstæð, hve sólrík hún var og unaðslega hlý, komst hiti þá fleirum sinnum yfir 20 stig.

Ágúst 1965

Í ágústmánuði var ágæt heyskapartíð fram undir miðjan mánuð. Eftir það varð ekki eins þurkasamt og að síðustu kaldar nætur, þó aldrei frost á mæli. Minnstur hiti varð þ. 31., 0,5 stig að nóttu. Þá féll kartöflugras að miklu leyti, en ekki alveg. Ég hygg að all flestir hér um kring hafi hirt hey sín með góðri verkun.

September 1965

Septembarmánuður var yfirleitt mildur og góður að veðurfari. Hastrigningar hafa verið mjög vægar. Kartöflur spruttu sémilega hér. Gulrófur og kál, sem enn eru að spretta, er ágætt. Kýr liggja enn úti um nætur.

Október 1965

Oktob.m. var óvanalega hlýr, en úrkomusamur eftir þann 10. Fyrsti snjórinn féll eftir þann 31. að nóttu. Þá varð alhvítt af snjó, en þrjá dagana næstu þar áður, var jörðin þur en frosin. Í votviðraköflunum urðu hér mikir vatnavextir: Hvítá í Borgarfirði, Norðurá í Norðurárdal og Þverá í Þverárhlíð urðu það mesta sem sést hefir um langt árabíl, en ekki hefir heyrst um verulegt tjón af þeim sökum. Nú er jörð alþakin þurri lausamjöll.

Nóvember 1965

Seinni hluti mánaðarins var kaldur. Tvo fyrstu dagana og fram á þann þriðja var alhvít jörð, þá hvarf snjórinn og var auð jörð til 22. Þá féll aftur snjór, sem enn hylur frosna jörðina, en snjórinn er grunnur. Sett sauðfé er hýst og gefið.

Desember 1965

Þurviðri og staðviðri einkendu mest þennan mánuð. Fyrstu 4 dagana var úrkomulaust en frost. Þ. 15. og 16. rigndi svolítið. Mældist úrkoman 5mm til samans báða dagana og það var síðasta mælanl. úrkoma mánaðarins, sem mér telst að hafi orðið alls 17,5mm yfir mánuðinn. Þessa hlýju daga hvarf snjórinn að mestu leyti, en frost og þurviðri næddi um jörðina svo að í mánaðarlokin varð sumstaðar knapt um vatn handa skepnum. Nóttina þ. 29. hvessti hér óvanalega mikið, þá fauk hér stór heygalti, sem stóð við hlöðu á túninu. Þurviðrið bjargaði þá, svo að heyið náðist að mestu með hjálp góðra nágranna. Þá brotnaði líka símastaur hér í nágrenninu og urðu þá margir bæir í Hvítársíðu símalausir þann dag.

Janúar 1966

Janúarmánuður var eins og margir aðrir, að skiptist á frost og hiti. Allan mánuðinn var mjög snjólétt og oft sama sem auð jörð. Úrkoma var mjög lítil. En frostið og snjóleysið gerði það að verkum, að víða fraus vatn í leiðslum svo heimilin urðu vatnslaus, þar til búið var að gafa ofan af pípunum og bræða úr þeim með rafmagnssáhöldum, því svo heppilega vill til að hér í nágrenninu er maður sem á tæki til þessa nauðsynjaverks, og hefir hann mörgum hjálpað, sem vatnslausir urðu í Héraðinu að undanförunu. Seinasta vikan var mjög veðrasöm. Voru þá oft 7, 8 og 9 vindstig af norðaustri með hörku skafrenningi og snjókomu.

Febrúar 1966

Febrúarmánuður var kaldur, stormasamur og sérstaklega þurviðrasamur. Öll úrkoma mánaðarins var aðeins 6,3mm. Alla daga var talsvert frost. Jörð var snjólétt, aldrei auð, en sjaldan alhvít, oftast þakin snjó, meira eða minna en að hálfu leyti. Vatnsskortur er víða sakir frosta og þurka.

Marz 1966

Allan mánuðinn var jörðin hulin snjó að meira eða minna en að hálfu leyti og stundum alhvít. Eftir þann 20. var alltaf frost og kuldi, mest þ. 31., -17 stig. Núna er jörð að kalla má alhvít. Sauðfé er allt á fullri gjöf.

Apríl 1966

Aprílm. frekar mildur, sér í lagi seinni hlutinn, þurviðrasamur og snjóléttur. Jörðin er alauð á láglendi, en fjöllin hvít. Sauðfé er samt hýst og gefið allt að því full gjöf, því jörðin er svo léleg eftir þennan snjólétta vetur.

Maí 1966

Maímánuður frekar kaldur og gróðurlítill. Klakinn var svo lítill í jörðinni að enn er ekki nema skóflustunga niður að honum. Það er því mjög óvíða farið að setja í garða nema þar sem eru fínir sandgarðar. Nokkra síðustu daga hefir verið úrkoma og þá grænka túnin fljótt. Lambærnar eru láttnar ganga á þeim sakir gróðurleysis í úthaga, en vonandi verður þeim bráðlega sleppt útfyrir. Sauðburður er nú langt kominn og má kalla að hann hafi gengið sémilega eftir ástæðum. En mikil er vinnan og fyrirhöfnin og nú var í byrjun sauðburðar.

Júní 1966

Fyrstu 13 dagana var mælanleg úrkoma hvern dag, af ýmsum áttum. Túnin eru nú óðum að spretta, en sláttur hefst þó mun seinna en undanfarin ár. Lambfé var rekið af túninu þ. 8. Kartöflur settar niður þ. 9. og 10. Kúm beitt fyrst þ. 14. en þá varð tíðin brátt svo mild, að þær lágu fyrst úti um nótt þ. 17. og alltaf síðan. Víða er farið að rýja ær og reka á fjall, en ekki finnst okkur hér það vera tímabært.

Júlí 1966

Afbragðs heypurkur. Tún eru hér og víðar vel sprottin og eftir þ. 21. þegar mest rigndi, hefir heyskapur gengið ágætlega. Taðan hefir þornað mjög vel og meiri hluti hennar er uppsett, en ekkert komið inn. Það hefir ekki unnist tími til meira en að slá og þurka. Vikuna 10. til 16. voru ær rúnar hér og reknar á fjall. Þá var og aðeins byrjað að slá og er það um það bil mánuði seinna en í fyrra.

Ágúst 1966

Fyrstu 14 daga mánaðarins var þurviðri með norðan og norðaustanátt, sem stundum náði 8 vindstigum, en þ. 13. og 14. snerist vindátt til suðurs, suðausturs og vesturs. Þann 15. kom fyrsta úrkoman og var mælanleg næstu 5 daga eða til þess 19. Vindur stóð þá af ýmsum áttum. Yfirleitt gekk heyskapur vel, en rokið tafði stundum fyrir og stoppaði alveg vinnuna þegar hvassast var. Í dag (1.9.) er hér hirt síðasta heytuggan, en sums staðar er heyskap ekki lokið, og á nokkrum stöðum fyrr búinn. Heyfengur hér líkur og í fyrra, en sums staðar er hann minni. Hér spratt engin há af því sláttur byrjaði svo seint.

September 1966

Þann 23. til 25. gerði kafa þoku, oft með súld og regni. Þá stóð yfir önnur heiðarleit fyrir uppsveitir Mýrarsýslu, var mjög erfitt og gagnslítið að leita í því myrkviðri. Varð þá að taka upp þriðju leit, sem lagt var upp í, í gær í góðu skyggni og í dag (1.10.) er heiðríkt og bezta skyggni, sem orðið getur. Þ. 8. og 9. varð næturhiti á 0, þ. 13. var -2 stiga frost. Þann dag voru hér teknar upp kartöflurnar. Grasið var þá alveg fallið og frosnar kartöflurnar, sem grynnt lágu. Uppskeran mjög léleg.

Október 1966

Október var yfirleitt úrkomulítill þar til síðustu dagana. Þá rigndi talsvert mikið. Jörð er nú á láglendi sama sem auð, aðeins grátt í rót. Hálsar flekkóttir. Fjöllin hvítleit.

Nóvember 1966

Nóvember var mjög erfiður að veðurfari: umhleypingasamur, stormasamur og úrkomusamur. Oft breytti um átt og veður sama daginn og því oft frá einum degi til annars. 5 heila daga var jörðin alauð á láglendi. Þess utan alhvít eða flekkótt af snjó að meira eða minna leyti.

Desember 1966

Desember var umhleypingasamur og leiðinl. að veðurfari. Allan mánuðinn var alhvít jörð, nema þ. 15., þá sáust auðir blettir, enda var það 3. dagurinn í röð, sem var frostlaus. Oft voru vegir slæmir sakir hálfu eða þess að skóf svo mikinn snjó á þá, en snjórinn var aldrei djúpur hér og því talið að hross hafi haft nóga haga.

Janúar 1967

Janúarm. var á tímabili erfiður að veðurfari og jarðlagi. Fyrstu 4 dagana var frost og þurviðri. Þ. 8. 9. og 10. gerði hér svo mikla kafa þoku með regni og súld að ekki sá til lofts né á jörðu niður meira en lítinn hluta úr kíló. en hér er sjaldan dimm þoka. Þ.15. rigndi mikið. Vegir urðu þá víða ófærir hér í sveit og í héraðinu. Kostaði ógrynni fjár að gera við þær miklu vegaskemdir. Og mikil var fyrirhöfn og tafiir ferðafólks og ekki síður flutningur á mjólk og öllum nauðsynjavörum. Þar áður var búin að vera svo mikil hálka á vegum og allri jörð að vandræðii voru fyrir menn og skepnur, t.d. að koma sauðfé að og frá húsi, þar sem halllent er. En við þessa miklu vætu linuðust svellin og þiðnuðu og hurfu að lokum, öllum til mikils feginleika. Snjórinn hvarf þá líka smátt og smátt og eru skafar nú aðeins í giljum og djúpum dældum.

Febrúar 1967

Febrúarmánuður var mjög mildur að veðurfari, úrkomulítill og með afbrigðum snjóléttur. Aðeins 6 daga mánaðarins var jörð hvít af lausamjöll. Aðra 6 daga var hún auð. Alla aðra daga var jörðin flekkótt af snjó, að eða minna en að hálfu leyti. Og enn er aðeins fól á jörð, til bóta fyrir sauðféð, sem alltaf er beitt og hrossum, sem enn ganga sjálfala.

Marz 1967

Fyrstu 14 dagana var tíðin þurviðrasöm, en alltaf frost og kuldi. Jörð var þó sjaldan alhvít, oftast flekkótt af snjó að meira eða minna en að hálfu leyti. Aðfaranótt þ. 21. snjóaði og gerði alhvíta jörð. Sá snjór hvarf aldrei mánuðinn út en bættist bara við, því þá 10 daga sem eftir voru, var harðinda tíð, enda var einmánuður þá kominn í sambýli við Marz, og sú sambúð oft verið erfið og reyndist svo nú. Seinni hluti dymbilvikunnar og fyrstu dagar páskavikunnar voru þau verstu veður, sem gerast hér um slóðir. NA 8 vindstig með snjókomu og allt að 12 stiga frosti. Þrjá daga samfleytt var ekki hægt að láta út kind í vatn eða snjó. Þá er ekki annað hægt að gera til að slökkva þorsta skepnanna, en að gefa þeim snjóinn í húsin, þar sem ekki er leitt vatn í fjárhúsin. Fyrsta og annan páskadag áttu að fara fram þrjár messur í prestakallinu okkar. Tvær á páskadag og ein á annan. Þær féllu allar niður sakir óveðurs og ófærðar. Litlir bílar komust þá ekki leiðar sinnar. Nú er þessi páskagarður liðinn hjá og síðustu dagana verið kyrrt og gott veður, en talsv. frost. Jörðin er frosin og snævi hulin.

Apríl 1967

Aprílm. má víst teljast fremur kaldur að veðurfari, enda haffsinn skammt undan. Frá 6.-14. hlý veðrátta. Hvarf þá snjórinn smátt og smátt, og þ. 13. var jörð orðin alauð. Þ. 15. frysti aftur og snjóaði og var alhvít jörð til þ. 20., að snjórinn seig, svo að sáust auðir hnottar, en það var sumardaginn fyrsta. Hann var kaldur, en bjart og fagurt veður, þá fraus saman sumar og vetur og þótti gömlum mönnum það góðs viti fyrir framtíð vors og sumars, og kváðu þá mundi „gott undir bú“. Þennan kuldakafli var oft talsvert mikið frost. Þ. 23. var orðið frostlaust og hélst það til þ. 30. að komið var yfir 6 stiga frost. Eftir að hlýnaði hvarf snjórinn bráðlega og var orðið alautt þ. 25. og er enn. (1.5.)

Maí 1967

Maímánuður var kaldur og gróðurlítill og með afbrigðum þurrkasamur. Þ. 4. snjóaði svo að jörð var að mestu leyti hvít, það var eini snjórinn, sem féll í mánuðinum, en hann hvarf sama dag. Frá 17. til 26. var þurrkakafli. Þrjá síðustu daga mánaðarins var hlýtt veður með lítilsháttar vætu. Þessa hlýju vætudaga hafa túnin grænkað mikið og eru nú furðu brosleit og falleg yfir að líta. Sauðburður er víða langt kominn og gengur sæmilega, því í þurrkatíð verður lambfé fyrir litlum hrökum, enda lengi hýst og svo haft á tünnum, bæði gamlar ær og gemlingar, sem eiga lömb. Hér í sveit voru hey nægjanleg.

Júní 1967

Júním. var viðburðarlítill hvað veðurfar snerti, en leið áfram kaldranalegur og gróðurlítill. Engin aftök, hvorki af vindi né vatni. En þegar ég lít yfir veðurbókina, sýnast hitastig dagana ekki mjög lág, en norðaustan strekkingurinn og kaldinn af ýmsum áttum voru svo ónæðissöm, samfara of miklum þurrkum, að það meinaði grasinu að spretta og gerðu vorið svo þyrkinglegt og gróðurvana. Kartöflur voru settar viku af júní og um líkt leyti var byrjað að beita kúm, en þeim hefir verið gefið hey fram undir mánaðarlok, þó þær hafi að nokkru leyti gengið á túni. Geldfé hefir nú verið rúið og rekið á fjall, en lambær eru enn í heimahögum, órúnar, en nú stendur til að rýja og reka á fjall, það sem heima er, á næstu dögum, en sláttur mun ekki hefjast strax hér um slóðir. Til þess eru túnin of snögg.

Júlí 1967

Þ.15. var hér byrjað að slá, sumsstaðar mikið seinna, vegna grasleysis. Síðan hefir heyskapartíð verið hin ákjósanlegasta. Þ.25. vætti lítilsháttar, svo jörð og garðar vökvuðust. Síðan hefir ekki komið dropi úr lofti, enda er jörðin skraufpur og daglega þarf að bera vatn í kál- og rófugarða. Það eina sem tefur heyskapinn, af völdum veðurs, er, að það er alltof hvasst til að flyja inn heyið. Allt þornar eftir hendinni og er langt komið að slá túnið og sæta upp og talsvert komið inn. Seinni sláttur líklega enginn. Tún eru misjafnlega vel sprottin. Sumstaðar mjög léleg, annarst. sæmileg.

Ágúst 1967

Fyrstu 5 dagana var þurr og gott veður, en nætur frekar kaldar. Frá 6. til 15. var enginn dagur úrkomulaus, en þá var hér búið að þurrka mestalla töðuna, og af því að vætan var stundum svo lítil að hægt var að taka inn hey í hlöðu, var hirt það síðasta af töðunni þ. 16., sem var ágætur dagur, en þá var eftir smá óræktarblettur, sem sleginn var litlu seinna. Það hey lá óhreyft sem eftir var mánaðarins, því alla dagana var mælanleg úrkoma, og því ekki hægt að snúa heyi, en í dag, 1. sept., er norðaustan flæsa, svo nú eru allir, sem mikið hey eiga úti, í miklum heyönnum, því þar sem grasleysið var, biðu menn eftir að það sprytti og lentu þar af leiðandi í óþurkinum með mikið af töðunni. Hér var túnið sæmilega sprottið og nýting mjög góð á miklum meirihluta töðunnar. Seinni sláttur enginn.

September 1967

Septembarm. byrjaði með 7 daga þurrki. Þessir þurrkdagar voru mjög dýrmætir, því þá áttu margir mikið hey óþurkað úti, en gátu nú þurkað það og sætt. 16. byrjaði með logni og bleytukafaldi (skæðadrifu) en um nóttina hafði rignt mikið. Fyrir- og um hádeggið var suðaustan slydda, varð þá alhvít jörð dálitla stund, en tók upp um kvöldið og nóttina. Þennan dag var sólarhringsúrkoman 56,9mm. Varð þá mikið flóð í ám og lækjum, það mesta, sem hér gerist. Þ.24 snjóaði í fjöllum. Þessa hlýju þurrviðrisdaga seinni hluta mánaðarins gátu allir hirt sín hey í hlöðu. Kartöfluuppskera rýr. Gulrófur og kál eru enn að spretta.

Október 1967

Októberm. var einhver sá skemmtilegasti haustmánuður sem gerist, þurrviðrasamur og oft indælt og gott veður. Frostið kom bara of snemma og óvænt, svo hart sem það varð. Hvítkál og gulrófur voru í góðri sprettu, þar til það allt í einu stirðnaði af frosti. Og þó margir dagar hafi síðan verið frostlausir og hlýir, þá hefir jörðin ekki þiðnað nógu vel til þess að megi taka það upp, en vel getur það gerst enn. Smölun sauðfjár, sláturstörf og yfirleitt öll haustverk hafa gengið vel, t.d. að aka taði á tún, sem oft er erfitt á haustin í rignignartíð. Frá 15. til 22. var jörðin hvít eða flekkótt af snjó. Alla aðra daga var hún auð á láglandi. Nú er hún auð í byggð, en frosin og þur. Fjöllin hvít.

Nóvember 1967

Fyrstu 7 daga nóvembermánaðar var stilt veðrátta, en stundum talsvert frost. Jörð var þá auð, en frosin og þur. Svo byrjuðu umhleyplingarnir með öllum sínum breytingum, þurrum og votum dögum á víxl. Breytilegri vindátt og veðurhæð og síbreyttu jarðlagi. Eftir þessa 7 fyrstu daga varð jörðin aldrei auð nema á láglandi, nema aðeins 3 daga, frá 21. til 23. Alla aðra daga var jörðin ýmist alhvít eða flekkótt af snjó. En snjórinn var aldrei djúpur. Allt sauðfé hér um slóðir er nú hýst og komið á gjöf, en fullorðnu fé er beitt að deginum, lömb alveg í innistöðu. Jörðin er alhvít af lausamjöll, jafnt lágt til dala, sem hátt til fjalla.

Desember 1967

Þessi mánuður var úrkomusamur og úrkomugjarn, annaðhvort af snjó eða regni. Fyrsta daginn éljagangur með vestanátt, næst suðsuðvestan, þá logni og síðast norðaustanátt, 2. daginn sunnan rigning. Daginn, sem mest rigndi, þ. 11. varð mikið flóð í ám og lækjum. Árnar flæddu yfir vegi og ollu á þeim miklum skemmdum, svo að vegavinnumenn varð að senda á fleiri staði til að gera við. Jörðin er allþakin snjó og svellum, en snjórinn er mjög grunnur.

Janúar 1968

Janúarm. var frekar kaldur og umhleyplingasamur. Margir kalla hann mjög svo leiðinlegan að veðurfari, þó skilur hann ekki eftir neina minnisvernda atburði hér af völdum veðurs, sem ég man eftir, enda engin stór veður verið, hvorki af roki né regni. Fyrstu 8 dagana mátti heita þurr veður, en nokkuð frostmikið. Náði frostið -17,5 stigum 2. janúar. Þ.8. varð frostlaust veður. Þá varð jörðin að nokkru leyti auð sem áður var alhvít. Var hún það 8 næstu daga, en þá setti niður dálitinn snjó, sem tók þó upp eftir 2 daga, þ. 17. Þ.18. gerði aftur frostlaust. Hélt það til þess 22. Eftir það var ýmist frost eða frostleysa til mánaðarloka. í dag (1.2.) er bjart veður og fagurt, en kalt.

Febrúar 1968

Frá 1.-24. var frost hvern dag. Einstöku dagur var þó frostlaus að nokkrum hluta en aldrei allan sólarhringinn. Vindátt frekar óstöðug, en engin aftaka veður. Þó fannst manni þessi tími vetrarríkur og kaldranalegur. En þ. 25. heilsaði Góa með sunnanátt, þýðviðri og dálitlu regni. Það veður hélst í 3 daga og fram á þann 4., með vaxandi úrkomu hvern dag. 4. daginn varð úrkoman mest, en seinni part þess dags, þ. 28. fór að snjóa af vestri og varð jörð þá alhvít af lausamjöll, en hafði þá verið undanfarna daga flekkótt af snjó að meira eða minna en að hálfu leyti. Þ.29. var aftur komið frost með eljagangi og SV átt svo jörð er alhvít af snjó. Úrkoman hér var þó smáræði, móts við það sem var víða annarsstaðar, því slíkir vatnavextir og flóð hafa ekki sést um langt árabíl víða um landið. Brýr og vegir voru yfirflæddir og því ófærir flestum farartækjum. Féllu þá niður ferðir bæði með fólk og vörur meðan flóðin voru sem mest, og enn eru víða ófærir vegir fyrir bíla, en hér í Hvítársíðu er bílfært inn til fremstu bæja. En mestu vegaskemmdirnar verður ekki hægt að gera við fyren vorar hvorki hér í héraðinu og mikið neðar.

Marz 1968

Marzm. var umhleyppingasamur og kaldur, sérstaklega seinni hlutinn. Jörð er þakin snjó að meira en hálfu leyti á láglandi, en fjöllin hvít. Sauðfé allt er hýst og gefið, full gjöf. Í byrjun mánaðarins voru vegir í héraðinu mjög slæmir og sumstaðar ófærir eftir febrúarflóðin. Nú (1.4.) er þetta komið í lag og flestir vegir færir.

Apríl 1968

Frostlausa og hlýindakafla var dásamlegt að lifa. Mönnum og skepnum líður vel. Við teljum okkur trú um að vor og sumar sé fram undan. Sauðfé allt er hýst um nætur og gefið hey og matur.

Maí 1968

Þessi mánuður var sérlega þurrviðrasamur, en kaldur þótti hann fram yfir miðjan mánuð. Seinni hluta mánaðarins var mjög góð og mild veðrátt. Vindátt oftast hæg, af hvaða átt sem hún blés og komst aldrei í meira en 6 vindstig og það var frekar sjaldan, en sólríkt og indælt veður var dögum sama, var þá mjög yndislegt að koma út og njóta veðurbliðunnar og sjá jörðina smá grænka og sjá lömbin nýfædd styrkjast og stækka í sólskininu. Gróðurinn fór mjög hægt, af því vætuna vantar, þartil síðustu dagana, að ofurlítill væta kom. Sauðburður hefir gengið vel einsog venja er, þegar veðrið er þurrt og hrakviðralaust, en framan af sauðburðinum þurfti að hýsa og gefa mörgum ám, bæði bornum og óbornum. Túnin eru græn, en grassprettu lítil.

Júní 1968

Yfirleitt var júnímánuður kaldur, úrkomulítill og þar af leiðandi gróðurvana, en hiti var mjög misjafn. Inn á milli voru hlýir og góðir dagar, en vildi fljótt sækja í sama horfið með kaldranalegt og óyndislegt veður. Sumstaðar hér í Hvítársíðu eru túnin kalin og þar lítur illa út með grassprettu, en þar sem tún eru ókalin, getur enn rætst úr með gróðurinn, ef regn og hlýviðri hjálpast að.

Júlí 1968

Fyrsta úrkoman í júlí var þ. 10. Þurrkatímann var mjög yndirleg veðrátt, því þó vætan væri ekki nægjanleg, spratt grasið talsvert í hlýviðrinu, en þegar vætan kom, tók grasið skjótum framförum, og nú er beðið eftir þurki til að hefja sláttinn, því þurrkleysur og væta hafa verið daglega að undanfögnu. Þ.20. var sleginn smáblettur kringum bæinn hérna, en aldrei hefir tekið svo af, að þýddi að snúa þessu heyi, nema einu sinni og nú er það orðið gult og visið og lítils virði sem skepnufóður. En við vonum að þetta lagist bráðlega, því nú er ágústm. byrjaður, og er mjög óvanalegt, ef ekki einsdæmi, að ekki sé farið að bera ljá í gras svo teljandi sé, eins og hér er núna.

Ágúst 1968

Hér í Síðumúla byrjaði aðalsláttur þ. 5. utan það sem slegið var kringum bæinn þ. 20. júlí, en sumstaðar í sveitinni var sláttur hafinn nokkru áður. Heyskapartíð var sæmilega góð. Taðan þornaði hrakningalaust og komst upp í sæti fyrir miklu rigninguna síðustu daga mánaðarins. En þá var alveg strand með að koma töðunni inn og þessvegna er hér og í grendinni talsvert hey úti enn. Heyfengur varð hér um slóðir mikið meiri, en á tímabili var búist við, þar sem tún voru ókalin, og ekki minni en í meðallagi, ef allt hey næst inn, sem úti er núna. Minnstur næturhiti 1,0 stig þ. 18. Þá sá á kartöflugrasi.

September 1968

Septembarm. var hlýr og góður fram í síðustu vikuna, að næturhitinn komst niður í 2 stig. Fyrsta frostnóttin var þ. 29. –1,0 stig, það var stóðréttardagur í Þverárrétt. Þann dag snjóaði og var jörð þá alhvít af snjó. Þ. 30. var frostið –3,0 stig og jörðin enn alhvít en snjóinn tók upp að nokkru leyti seinnipart dagsins en í nótt snjóaði aftur með þriggja st. frosti, varð snjór svo mikill hér frammi í Hvítársíðu að draga þurfti fé úr fönn þar sem gil og lægðir voru djúp, en þetta var víst ekki í stórum stíl sem betur fer. Fram að þessum tíma var oft indæl veðurblíða, sem í júlímánuði væri. Allir sem hey áttu úti gátu þá náð því inn með sæmilegri verkun og má því segja að heyskapur endaði vel. Kartöfluuppskera var lítil, en gulrófur og kál spruttu vel. En nú er vetrarlegt út að líta, snjór á jörð og frost í lofti. En vonandi er að hlýni og jörð verði aftur auð, svo kýr komist á beit og sauðfé og hross fái enn um sinn að ganga á jörð, sem er laus við snjó og klaka.

Október 1968

„Guð það hentast heimi fann, það hið blíða blandað stríða“ o.s.frv. Þessi októbermán. var sannarlega sambland af blíðu og stríðu. Stundum indæl veðurblíða með suðlægri átt og hita, sem komst mest í 14,5 stig (þ. 19.) Og aftur á móti norðaustan kuldi með frosti sem náði mest –11,0 stigum (þ. 30). Í byrjun mánaðarins var jörð hvít að meira en hálfu leyti, en smám saman hvarf snjórinn og gerði auða jörð. Þann 18. var orðið alautt á láglandi, en fjöllin hvít. Þá voru kýr löngu komnar á beit og búnar að spara talsverða töðugjöf. Á örfáum bæjum í grendinni voru kýr samt ekki láttnar út aftur eftir snjókomuna. Eftir þ. 22. hefir jörðin verið frosin og þurr. Enda hefir fágætt þurrviðri einkennt þennan haustmánuð.

Nóvember 1968

„Gott er veðrið, Guði sé lof“. Þessi gamla ljóðlína finnst mér lýsa bezt veðrinu í nóvembermánuði, svo góð hefir tíðin verið. Aðeins fyrstu 4 dagarnir voru kaldir. Næstu 20 daga var sérstök blíðutíð. Líktist það meira vori en vetrartíð, hiti nætur og daga. Þ. 25. kólnaði með norðaustanátt og vægu frosti. Snjóaði þá lítilsháttar, svo jörðin gránaði en eftir 3 daga var aftur alautt. Þ. 3. setti niður 10 cm djúpan snjó, sem hvarf á tveim dögum. Það var aðal snjókoma mánaðarins. Sauðfé allt gengur sjálfala. Jörð auð á láglandi, en blaut, fjöllin hvítfleckkótt.

Desember 1968

Fyrri helming desembern. var tíðin mjög góð. Já, guðspakkarverð. Jörðin auð og þíð. Sauðfé allt gekk sjálfala. Engin teljandi frostnótt. En þ. 14. féll fyrsti snjórinn og varð jörð alhvít nokkra daga, en snjórinn var grunnur og minnkaði smámsaman. Þá varð að smala fénu og taka lömbin alveg inn, en ánum var beitt. Þó fengu þær fulla gjöf inni, eða eins mikið hey og þær gátu haft gott af. Þetta var mikill heysparnaður og mikils virði, ekki síst fyrir þá sem áttu nauman heyforða. Næsta snjókoma varð þ. 23. Þá varð aftur alhvít jörð og var hún það til þess 28. að frostið linaði og sáust þá brátt auðir blettir, sem óðum stækkuðu, svo að þ. 31. var allur snjór horfinn að kalla má, og í dag (1.1.1969) var jörðin alauð.

Janúar 1969

Janúarm. byrjaði með vestanátt, rigningu og auðri jörð. Þann dag gerði mestu úrkomu mánaðarins, 1,1mm. Hiti var 3,5 st. en hafði orðið 7st. um nóttina, en jörðin var ekki lengi auð, því morguninn eftir var logn, rigning, en seinni partinn sunnan snjókoma, svo jörð varð fölvuð. Frá 27. til mánaðarloka var frost og kuldi, ef eitthvað golaði. Norðanáttin var svo

nöpur. Allan mánuðinn var mjög snjólétt. Ekki alhvítt, nema frá 15.-18. og frá 27. til 31. Þá var nokkur hluti af þessum dögum að meira eða minna en hálfu leyti huldir snjó.

Febrúar 1969

Febrúarm. var kaldasti mánuður vetrarins sem af er. Allan mán. var fádæma snjólétt og alhvít jörð ekki meira en 1/3 mánaðarins. 9 fyrstu dagana var jörðin hvít, en úr því var hún flekkótt að meira eða minna en að hálfu leyti, þartil síðasta kvöldið, að hún varð alhvít.

Marz 1969

Í marzm. var umhleypingasöm tíð. Vindátt og vindhraði mjög breytileg. (Hér sleppi ég löngum kafla,Ú.) Snjólétt var allan mánuðinn. 12 fyrstu dagana var jörð alhvít eða því sem næst. Eftir það var sjaldan alveg hvítt, en kom þó fyrir og stóð þá mjög stutt.

Apríl 1969

Apríl var mjög breytilegur hvað frost og hita snerti. Sömuleiðis var mjög breytileg átt. Skipti stundum um átt fleirum sinnum á dag. Yfirleitt má kalla að veðráttan hafi verið frekar köld. Þó margir dagar væru unaðslegir, bjartir og sólríkir, þá voru aftur margir dagar hrollkaldir. Og þó jörð væri mjög snjólétt allan mánuðinn og alauð á láglendi eftir þ. 20. þá er hún gróðurlaus með öllu. En þurrviðrasamt var. Áfallalaust var fyrir menn og skepnur. Jörðin er auð og þurr á láglendi. Fjöllin hvít. Allt sauðfé hýst og gefið hey og matur.

Maí 1969

Maímánuður er held ég sá þurrviðrasamasti sem ég man eftir, úrkoman aðeins 4,8 mm. Mest þ. 20., 2,2 mm. En þetta var of mikið þurrviðri, því jörðin er þessvegna gróðurvana. Því valda líka næurfrostin, sem voru við og við fram yfir miðjan mánuð (til þ. 17.) Eftir það var bara ein frostnótt, sú 30., -0,7 stig. Mest næurfrost var þ. 13., -0,7 stig. Margur dagur var fagur og yndislega hlýr og góður. Á Hvítasunnudag, þ. 25., steig hitinn mest 16,0 stig. Þá var blíðuveður, þrátt fyrir norðaustanátt og alskýjað loft. Það rigndi líka dálítið um nóttina og vökvaði jörðina, sem um leið sýndi á sér grænan lit á túnnum, en sem nú eru orðin algræn, en óspröttin. Ég spurði nýlega bónda hér framarlega í Hvítársíðu hvenær hann hefði látið kýrnar út (Hér eru nefnilega engar kýr). Hann svaraði: Þær eru inni. Lambánur veitir ekki af því, sem kemur upp úr túninu. Sauðburður gengur vel, það sem veðrið getur að gert, sem er ákjósanlegt fyrir slíkar athafnir.

Júní 1969

Í júnímánuði var hlý og úrkomusöm tíð, svo grasspretta er að verða sæmilega góð, en hér um slóðir er sláttur ekki hafinn. Enda hefir gróðurinn farið hægra en við mátti búast hvað veðurfar snerti. Er það vegna þess að klaki er enn talsverður í jörð. Seinnipart mánaðarins var sérstaklega hlýtt og úrkoman var þá líka meiri. Hér í grendinni var yfirleitt búið að setja kartöflur fyrir þ. 10.

Júlí 1969

Júlím. var mjög úrkomusamur og ekki nógu hlýr. Heyskapartíð var því mjög óhagstæð. Sláttur byrjaði ekki fyr en seinni part mánaðarins. Fyrst var beðið að grasið sprytti, og þar næst á eftir að þornaði upp. Eftir þ. 20. voru 5 dagar sama sem úrkomulausir, en síðan hefir alltaf rignt einhvern hluta dagsins, svo aldrei er öruggur þurrkur, en oft tók af heyinu milli skúra, en vöknaði alltof fljótt aftur. Útlitið er því ekki æskilegt. En bót er í máli, að súgþurrkunartæki eru nú víðast í hverri hlöðu og hjálpar það vel til við heyyverrkun í óþurrkatíð.

Ágúst 1969

Um ágústmánuð er það eitt að segja, að hann var með afbrigðum votviðrasamur. Stórrigningar voru þó ekki hér. Það mesta sem mældist yfir sólarhringinn var þ. 24., 8,7mm og þ. 28., 8,9mm. Oftast var veðragott og engin frostnótt, svo kál- og kartöflugrös eru algerlega

óskemmd. Lítur því sæmilrga út með kartöflusprettu, en neyðarástand ríkir nú með heyskapinn.

September 1969

Septembarmánuður var ekki síður úrkomusamur en ágúst. Stórrigningar voru þó engar fremur en þá. Mánaðarúrkoma varð 79,1mm, aðeins minni en í ágúst. Fyrstu 8 daga þessa mánaðar var sífeld rigning og skúrir að nóttu þess 9. Var þá búið að rigna samfelt í 12 daga. Þann 9. létti til og tók af heyi og þ. 10. var sólskin og þerrir, en fyrir kl.9 um kvöldið var byrjað að rigna, þvert ofan í allar spár. Þ.12. var aftur kominn þerrir, sem endaði eins og þ. 10. Næsti þurri dagur var þ. 15., allan daginn. Svo var mælanleg úrkoma til þess 25., en þá nótt snjóaði, og var jörð flekkótt af snjó. Þ.26. og 28. þurrir dagar og þ. 30. Þrátt fyrir óþurrkana hefur heyskap miðað nokkuð áfram. Sumst. alveg búinn en víðar þó mikið óhirt.

Október 1969

Októbermánuður hafði vinninginn allra mánaða sumarsins með úrkomumagnið, sem varð 120,3mm. Hann varð líka kaldari en hinir. Þ. 26. byrjaði að snjóa, en alhvít jörð varð aldrei fyrr en seinni part þ. 30. Þ. 31. var orðinn 16cm djúpur snjór jafnfallinn, og í morgun, þ. 1. nóv. var snjórinn orðinn 20cm. Sauðfé streymdi þá heim að húsum, svo ekki var um annað að ræða en hýsa það. Mjög er slæmt á högum, jörðin þíð og mjög blaut undir, því einnig kalt fyrir fé að standa á, en þó að svo hagi til hér, að fé hafi komist sjálfkrafa heim, áttu menn sumsstaðar í erfiiðleikum með að koma fénu heim vegna ófærðar. Ég veit ekki annað en allflestir hér í sveit hafi náð inn heyjum, þó votviðri væru mikil, en í sumum öðrum sveitum eru hey úti enn og á einstaka bæ ekki allt í sætum.

Nóvember 1969

Nóvembermánuður var kaldur og lá snjór á jörð allan mánuðinn. Alhvít fram um miðjan mánuð og meira en að hálfu leyti, þar til 2 síðustu dagana, að hægt var að segja að snjór væri minni en að hálfu leyti, en í nótt (1.12.) snjóaði aftur, svo nú er aftur meiri snjór. Neðan til í Hvítársíðu var aldrei haglaust utan 1 til 2 fyrstu dagana, er snjórinn féll um og eftir mánaðamótin októbr. og nóvember, en fremst í Síðunni var alveg haglaust fyrir sauðfé og hafa bændur mátt hafa fé á fullri gjöf, að heita má allan mánuðinn. Á fremsta bænum var mér sagt núna að 1-2 síðustu dagar nóvember hefði hlýnað og tekið svo upp, að fé hafði snapir, en í dag væri aftur orðið haglaust.

Desember 1969

Desembarmánuður var mildur að veðurfari. Sér í lagi seinni hlutinn. Sjaldan var jörð alhvít dögum saman. Þó var hún það frá 10.-14. og aftur frá 23.-26. Það voru því hvít jól. Hinn hluta mánaðarins var mjög snjólétt og síðustu dagana snjólaust að kalla má. Aðeins snjóskafar í djúpum lautum og svell í grunnum lægðum. En fjöllin eru hvítleit. Í dag (1.1.1970) er blíðuveður, fyrst í morgun logn og 1-2 stiga hiti, um hádegisdag suðaustan andvari, og í kvöld norðaustan gola. Árið 1970 heilsar því mjög hlýlega.

Janúar 1970

Janúarm. heilsaði mjög vel, með logni og 1,5 st. hita, en um kvöldið var komið -0,5 st. frost. Var það byrjun á frostakafla, sem hélst til þess 12. Eftir það var frostlaust út mánuðinn, nema 19. og 22. var lítilsháttar frost og þ. 31. var aftur komið vægt frost. Þá nótt snjóaði einnig, svo jörð var næstum alhvít, en allan mánuðinn var því sem næst autt utan dagana 10., 11. og 12., en þá var alhvít jörð. Í dag (1.2.) er talsverður hríðarjagandi með NA átt og 6-7 vindstigum en litlu frosti. Þessi góða tíð í janúar og seinni part desember hefur veitt bændum mikla hjálp, því að beit hefur verið mikil og góð þennan tíma.

Febrúar 1970

Eftir þ. 18. var jörð flekkótt af snjó meira en að hálfu leyti þar til þ. 28., að hlýnaði og jörð þá minna en að hálfu leyti hulin snjó. Þurrviðrasamt var með afbrigðum, og þó hvít væri yfir að sjá, var snjórinn svo grunnur, að hagar voru alltaf nógir. Vegir opnir, svo allir komust leiðar

sinnar hindrunarlaust. Má þessi mánuður í heild teljast mjög góður hér í uppsveitum, bæði jarðsæll og veðragóður.

Marz 1970

Marzmánuður var frekar kaldur en snjóléttur. Snjórinn hvarf að mestu eftir þ. 16. Ár og lækir fossuðu fram eins og í mestu vorleysingum. Þ.17. frysti aftur og var frost til mánaðarloka, nema þ. 23., þá rigndi einn sólarhring.

Apríl 1970

Aprílmánuður var góðviðrasamur og úrkomulítill og því áfallalaus, en enginn gróður. Jörð er auð á láglandi, en fjöll að mestu hvít.

Maí 1970

Maímánuður var ekki hlýr, en ekki heldur kaldur, t.d. voru aðeins 2 frostnætur, 2. og 21. –0,5 stig hvora nótt. Úrkomusamt var, sér í lagi seinnipartinn. Fyrri hluti mánaðarins var bæði hlýrri og úrkomuminni. Aðeins 7 daga mánaðarins var ekki mælanleg úrkoma: 1.,7.,13.til 16. og þ. 21. Mikinn hluta mánaðarins voru fjöll flekkótt af snjó, en nú nokkra daga hafa þau verið fannhvít. Í byrjun mánaðarins fóru tún að grænka og eru nú algræn og fyrir löngu nægur gróður fyrir sauðfé, en hér um slóðir er enn ekki farið að láta út kýr. Að kvöldi þ. 5. byrjaði Hekla að gjósa. Barst þá aska frá henni á fremstu bæi í Hvítársíðu, sem varð til þess að sauðfé hefur orðið að vera þar mikið á gjöf vegna eitrunar. Sauðburðartíð með afbrigðum slæm og hefir því margt lambið króknað.

Júní 1970

Júnímánuður var þurrviðrasamur og veðragóður og hefur gróður jarðar tekið miklum framförum, en enginn heyrir enn tala um að hefja slátt. Sólarleysi, mistur og móða í lofti hafa einkennt veðurfarið, svo gott sem það þó var. Það var aðeins einn og einn dagur í einu, sem var sólríkur og fagur. Kýr voru óvanalega seint láttnar út, sérstaklega fremst í Hvítársíðu, þar sem öskufalls gætti, t.d. í Fljótstungu var byrjað að beita þeim þ. 26. en neðantil í sveitinni höfðu þær verið láttnar út upp úr 10. Sumsstaðar er byrjað aðtaka af fé og túnrollur fluttar til fjalls.

Júlí 1970

Júlímánuður var kaldur, en þurrviðrasamur. Sláttur hófst ekki fyrir en um og eftir miðjan mánuð, því að víða var grassprettta svo rýr, að beðið var eftir rekju, sem þó ekki kom. Vikan frá 19. til 25. var indæl og áfram til mánaðarloka og munu þá allir hafa getað þurrkað vel það sem losað var. T.d. var hér og víðar sætt upp það síðasta af töðunni. Nú er skipt um veður. Í nótt og í dag rigndi mikið.

Ágúst 1970

Ágúst mánuður var kaldur og úrkomusamur, og því ekki góð heyskapartíð. Þó voru margir dagar hlýir og góðir, t.d. frá 21.-24. Heyskapur er allstaðar langt kominn og sumsstaðar alveg búinn, yfirleitt er heyforði mikið minni en venjulega, en nýting sæmileg.

September 1970

September var ágætur að veðurfari. Allir hafa hlotið að geta hirt sín hey óskemmd. Og af því tíð var svo góð, fóru sumir að slá á engjum með orfi og ljá, til að drýgja sinn rýra heyfeng. Í göngum fengu menn fágæta veðurblíðu og gott skyggni, sérstaklega í fyrstu leit. Kýr hafa legið úti um nætur að þessu. Kartöfluuppskeran var mjög misjöfn. Víða mjög rýr, en sumsstaðar sæmileg. Berjasprettta óvanalega lítil hér um slóðir.

Október 1970

Í október var veðráttta sæmilega góð, þegar litið er á heildina, en mjög var tíðin misjöfn. Það var talsvert úrkomusamt, þó ekki rigndi daglega, t.d. voru síðustu dagarnir þurrir og sjö fyrstu dagarnir voru líka sama sem vætulausir, en þar á milli rigndi oft og stundum stórrigndi. Urðu

af því talsverð vegaspjöll víða í héraðinu. Þ.18. snjóaði að nóttu, varð jörð þá alhvít, en snjórinn hvarf smám saman næstu 2 daga. Þ. 23. gránaði jörð á ný, en daginn eftir varð hún aftur auð. Jörðin er nú auð, frosin og þurr á láglandi, en fjöllin hvít.

Nóvember 1970

Í nóvembermánuði var ágæt tíð, vægt frost, þurrviðrasamt og snjólítið. Stundum var nokkuð stormasamt, en ekkert tjón varð af því hér. Fyrstu 8 dagana mátti heita að væri auð jörð, en þ. 9. snjóaði og þ. 10. varð jörð alhvít af 10 cm djúpum snjó, sem tók upp smátt og smátt næstu daga, svo að eftir þ. 15. varð snjór alltaf minni en að hálfu leyti. Fyrir og um miðjan mánuð var fé víðast hvar tekið á hús, en þó sumstaðar sleppt aftur, þar til í dag, því að nú er jörð alhvít.

Desember 1970

Desembermánuður var mildur og fágætlega snjóléttur. Meira en þriðjung hans var alveg frostlaust og talsverður hiti. Engin minnisverð tíðindi gerðust af völdum veðurs, nema þegar mest rigndi, urðu vegir seinfarnir, en engin slys. 6 heila daga varð jörð alhvít, þó aldrei nema 2 daga í einu. Þess utan varð hún flekkótt af snjó oftast minna en að hálfu leyti. Sauðfé var hýst, þó snjólétt væri, en þessi góða tíð hefur mikið hjálpað heylitlum bændum. Í dag (1.1.1971) er blíðuveð þur og 1-2 stiga hiti.

Janúar 1971

Janúarmánuður var frekar kaldur, en með afbrigðum snjóléttur, aðeins 1 og ½ dag var alhvít jörð, seinni part þess 26. og allan 27., snjódýpt 6 cm. Þess utan var láglandi flekkótt af snjó að meira eða minna en að hálfu leyti, en fjöll hvít.

Febrúar 1971

Febrúarm. var mildur að veðurfari og eins og aðrir mánuðir þessa vetrar var hann með afbrigðum snjóléttur en dálítið umhleypingasamur. Alhvít jörð var rúml. ¼ hluta mánaðariins. Að kvöldi þ. 28. hvessti snögglega og varð ofsarok um nóttina. Urðu miklir skaðar á gróðurhúsum í nágrenninu, mest þó á Hurðarbaki í Reykholtssdal, en þar eyðilagðist alveg stórt gróðurhús og reykháfur og sjónvarpsloftnet á íbúðarhúsi fuku.

Marz 1971

Marzmánuður var mildur og snjóléttastur allra mánaða vetrarins, því engan dag var jörð alhvít, alla daga flekkótt af snjó, oftast minna en að hálfu leyti, en í nótt (aðf.nótt 1.4.) snjóaði og var alhvít jörð í morgun, en núna í kvöld er hún á ný flekkótt af snjó.

Apríl 1971

Aprílmánuður var gjöfull á gott veður og góða haga fyrir sauðfé og hross. Nú má heita að jörð sé auð á láglandi. Snjór aðeins undir háum hólum og í giljum, en er óðum að hverfa. Fjöll eru hvítleit. Aðeins 6 sinnum sást hvít jörð.

Maí 1971

Maímánuður var veðragóður og hlýr. Stuttu upp úr mánaðamótum varð jörð alauð á láglandi og sást ekki snjór fyr en þ. 25. að kvöldi, að gerði hret og varð jörð alhvít um nóttina. Snjóinn tók þó upp daginn eftir, þ. 26. Ekki hefur heyrst að þetta hret hafi valdið tjóni á lambfé hér um slóðir og má það heita vel sloppið. Sauðburður gengur yfirleitt mjög vel, en hægt að venju í góðri tíð. Tún eru nú græn, en grasspretta er mjög hægfara. Hér í nágrenni er verið að byrja að láta út kýr.

Júní 1971

Júnímánuður var sólríkur og með afbrigðum þurrkasamur. Grasspretta var því mjög hægfara, Fyrstu dagana var hlýtt og leit því út fyrir góða sprettu, en þegar þurrkarnir héldu áfram og ýmist NA eða V átt blésu daga og nætur, stóð hún í stað nokkurn tíma. Þ.18. og 19. voru

skúrir og regn og bætti nokkuð um, en svo héldu þurrkarnir áfram og þar með kyrrestaða gróðurs. Hér um slóðir er sláttur ekki hafinn.

Júlí 1971

Fyrstu 15 daga mánaðarins var kærkomin rigning og hlýja. Grasspretta var því orðin góð er upp stytta og hófst sláttur víðast hvar um það leyti. Hér á bæ var byrjað að slá þ. 16. og var lokið við að sæta upp allt túnið á 10 dögum eða þann 26., en þá rigndi aftur og úrkoma mælanleg næstu 4 daga. Hey eru afar góð, óhrakin með öllu, græn og ilmandi, enda voru þessir þurru dagar einstakir, heitir, sólríkir og veður svo stillt að aldrei varð nein töf af vindi. Í dag (1.8.) er aftur þurrt veður og vonandi helst svo áfram.

Ágúst 1971

Ágúst mánuður var frekar úrkomusamur og því víða eftir að ganga frá heyjum. Nokkrir eru þó hættir heyskap. Seinlegt hefur líka verið að láta í hlöður vegna þess hve heyin eru þurr og síga því hægt. Berjaspretta hér um slóðir er víðast fyrir neðan meðallag og margir tala um berjaskort. Ein frostnótt var í mánuðinum þ. 28., -3,5 stig og eyðilögðust þá bláber og kartöflugrös kolféllu. Þrátt fyrir það er yfirleitt góð kartöfluspretta.

September 1971

Septembarmánuður var mjög votviðrasamur, þurrir dagar aðeins 6. Þrátt fyrir það, var hann mjög veðramildur. Í fyrstu göngum hrepptu menn leiðinleg veður og varð þá alhvítt á fjöllum og heiðum.

Leitaðist illa, en í 2. leit var bjart og gott og bætti um þá fyrri. Ekki hefi ég heyrt um neina skaða á skepnum af völdum veðra eða snjóá hér um slóðir.

Október 1971

Fyrstu dagar októbermán. voru hlýir og þ. 4. komst hitinn upp í 13 st., sem varð mesti hiti mánaðarins. Þ. 9. snjóaði og 8 næstu daga var snjór á jörð í byggð. Þ. 23. og 24. snjóaði aftur lítilsháttar. Aðra daga var jörð alauð. Úrkomusamur var október, 9 dagar alveg þurrir. Ekki er þó hægt að segja annað en hann hafi verið mildur og jarðsæll, t.d. hafa þeir, sem grænfóður eiga, getað beitt kúm á það flesta daga mánaðarins, en aðrir tóku inn kýr á fulla gjöf þ. 9. Fréttir herma að sumir í Borgarfirði hafi beitt geldneyti til þessa.

Nóvember 1971

Nóvember var frekar kaldur og úrkomusamur, en snjóléttur. Alauð jörð var 5 daga: þ. 1.2.10.14. og 25. Aldrei var hægt að segja jörð alþakta snjó. Þrátt fyrir umhleyppinga hefur farið vel um útgangslömb og fé annað var tekið í hús upp úr miðjum mánuði, en hægt hefur verið að beita mikið a.m.k. í lágsveitum. Jörð er enn (1.12.) klakalaus og hægt hefur verið að vinna við skurðgröft allan mánuðinn.

Desember 1971

Veðráttan í desember var mjög umhleyppingasöm. 5 dagar þurrir og hina ýmist rigning eða snjókoma. Skammdegi til þessa eins dimmt og það getur orðið. Aðfaranótt þ. 21. og næstu daga gerði mikla snjókomu og þurfti víða að moka til að flytja mjólk og halda uppi öðrum samgöngum. Hjálpaði þá, hve veður voru kyrr. Aðfaranótt þ. 24. hvessti og skóf og upp úr hádegi gerði blindbyl með 8 vindstigum. Muna elstu menn ekki svartari byl. Um kvöldið var komin þíða og bezta veður. Áætlanarbílar, sem fóru úr Reykjavík fyrir og upp úr hádegi sama dag komust upp í héraðið um kl .8 um kvöldið. Sakir ófærðar komust fáir til kirkju sinnar á jólum og víða varð messufall. Þ. 28. og þrjá næstu daga gerði miklar rigningar. Urðu mikil flóð í ám og lækjum t.d. flæddi Þverá með miklum jakaburði yfir veginn fyrir neðan Norðtungu á nokkur hundruð metra svæði. Urðu þar miklar skemmdir á vegi, girðingum o.fl. Í flestum sveitum varð meira og minna ófært af sömu ástæðum. Það er víst óhætt að segja að þessi veður hafi valdið milljóna tjóni í Borgarfirði. Hagar voru slæmir allan mánuðinn.

Janúar 1972

Nýja árið heilsaði hlýlega. Þ. 1. komst hiti upp í 7 stig og næstu 15 daga var meiri og minni hiti. Þ. 11. komst hann upp í 9,1 stig og varð það mestur hiti mánaðarins. Man fólk varla eftir slíkum dögum í janúar. Um hádegi þ. 17. gerði mikla snjókomu og að morgni þ. 18. mældist 20 cm jafnfallinn snjór. Urðu af þessu miklar umferðatruflanir næstu daga á eftir. Jörð var alþakin snjó til þ. 28., en þá var aftur kominn hiti og rigning. Síðustu dagar mánaðarins voru mjög vindasamir og aðfaranætur þ. 28. og 29. var ofsarok, varla minna en 10 vindstig. Ekki hefur heyrst um skaða hér í héraði af völdum þessara veðra.

Febrúar 1972

Þessi mánuður var með afbrigðum hlýr og snjóléttur. Aðeins tvo daga var hægt að kalla jörð alhvíta. Hinir allir meira en að hálfu leyti auðir. Veður voru þó stundum ónæðissöm. Þ.22. gerði mikla rigningu, stanzlausa í 3 dægur. Urðu mikil flóð í ám og vötum svo bæir miðri í héraði voru um tíma umflotnir. Fórust 2 hestar frá Ferjukoti og enn er ekki vitað um afdrif 5 hrossa þar. Vegaskemmdir urðu einnig miklar. Aðfaranótt þ. 20. gerði afspyrnu rok af SV og urðu af nokkrir skaðar. Á Grund í Skorradal fuku plötur af húspökum og til marks um ofsann, f auk fólksbíll sem þar stóð á hlaði yfir girðingu án þess að snerta hana og stanzaði ekki fyrr enn nokkra metra þar frá.

Marz 1972

Mánuðurinn í heild mildur, hlýr og snjóléttur.

Apríl 1972

Þrátt fyrir smá umhlepninga var apríl með fágætum góður. Jörð klakalaus með öllu og þ. 20. (á sumardaginn fyrsta) var hver snjóskafli horfinn úr lautum og giljum, og er það óvanalegt um það leyti. Þ.28. snjóaði, en þ. 30. var aftur orðin alauð jörð. Lóan lét heldur ekki á sér standa, því að þ. 16. heyrðum við hennar fyrsta kvak.

Maí 1972

Að kvöldi þ. 3. gerði mikla snjókomu og varð jörð alhvít á skammri stundu. Að morgni þ. 4. mældist snjórinn 10,5 cm, en seinni part sama dags var hann að mestu tekinn upp. Að öðru leyti var mánuðurinn einstakur að gæðum. Sauðburður gengur vel og flestir eða allir búnir að bera á tún. Grasspretta er mjög góð eftir tíma. hér um slóðir voru kúr fyrst láttnar út í kringum 20., en eru að sjálfsögðu enn á nokkurri gjöf.

Júní 1972

Tíðarfar í kaldara lagi, sérstaklega er líða tók á mánuðinn. Spretta er góð. Víða er búið að slá í kringum bæi, og er nú aðeins beðið eftir hagstæðri veðráttu til þess að byrja slátt fyrir alvöru. Yfirleitt er búið, eða er að ljúka rúningu fjár, og er það í fyrra lagi.

Júlí 1972

Sá 17. og 31. voru einu þurru dagarnir í mánuðinum og þrjá aðra daga var úrkoman svo lítil að hún mældist ekki. Þrátt fyrir það voru yfirleitt ekki stórrigniungar og veður oftast mild og hlý. Fór því ekki illa um skepnur. Hinsvegar ríkir neyðarástand í heyskaparmálum. Það sem var búið að losa liggur hrakið og ónýtt og það sem óslegið er, sprettur úr sér. Í gær (31.7) glaðnaði til og er nú von um að úr rætist.

Ágúst 1972

Fyrstu 10 daga mánaðarins var ekki mælanleg úrkoma og byrjaði þá sláttur fyrir alvöru. Hygg ég, að flestir hafi getað slegið og sætt upp að mestu á þeim tíma. Það sem eftir var mánaðarins var aðeins 1 dagur alveg þurr og því erfitt með hirðingu. Eru því víðast mikil hey úti enda óvanalega mikil að vöxtum, stórgerð og yfirleitt úr sér sprottin. Hlöðupláss vantar víðast hvar.

September 1972

Fyrstu 6 daga mánaðarins var vestlæg átt með úrkomu. Næstu 6 daga var þurrk veður með næturfrostri, sem varð mest aðfaranótt þ. 10. , -4,0 stig. Þá daga gátu margir gengið frá heyjum, en víða eru enn mikil hey úti vegna óþurrka. Krækiberjaspretta er talin minni en í meðallagi hér um slóðir og bláber sáust varla og það litla sem var, fljótlega ónýtt af frostum. Kartöfluspretta var mjög sæmileg. Kýr ganga enn úti alla daga og flestar nætur, gjafarlítið.

Október 1972

Í nokkra sólarhringa fyrir og eftir mánaðamót varð vart við jarðskjálfta hér og í næsta nágrenni. Fundust stundum margir á sólarhring. Ekki urðu neinir skaðar þar af. Sjá áður sendar upplýsingar til Veðurstofunnar. Það má segja um október eins og undanfarna mánuði, að hann var mjög úrkomusamur. Hefur þó farið vel um skepnur til þessa. Kýr voru víðst hafðar úti á daginn fram undir miðjan mánuð. Fyrsti snjór á láglendi féll þ. 23 og er það sérstakt, að ekki skuli festa snjó fyrr í slíkri úrkomutíð.

Nóvember 1972

Fyrir og eftir mánaðamótin skall á snjócoma, sem hélst fyrstu 5 dagana. Varð mikill snjór af, sérstaklega innst í öllum dölum. Varð haglaust með öllu og varð að taka fé á hús. Hér á þessum stað og niður um hérað, varð snjórinn mikið minni og hagar sæmilegir. Í þessum byljum fennti víða fé og hrakti í skurði. Í Hvítársíðu fórust kindur frá a.m.k. fjórum bæjum, 1 kind frá hverjum, nema Gilsbakka 3 kindur. Svipaðar fréttir eru úr Hálsasveit, Norðurárdal og Flókadal. Á Hæli í Flókadal urðu mestir skaðar, en þar fundust 4 kindur dauðar í fönn og enn vantar þar 10 kindur, sem talið er víst að hafi farist. Að öðru leyti var nóv. kaldur og hrjóstugur. Aðfaranótt fundust hér og á næstu bæjum 2 jarðskjálftakippir; kl. 1 22 og 1 54, þeir voru vægir og stuttir, sérstaklega sá síðari.

Desember 1972

Desember var í heild mildur og svo snjóléttur, að aldrei varð ófærð á vegum hér um slóðir. Aðeins 4 daga var hægt að kalla jörð alþakta snjó. Vegna nokkurra umhleypinga var snjór oft illa lagður og hagar því ekki alltaf góðir fyrir útigang. Hinsvegar var mánuðurinn með afbrigðum vindasamur og aðfaranótt þ. 22. geisaði hér, sem víða annars staðar, fárviðri af SV og fylgdi því slydduél. Fuku víða járnplötur af húsum. Stóð þetta veður u.þ.b. eina kl.stund. Ekki hef ég heyrt getið um nein slys eða meiri háttar skaða hér í héraði vegna þessa veðurs.

Janúar 1973

Janúar óvenju hlýr og snjóléttur. Jörð klakalaus með öllu.

Febrúar 1973

Febrúar mjög raka- og umhleypingasamur. Úrkomur tíðar. Aðeins 4 sólarhringar þurrir. Samgöngur hafa því verið erfiðar vegna snjóa, sérstaklega seinni hluta mánaðarins. Oft hefur orðið að hjálpa bílum áfram. Sumsstaðar er ófært heim að bæjum og hefur því víða þurft að flytja mjólk í veg fyrir mjólkurbílana. Nú um mánaðamót er jörð alhvít um allt hérað og víðast haglaust.

Marz 1973

Fyrstu vikuna var alhvít jörð og harðindi. Dagana var að mestu frostlaust og nokkuð hlýtt. Mestur hiti varð þ. 20., 6,6 stig. Frá 13.-22.. var jörð auð í byggð, nema skafar í lautum. Þó veður væru mild þennan kafla, einkenndist tíðin (þó) af hráslaga og dimmu. Nokkuð var um þoku og þokumóðu og úrkoma var alla dagana nema þ. 13. Þann 23. breytti aftur um með frosti og snjó og nú um mánaðamót er jörð næstum alhvít. Víðast er haglaust. Vegir voru færir allan mánuðinn nema fyrstu vikuna. Mjög væg jarðhræring fannst hér þ. 29. kl. 14 52.

Apríl 1973

Fyrsta vika aprílmánaðar var nokkuð frosthörð og jörð að mestu þakin snjó. Þ.8. hlánaði og tók þá snjó fljótt upp. Dagarnir frá 8.-23. voru hlýir og veður mild. Mjög voru þeir úrkomusamir og sást varla nokkurn tímann til sólar. Jörð grænkaði að mun. Vegir urðu slæmir

yfirferðar. Þ.27. kólnaði með vægu frosti, hvassri norðanátt og lítilsháttar éljum. Hélt svo til mánaðamóta.- Hættulegt veður nýbyrjuðum gróðri.

Maí 1973

Norðanáttin sem ríkt hafði undanfarna daga hélt 2 fyrstu daga mánaðarins. Þ. 3. brá til SV áttar og næstu 5 dagar voru hlýrri. Þá kom aftur köld vika. Eftir það var veður sémilegt og suma daga ágætt. Híti varð mestur þ. 20., 14,6 stig. Nætur voru kaldar og oft frost eða við frostmark. Mest frost varð þ. 13. -4,8 stig. Vætu hefur sárlega vantað, úrkoma aðeins 27,0 mm allan mánuðinn. Gróður stendur því alveg í stað. Sauðburður er langt kominn og hefur gengið vel. Hagar eru litlir og fé víðast gefið með beit. Kýr voru láttnar út seinnipartinn í mánuðinum, en eru á fullri gjöf. Búið er að setja kartöflur að mestu. Jörð hefur lengi verið klakalaus og bíður tilbúin hagstæðara veðurs.

Júní 1973

Júnímánuður í heild fádæma kaldur, sérstaklega voru 2 fyrstu vikurnar kaldar og þurrar. Þ.16. hlýnaði nokkuð og vætti flesta daga eftir það. Gróður, sem staðið hafði að mestu í stað, tók vel við sér og nú um mánaðamót er von um að sláttur geti hafist innan skamms. Kúm hefur víðast verið gefið með beit fram undir mánaðamót.

Júlí 1973

Fyrri partur mánaðarins yfirleitt kaldur og rakur. Fé þó rúið í fyrstu og annarri vikunni. Sláttur hófst almennt um miðjan mánuð og honum fylgdu þeir veðurbeztu dagar, sem komið hafa til fleiri ára hér um slóðir.- Sólríkir og heitir.- Nætur voru þó óvenju kaldar, t.d. komst hiti allt niður í 3 stig þ. 22. og var það minnsti hiti mánaðarins. Á þessum dögum luku einstaka bændur alveg við heyskap og flestir náðu öllu upp í sæti. Síðustu 6 dagana var ekki hagstæð heyskapartíð og eru því víða mikil hey úti.

Ágúst 1973

Fyrstu 6 dagar mánaðarins sémilega hlýir en votviðrasamir eins og mánuðurinn í heild. Stirt hefur því verið með hirðingu heyja. Víðast hvar þó heyskap lokið nokkru fyrir mánaðamót. Frá 7. til 23. varð mjög kalt flestar nætur. Kaldast varð þ. 19., -1,5 st. frost. Féllu þá eða skemmdust mikið kartöflugrös. Það litla sem er af berjum, sakaði ótrúlega lítið, líklega vegna vanþroska. Dagarnir frá 22. voru hlýir og sprettusamir. Ber orðin vel þroskuð.

September 1973

September að jafnaði veðragóður og hlýr. Aðeins eina nótt mældist frost þ. 9. -1,5 stig. Vætusamur var hann þó og því oft erfiður og ömurlegar smalamennskur. Í göngum fengu menn þó góð veður og björt og leitaðist vel í þeim öllum þrem. Nokkrir skaðar urðu í héraðinu í fellibylnum þ. 23., svo sem hey- og þakplötufök. Hér í uppsveitum hvessti ekki að ráði fyrr en um nóttina. Mesti skaði hér í nágrenninu var í Deildartungu, en þar hrundi til grunna uppsláttur að nýju húsi. Eftirtektarvert er, að elstu hús virðast standa bezt af sér slík veður og því betur sem þau eru eldri og ónýtari talin. Kartöfluuppsskera yfirleitt léleg, en þó misjöfn eftir legu garðanna. Kúm hefur verið gefið með beit frá því um miðjan mánuð. Jarðhræringa varð vart hér þ. 13. kl. 1 00 og aðrir 2 þ. 16. kl. 21 26 og 21 28. Allir þessir kippir voru mjög vægir.

Október 1973

Fyrstu 8 dagana voru hlý og góð veður, en mjög var úrkomusamt eins og mánuðurinn í heild. Þ. 6. komst hiti upp í 12,5 stig og regn mældist að morgni þ. 11., 22,6mm. Var það mestur hiti og regn mánaðarins. Afðfaranótt þ. 9. mældist fyrsta frostið -0,5 stig. Fór á eftir vægur frostakafli, en veður hæg sem fyrr. Mest frost mældist þ. 18. -9,6 stig. Snjóföln í byggð 9 daga alls, mest þ. 28., en tók fljótt upp. 3 síðustu dagana voru stórtrelldar rigningar. Urðu mikil flóð í ám og lækjum. Ekki hef ég heyrt um neina meiriháttar skaða þar af. Nú um mánaðamót er ekki farið að taka lömb eða annað fé í hús.

Nóvember 1973

Nóvember kaldur, en snjóléttur og því kominn nokkur klaki í jörðu. Sæmilegir hagar voru fyrir fé til þ. 20., en þá voru lömb alveg tekin í hús og annað fé þ. 26., en þá um nóttina gerði alhvíta jörð. Aðfaranótt þ. 4. gerði mikið hvassviðri af NA. Eitthvert fok varð, t.d. fauk þak af fjárhúsum á Hurðarbaki í Reykholtssdal. Einnig fauk þar um koll heyvagn og skemmdist mikið. Jarðskjálfti varð hér þ. 29. kl. 10 ½ f.h. Fannst aðeins 1 kippur, sem stóð í ca. 3 sek. - 3 stig.

Desember 1973

Fyrstu fjórir dagar mánaðarins frostlausir og gekk á með skúrum. Að morgni þ. 2. mældist úrkoma 31,6mm, sem er mesta úrkoma mánaðarins. Eftir það mældist alla daga meira og minna frost, mest þ. 18. -18,2 stig. Mánuðurinn í heild með fádæmum kaldur, neþju og illviðrasamur. Ekki voru mikil snjóþyngsli, en hagar slæmir og hefur orðið að gefa útgangi lengi. Samgöngur voru mest allan mánuðinn með eðlilegum hætti. Á Gamlársdag var vonskuveður. Hríð og skafbylur allan daginn. Varð þá víða ófært og komust færri en vildu á nýársböllin. Ekkert þeirra féll þó niður með öllu.

Janúar 1974

Fyrstu 3 dagarnir hvassir og kaldir. Þ. 3. voru 9 vindstig fram yfir miðjan dag, ofanhríð og skafrenningur. Þann dag féllu áætlunarferðir niður. Seinni partinn gekk veðrið niður og hlýnaði. Komst hitin upp í 7,2 stig, sem varð mesti hiti mánaðarins. Að öðru leyti var mánuðurinn hlýr og veður yfirleitt góð. Háлка var mikil, bæði af svellum og samanbörðum sköflum. Hefur því verið mjög erfitt yfirferðar. Fólk hefur dottið og meitt sig og bílar ekið út af og af hlotist minniháttar slys. Enn er mikil háлка, sérstaklega í kringum bæi og útihús. Svell á þjóðvegum eru þó að mestu horfin.

Febrúar 1974

Fyrstu 9 dagar mánaðarins úrkomulausir. Að öðru leyti var mánuðurinn umhleyppingasamur og flesta daga var hvasst. Þ. 23. gerði asahláku, sem hélst í 4 sólarhringa. Urðu mikil flóð í ám og lækjum og víða rann úr vegum. Þessir hlákudagar urðu þó líkn fyrir gróna jörð, sem lengi hafði verið þakin svellum.

Marz 1974

Marz óvenju hlýr og veðragóður. Komin nál í tún og úthaga.

Apríl 1974

Apríl mjög hlýr og veður yfirleitt mild. Einstakur var hann fyrir sínar hlýju nætur, en aðeins mældist frost í 2 nætur, þ. 3. og þ. 8. Snjó festi aðeins 4 daga, en tók fljótt upp. Í heild var mánuðurinn úrkomusamur, en þó þornaði svo um, að farið var að vinna í túnum nokkru fyrir mánaðamót. Víða er komin nokkur beit fyrir sauðfé og sumsstaðar búið að sleppa fullorðnu fé – aðeins því gefið, sem heim kemur. – Nokkrir eru farnir að hleypa út kúm.

Maí 1974

Mánuðurinn í heild ágætur og óvenjulegur að tíðarfari. Fyrstu 11 dagana var ekki mælanleg úrkoma, en eftir það væta af og til og er því beit í úthaga orðin góð og túnspretta vel á veg komin. Sauðburðartíð eins og bezt verður á kosin. Kartöflur settar niður fljótlega upp úr mánaðamótum. Jarðskjálftar hafa verið miklir og tíðir allan mánuðinn og stendur svo enn nú um mánaðamót. Ekki hafa orðið stórir skaðar á mannvirkjum. Smá sprungur hafa sumsstaðar komið á vegg. Hverinn á Helgavatni í Þveerárlíð hvarf með öllu eftir stærstu kippina, sem urðu þ. 17. kl. 14 30 og þ. 18. kl. 23 45. Meira um þetta í bréfi.

Júní 1974

Júnímánuður óvenju hlýr og veðragóður. Vætusamur var hann framan af, og eru óbeitt tún nú nær fullsprottin. Víða var farið að slá í kringum bæi síðast í mánuðinum og er búið við að sláttur hefjist fljótlega upp úr mánaðamótum. Hætt var að gefa kúm hey um mánaðamót maí

og júní. Langt er komið eða búið að rýja sauðfé og reka á fjall. Jarðskjálftar stærri og smærri hafa verið margir dag hvern allan mánuðinn. Frá 25. þó mun rólegra og engir finnanlegir tvo síðustu dagana. (skrifað 1/7). Stærstu kippirnir urðu þ. 12. kl 16 10 ca. 6 stig og kl. 17 55 sama dag, ca. 8 stig. Á mörgum steinhúsum urðu meiri og minni sprunguskemmdir og gamalt eyðihús á Hermundarstöðum í Þverárhlið hrundi. Vatnsmagn óx að mun í hver á Norðurreykjum í Hálsasveit.

Júlí 1974

Sláttur hófst almennt upp úr mánaðamótum og þrátt fyrir nokkra vætudaga, hefur hann gengið að óskum. Nú í mánaðarlok eru margir hættir og flestir langt komnir með heyskap. Heyfengur ágætur í uppsveitum en neðar í héraði eða þar sem flatara er, óvenju rýr. – Alla daga mánaðarins hafa mælst jarðskjálftar. Flestir þeirra þó aðeins 1 stig, en alltaf öðru hvoru kippir sem finnast. Órólegast varð þ. 8. en þá fundust milli 10 og 20 kippir um miðjan daginn. Stærstur þeirra um kl. 15 20 ca. 4 stig og jafnframt sá stærsti í þessum mánuði. Sprungur hafa víða myndast í Þverárhlið, efst í Stafholtstungum og inn á Kjarardal. Einnig hefur land sigið, t.d. á Hömrum í Þverárhlið. Hverinn á Helgavatni, sem hvarf í maí s.l., er nú kominn aftur. Þ. 5. þ.m. fór að örla á vætu, sem fór smá vaxandi og um miðjan nánúðinn var komið það vatnsmagn og hitastig sem áður var.

Ágúst 1974

Mánuðurinn í heild mildur og veðragóður. Hlýtt var framan af mánuðinum og komst hiti hæst þ. 12., í 18,0 stig. Upp úr miðjum mánuðinum kólnaði heldur í veðri og næturhiti yfirleitt lágur út mánuðinn. Þ. 25. snjóaði í fjöllum. Heyskap lauk víðast upp úr mánaðamótum og er það óvenju snemma að verið. Berjaspretta hér um slóðir í lélegra lagi. Víðast er þó einhver reytingur krækiberja, en lítið sem engin bláber. Aðalbláber hafa þó spröttið sémilega. Kartöfluuppskera góð. Alla daga mánaðarins voru mælanl. jarðskjálftar. Þeir sem fundust voru flestir 2 stig.

September 1974

Mánuðurinn í heild kaldur og einkenndist af hvassri norðlægrí átt. Fyrstu 15 daga mánaðarins var þó daghiti nokkur. Mestur hiti varð þ. 3., 14,9 stig. Síðari hluta mánaðarins var mjög kaldur og flestar nætur frost eða við frostmark. Fyrsta frostnótt varð þ. 18. en mest frost varð þ. 30., -4,5 stig að nóttu. Um miðjan mánuð var farið í fyrstu göngur. Fengu leitarmenn vond veður og skyggni. Snjó festi á afrétti. Ekki hlutust neindir skaðar þar af. Einn dag, þ. 27., festi hér snjó í byggð, en tók upp síðari hluta dagsins. Áður hafði fest snjó hér í nágrenninu, eða þ. 15. Jarðskjálftar hafa mælst alla daga mánaðarins. Flestir þeirra finnast ekki, en öðru hvoru verður þeirra þó vart. Stærstir virtust þeir: Þ. 13.. kl. 10 40, 10 50, og 22 40, 4 stig og þ. 15. kl. 06 40, 4 stig.

Október 1974

Mánuðurinn mjög vætusamur, aðeins 5 dagar alveg þurrir. Mest rigndi þ. 23. Sólarhringsúrkomman varð þá 42,8mm. Mikil flóð urðu í ám og vegaskemmdir miklar, sérstaklega í Norðurárdal, en þar urðu vegir ófærir beggja megin dalsins. Snjó á láglandi var í 3 daga: þ. 5., 6. og 25. Kýr voru látnar út fram undir miðjan mánuð. Þrátt fyrir bleytu var mánuðurinn í heild hlýr og veðragóður. Alla daga mánaðarins mældust jarðskjálftar. Flestir þeirra ekki finnanlegir, eða 1 stig. 30. að nóttu vöknudu sumir við smákippi hér í nágrenninu.

Nóvember 1974

Mánuðurinn í heild fádæma góður, bæði hvað veður og jarðlag snertir. Þ.30. gerði alhvíta jörð. Var þá fé tekið í hús, en fram að þeim tíma hafði það gengið sjálfala. Fé og annar útigangur er vel fram genginn. Jarðskjálftar hafa mælst flesta daga mánaðarins, þ. 8. og 20. voru hrein blöð. Flestir þessir skjálftar voru 1 stig. Þá stærstu fundu sumir hér í nágrenninu og af lýsingu hafa þeir verið ca. 3 stig.

Desember 1974

Mánuðurinn var með afbrigðum kaldur og umhleypingasamur. Jörð alsnjóa mestan hluta mánaðarins. Hagar fyrir hross hafa verið sæmilegir víðast hvar allan mánuðinn, en oft hlýtur útigangii að hafa liðið illa vegna veðra. Ekki hafa orðið teljandi umferðatruflanir á þjóðvegum hér í héraðinu. Þ.8. að nóttu héldu menn í Norðtungu og Reykholti sig finna jarðskjálfta. Fékk þá ekki tímasetta. Að öðru leyti hefur enginn minnst á skjálfta þennan mánuð.

Janúar 1975

Mánuðurinn í heild óvenju illviðra- og rokasamur. Oft ofsaveður. Snjóá festi því ekki að ráði og ekki teljandi ófærð á vegum. Á Nýársdag var rigning og vestanrok. Í þessu veðri rigndi seltu yfir allt héraðið og olli miklu tjóni á rafkerfinu. Hafa því verið rafmagnstruflanir öðru hvoru allan mánuðinn, t.d. var á stóru svæði rafmagnslaust í 28 klst. samfleytt. Mestur varð veðurofsinn þó þ. 4. Snjór, slydda og síðast regn mældist 12 mm yfir daginn og var hér óstætt veður stund úr degi. Ekki hlutust nein slys eða tjón í þessu veðri.

Febrúar 1975

Mánuðurinn yfirleitt veðragóður og hlýr, en nokkuð úrkomusamur. Snjólétt var og gott til beitar. Klaki virðist fara dagminnkandi. Mjög vægir jarðskjálftar hafa verið öðru hvoru hér í nágrenninu, en ekki hefur verið hægt að fá neinn þeirra tímasettan.

Marz 1975

Marzmánuðður var mjög úrkomusamur, aðeins 5 dagar alveg þurrir. Ekki var þó um stórfelldar úrkomur að ræða, mest mældist þ. 12., 6,0 mm. Mánuðurinn var mjög snjóléttur og nú um mánaðamót aðeins skaflar í lautum og giljum. Þ. 23.-28. varð nokkurt kuldakast af NA og mældist þá mesta frost mánaðarins þ. 25., -14,5 stig. Þ. 11. kl. 23 45 fundu þeir, sem háttaðir voru, 2. stigs jarðskjálfta. Líklega verið Eyjafjarðarkippurinn. (Mælir hér bilaður).

Apríl 1975

Aprílmánuður misjafn að tíðarfari. Tvö hret gerði í mánuðinum. Seinni hluta mánaðarins voru mikil góðviðri og farið mikið að grænka. Þ.27.-29. gerði mikið kuldakast með frost og hvassri NA átt, sem drap að mestu viðkvæman nýgræðing. Í þessu kasti varð snjór ekki meiri en það, að hann tók jafnóðum upp að deginum. Jarðskjálfti fannst að Kvíum í Þverárhlið þ. 12/4 á milli 9 og 10 ca. 3 stig.

Maí 1975

Maímánuður óhagstæður öllum gróðri. Þ. 3.-8. gerði mikla vætutíð og var jörð farin að lifna vel aftur, en þ 9. – 10. kólnaði enn með frosti og eljagangi. Þ.18. og það sem eftir var mánaðarins, ágætir dagar, en kaldar nætur. Jörð orðin skrælnuð af þurrki og gróður því lítill. Segja má þó, að komnar séu snapir fyrir sauðfé. Víða er fé að nokkru á gjöf. Sauðburður gengur vel, en seint. Nokkur brögð eru að því, að bændur séu orðnir heylausir. Kartöflur víðast settar síðustu daga mánaðarins. Jarðskjálfti fannst að Gilsbakka kl um 7 að morgni, einhvertíma seinni part mánaðarins. Þ. 27. um kl. 08 30 fannst skjálfti í Örnólfdal.

Júní 1975

Júnímánuður með afbrigðum kaldur og þurrkasamur. framan af. Grasspretta því léleg og langt í slátt. Kúm hefur verið gefið með beit fram að þessu.

Júlí 1975

Júlí kaldur. Sláttur hófst almennt í síðustu viku mánaðarins. Spretta þá orðin mjög sæmileg. Illa hefur gengið að þurrka og víða liggur mikið flatt hey úti. Jarðskjálfti fannst á Gilsbakka í Hvítársíðu þ. 17. kl.20:24, 3 stig.

Ágúst 1975

Mánuðurinn mjög vætusamur og sólarlítill. Aðeins 3 dagar þurrir. Víðast er því neyðarástand hvað heyskap snertir. Gras er úr sér sprottið og hey liggja hrakin á túnnum. Á einstöku stöðum hefur þó verið meiri friður og nokkrir bændur eru langt komnir með heyskap.

September 1975

September mjög kaldur og vætusamur. Nokkrir góðir og bjartir dagar hafa bjargað miklu með heyskap en nú um mánaðamót er honum sumsstaðar ekki lokið. Sérstaklega hefur verið slæmt ástand niður í héraði og vestur á Mýrum, en þar voru víða túnblettir svo blautir, að ekki var hægt að fara um þá með vélar. Vel leitaðist í göngum og er þeim öllum þrem lokið. Kartöfluuppskera mjög misjöfn eftir bæjum. Lítið var um ber og þau náðu ekki fullum þroska. Kúm er ennþá beitt en víða gefið með. Jarðskjálfti fannst á Húsafelli kl. 03 00 þ. 29., 3 stig.

Október 1975

Mánuðurinn óvenju hlýr og mildur og hefur bætt upp erfiða sumarveðráttu. 6 vægar frostnætur voru í mánuðinum og mældist frostið mest þ. 30. -2,2 stig. Kýr voru eitthvað látnar út fram undir mánaðamót. Seinnipart mánaðarins fundust smá jarðskjálftakippir á Kirkjubóli og í Deildartungu, en ekki gat ég fengið þá dagsetta. (Mælir var bilaður).

Nóvember 1975

Mánuðurinn veðragóður og hlýr, en vætusamur. Fór vel um allar skepnur, þar til þ. 23., en þá snjóaði og fraus á rennblautu og þíða jörð. Varð mjög slæmt á högum og varð að taka fé á hús. Jörð alsnjóa síðustu viku mánaðarins. Smá jarðskjálftahrina varð hér á svæðinu 8. og 9. nóvember. Einn fannst í Örnólfsdal kl. rúmlega 6 þ. 9.

Desember 1975

Mánuðurinn mjög úrkomu- og umhleypingasamur. Mátti heita að annan daginn væri regn og hinn snjór eða þá hvorttveggja sama daginn. Veður voru þó yfirleitt ekki slæm framan af mánuðinum. Þ. 25. og 26. rigndii samfleytt og urðu miklir vatnavextir í ám og lækjum. Flóð urðu með því mesta sem hér hefur sést. Urðu af miklar vegaskemmdir. Þ. 27. og það sem eftir var mánaðarins voru harðindadagar með snjókomu og skafrenningi. Hagar eru sæmilegir fyrir hross. Jarðskjálfti fannst í Reykholtssdal, Hálsasveit og neðst í Hvítársíðu þ. 15. kl. 14 15 ca. 4 stig.

Janúar 1976

Mánuðurinn kaldur og umhleypingasamur. Nokkur ófærð var á vegum í mestu snjóum. Oft rigndi mikið og er jörð því illa lögð. Má heita haglaust. Jarðskjálftinn þ. 13. kl. 14 30 á Kópaskeri, fannst á nokkrum stöðum hér í nágrenninu.

Febrúar 1976

Mánuðirinn í heild umhleypingasamur og oft veðravondur, sérstaklega seinni hlutinn. Aðfaranótt þ. 27. gerði mikla sunnan snjókomu. Varð þá víða ófært á vegum og heim að flestum bæjum, svo vegheflar urðu að fara á undan mjólkurbílum daginn eftir. Aðeins voru 3 dagar þurrir.

Marz 1976

Marz mjög umhleypingasamur og oft veðramikill. Aðfaranótt þ. 11. gerði ofsarok og urðu nokkrir skaðar þar af, svo sem plötufok og aðrar skemmdir á þökum húsa. Nokkrir samgönguferfiðleikar urðu í mánuðinum vegna snjóá. Nú um mánaðamót er alhvít jörð.

Apríl 1976

Sem fyrri mánuðir, var apríl umhleypingasamur og kaldur framan af. Upp úr 18. fór að smáhlýna og þ. 21. komst hiti upp í 13,1 stig, sem varð mesti hiti mánaðarins. Klaki er lítill sem enginn á tünnum og eru þau óðum að grænka. Við þessi skyndilegu umskipti urðu óskaplegar vegaskemmdir um allt héraðið, svo heita má að ófært sé í allar áttir nú um mánaðamót.

Maí 1976

Mánuðurinn í heild góðviðrasamur, en þurrkar og kaldar nætur stöðvuðu alveg gróður, þartil seinnipart mánaðarins, en þá hlýnaði mikið. Tún og engi eru nú orðin græn, en spretta hægt. Nú um mánaðamót eru þó komnir hagar fyrir fé, en því hefur verið gefið með fram að þeim tíma. Kartöflur voru víðast settar um og upp úr 20. Sauðburðartíð var og er með ágætum.

Júní 1976

Mánuðurinn í heild ágætur að veðurfari. Grasspretta mjög góð og eru nokkrir farnir að slá í súrhey. Síðustu viku mánaðarins kólnaði í veðri og stöðug úrkoma varnar því að sláttur geti almennt hafist.

Júlí 1976

Mánuðurinn í heild veðragóður og mjög hlýr, sérstaklega fyrri partinn. Mjög var úrkomusamt og hefur heyskapur gengið stíðlega, en er þó nokkuð misjafnlega á veg kominn eftir sveitum. Gras er farið að spretta úr sér og eitthvað er um að hey hafi hrakið, þar sem hvergi var hægt að þurrka hey síðustu 11 daga mánaðarins.

Ágúst 1976

Ágústmánuður fram úr hófi úrkomusamur og dimmur. Þ. 1. og hálfan dag þ. 31. norðlæg átt, alla aðra daga vestlæg átt. Aðeins 5 þurrir dagar: þ. 2., 17., 26., 30. og þ. 31. Rigning var þó oftast um nætur, svo lítið gagn var að til heyskapar. Er því enn ríkjandi neyðarástand hvað heyskap snertir. Einstaka bændur hafa þó löngu lokið heyskap. Bæði var, að þeir byrjuðu fyrr en aðrir, og ekki var allsstaðar jafn votviðrasamt. Bláber og krækiber mikil að magni, en vantar nokkuð á, að þau séu fullspröttin.

September 1976

Mánuðurinn veðragóður, hlýr en nokkuð vætusamur. Flesta daga vestlæg átt. Heyskap er nú yfirleitt lokið. Nokkur brögð voru að því, að henda þurfti heyjum. Þrjár nætur gerði vægt frost: þ. 1., 9. og 11.. Féllu þá kartöflugrös. Kartöfluuppskera misjöfn, þó víðast í lakara lagi vegna ofbleytu. Í göngum og réttum fengu menn ágæt veður og leitaðist vel. Kyr liggja enn úti.

Október 1976

Mánuðurinn í heild með fádæmum góður. Veður mikil og hlý og enn hefur ekki fest snjó í byggð á þessu hausti.

Nóvember 1976

Um nóvember er ekkert nema gott að segja. Þ. 17. féll fyrsti snjór í byggð á þessu hausti og hefur verið fól á jörðu flesta daga til mánaðamóta.

Desember 1976

Desember mjög veðragóður. Aðeins snjóföl á jörðu allan mánuðinn. Hagar góðir.

Janúar 1977

Mánuðurinn í heild góður og bjartur þrátt fyrir nokkurn blástur. Jörð að mestu auð mikinn hluta mánaðarins. Þ. 5., 6. og 7. snjóaði, en tók fljótlega upp aftur. Einnig 3 síðustu dagana, en þá gerði smá gusu. Hvergi varð það til trafala. Klaki er orðinn nokkur í jörðu. Sumsstaðar er vatn farið að minnka á bæjunum vegna þurrka.

Febrúar 1977

Mánuðurinn mjög góðviðrasamur, bjartur og með eindæmum þurrkasamur. Aðeins 2 daga varð vart við úrkomu: þ. 4. smá snjófjúk, ekki mælanlegt, og þ. 18. skúrir og mældist þá 0,2mm sem er heidarúrkoma mánaðarins. Klaki er talsverður í jörðu. Vegna þurrka eru ótal bæir í héraðinu vatnslausir og er mikið neyðarástand hvað það snertir. Jörð er góð til beitar en er þó að verða ólystug. Hámarks mælislaust var hér mestan hluta mánaðarins vegna bilaðra mæla, sem bárust hvað eftir annað.

Marz 1977

Vorblíða var flesta daga mánaðarins, þar til 28., en þá var vestan rigning allan daginn. Um kvöldið breytti skyndilega í hvassan norðanbyl, sem stóð mestalla nóttina. Ekki breyttist þó verulega á högum. Síðustu þrjá daga mánaðarins var norðlæg átt og hvassviðri með nokkru frosti og fjúki summsstaðar.

Apríl 1977

Apríl kaldur og vetrarlegur. Flestar nætur frost, sem varð mest þ. 17., -11,1 stig. Snjóhret gerði öðru hvoru í mánuðinum og þ. 15. varð jörð alþakin snjó. Ekkert lát er á klaka í jörðu og ekki vottar fyrir grænu strái.

Maí 1977

9 frostnætur urðu framanaf mánuðinum. Eftir þ. 15. hlýnaði heldur. Mánuðurinn allur þurrkasamur, svo gróðri miðar hægt. Tún eru þó að mestu orðin græn, en lítil spretta og úthagar föllir og lélegir. Hefur því orðið að gefa fé með beit, sem er mikil vinna um sauðburðinn, en hann hefur að öðru leyti gengið vel vegna hagstæðrar veðráttu. Enn er grunnt á klaka. Kartöflur þó víða settar síðustu daga mánaðarins a.m.k. í sandgarða. Stærstu jarðskjálftarnir út af Reykanesi þ. 16. þ.m. fundust hér og í nágrenni.

Júní 1977

Júní kaldur framan af og því kyrrstaða á öllum gróðri. Þ. 6. varð jörð alhvít á innstu bæjum í Hvítársíðu. Frostnætur voru 5, mest þ. 8. -2,0 stig. Seinni hluta mánaðarins var góð sprettutíð og nú um mánaðamót er útlit fyrir að sláttur geti hafist næstu daga.

Júlí 1977

Júlímánuður var mjög votviðrasamur, aðeins 5 dagar þurrir. Það hefur því gengið erfiðlega með heyskap, en þeir fáu þurrkdagar sem komu, voru mjög góðir og því hefur nokkuð náðst inn af heyjum. Regnið hefur líka gengið misjafnt yfir og eru því sumir lengra komnir en aðrir.

Ágúst 1977

Mánuðurinn í heild mjög góður. Heyskap lauk víðast hvar um þ. 20. og voru hey bæði mikil og góð. Kartöfluspretta er mjög sæmileg. Ber eru nokkur, en eru ekki enn nógu vel þroskuð.

September 1977

Mánuðurinn mildur og yfirleitt hlýr. Aðeins 2 nætur mældist frost: þ. 9. -2,0 stig og þ. 15. -0,5 stig. Aldrei hefur fest snjó í byggð, en fjöll hafa orðið nær alhvít. Göngur og réttir eru um garð gengnar og gengu vel þrátt fyrir nokkurt vatnsveður í fyrstu göngum.

Október 1977

Mánuðurinn í heild afburða góður. Kýr lágu víðast úti framan af mánuðinum og út voru þær láttnar að deginum, alla daga hans. Aldrei snjóaði í byggð, þar til aðfaranótt þ. 31., en þá gránaði í rót. Þ. 20. fannst vægur jarðskjálfti hér í nágrenninu kl. rúml. 10 að morgni.

Nóvember 1977

Mánuðurinn kaldur og nokkuð snjóasamur. Þ. 14. - 21. snjóaði alla daga. Á því tímabili var fé allsstaðar tekið í hús. Frá 25. - mánaðamóta mældist aldrei frost og þ. 26. komst hiti upp í 7,9 stig, sem varð mestur hiti mánaðarins. Hér í héraðinu varð aldrei ófært á vegum, en stundum seinfært vegna hálfu.

Desember 1977

Fyrstu sjö dagar mánaðarins voru frostlausir og hlýir, hiti komst upp í 9,6 stig, sem varð mestur hiti mánaðarins. Eftir það skiptust á frosta- og hlýindadagar, regn og snjó. Jörð ýmist þakin snjó eða alauð og allt þar á milli. Aldrei varð ófærð á vegum hér um slóðir.

Janúar 1978

Mánuðurinn nokkuð umhleypingasamur. Oft skiptust á rigning og snjócoma. Var því oft svellað og slæmt á högum. Ekki varð ófært á vegum hér um slóðir.

Febrúar 1978

Mánuðurinn var nokkuð misviðrasamur. Þ. 12. varð hér aftaka veður framan af degi, NA 8 og stórhrið. Þann 26. kom annað kast: NA hvassviðri og stórhrið og svo enn um mánaðamót. Vegir í héraðinu hafa þó ekki spillst til muna. Að öðru leyti voru veður oft mild og góð.

Marz 1978

Fyrstu þrjá dagana snjóaði og tepptust þá víða vegir. Mánuðurinn í heild frekar kaldur. Síðustu 8 dagana rok og kuldi. Góðviðris dagar voru þó inn á milli. Þ. 19. og þrjá næstu daga snjóaði og varð þá alhvít jörð.

Apríl 1978

Mánuðurinn frekar hlýr og þurr. Mánaðarúrkoman samtals 12,2mm. 7., 8., 13. og 28. snjóaði og varð jörð nær alhvít, en snjó tók fljótlega upp og var jörð nær auð og alauð mestan hluta mánaðarins. Vegna þurrka og tíðra næturfrosta er ekkert farið að grænka og sauðfé er enn á fullri gjöf.

Maí 1978

Mánuðurinn votviðrasamur og kuldalegur. Til þ. 15. voru 8 þurrir dagar, en eftir það einhver úrkoma dag hvern. Stundum var eljagangur og þ. 23. varð hér næstum hvítt af snjó og gekk á með þrumum. Snjórinn mældist 3cm djúpur. Ekki tók upp fyrr en að áliðnum næsta degi. Þ. 29. varð hvítt af snjó á innstu bæjum í Hvítársíðu. Sauðburður gengur sæmilega, en mikið staut við fé vegna óhagstæðs veðurs. 5 frostnætur urðu í mánuðinum, mest þ. 3., -2,9 stig. Víðast er búið að setja í kartöflugarða. Tún eru orðin græn, en líttill gróður á úthögum.

Júní 1978

Mánuðurinn í heild kaldur. Nokkrir hlýir dagar hafa þó komið öðru hvoru í mánuðinum og gróður þá tekið við sér. Þess á milli hefur spretta staðið í stað langtímum saman. Ekki eru líkur á að sláttur geti hafist á næstunni. Víða er eftir eða er að byrja rúningur fjár, sem er nokkuð í seinna lagi vegna óhagstæðrar veðráttu.

Júlí 1978

Þ. 6. hlýnaði og vætti og var ágæt sprettutíð í hálfan mánuð. Heyskapartíð hefur verið heldur erfið. Ýmist hefur verið svo hvasst að efitt hefur verið að eiga við þurrhey eða það hefur rignt. Þessi veður hfa þó komið misjafnt niður, því sumir bændur hafa nær lokið heyskap meðan aðir eru hálfnaðir eða tæðlega það.

Ágúst 1978

Mánuðurinn hlýr, veðragóður en mjög votviðrasamur, aðeins 5 dagar þurrir. Mjög hefur verið erfitt með heyskap og er honum ekki enn lokið á nokkrum bæjum hér um slóðir.

September 1978

Mánuðurinn veðragóður og allur gróður í sprettu til mánaðamóta. Kýr liggja enn úti. Kartöfluuppskera góð, en frekar lítið um ber hér um slóðir. Í göngum og réttum fengu menn góð veður, en fé seinrekið, vildi ekki niður.

Október 1978

Mánuðurinn nokkuð úrkomusamur og þrátt fyrir nokkra umhleypinga seinni part mánaðarins, var hann yfir leitt veðragóður. Kýr voru látnar út framundir miðjan mánuð. Fyrsti snjór hér á veðurathugunarstöðinni féll þ. 23. Jörð var þá mjög blaut og myndaðist klammi undir snjónum. Varð slæmt á högum þá daga sem snjórinn var, en hann tók upp þ. 26. Var autt í byggð til 31. en þá gránaði í rót.

Nóvember 1978

Mánuðurinn mjög umhleypingasamur og fór illa með útigang. Aðeins voru 2 dagar úrkomulausir. Dagana 22.-27. varð snjór með því mesta sem hér gerist. Þegar hann varð mestur mældist hann 30cm jafnfallinn. Það vildi til, að veður var stillt og því ekki teljandi skafrenningur, aðeins dró með jörðinni stöku sinnum. Þessir dagar voru jafnframt þeir frostmestu í mánuðinum. Þungfært var á vegum og víða ekki fært nema jeppum og stærri bílum. Haglaust varð fyrir fé og varð að taka það í hús. Er það með fyrra móti. Um hádegi þ. 27. hlýnaði og seinni partinn gerð rok og rigningu. Var ofsaveður um kvöldið og nóttina. Eitthvað var um að bílar fylkju útaf vegum en ekki hef ég heyrt um slys eða skaða að öðru leyti. Um morguninn var snjórinn horfinn að mestu leyti, aðeins skaflar í lautum og er svo enn um mánaðamót.

Desember 1978

Þ1.-13. austlæg átt og hlýindi. Hiti komst í 12 stig þ. 13., sem varð mesti hiti mánaðarins. Jörð varð auð og klakalaus. Voru menn farnir að vinna í flögum eða við aðra jarðvinnslu sem á vori væri. Þ. 14.-15. vægt frost, breytileg átt og léttskýjað. Þ. 16. snjóaði lítilsháttar, en hlýnaði daginn eftir með lítilsh. rigningu og tók upp snjó. Þ. 18.-20. norðlæg átt og lítilsháttar snjócoma. 21.-29. úrkomulaust, stillt veður léttskýjað og heiðskírt. Jólaveður var eftirminnilegt. T.d. þ. 25.-27. heiðskírt og stillt veður, vægt frost og jafnvel upp í núll, sem er sérstakt í heiðskíru á þessum tíma árs. Þ. 30. skall á bylur og daginn eftir mældist hér 20cm djúpur snjór, sem hefði þó verið meiri, hefði ekki hvesst um nóttina. Mjög varð þungfært á vegum og sumsstaðar ófært.

Janúar 1979

Mánuðurinn var óvanalega kaldur og í honum vetrarríki hið mesta. Aðfaranótt þ. 5. gerði sunnanrok með slyddu og snjókomu. Ísing varð þá svo mikil, að margir síma- og rafmagnsstaurar brotnuðu og línur slitnuðu á ótal stöðum. Margir voru rafmagnslausir hér í allt að 2 sólarhringa og símalausir svo dögum skipti. Einnig urðu vegir víða ófærir. Olli þetta veður milljónatjóni hér í héraðinu. Eftir miðjan dag þ. 29. og fram á nótt þ. 30., snjóaði hér látlaust. Þegar upp stytta, skall á hvassviðri með norðlægri átt og um miðjan dag þ. 30. var allur þessi nýi snjór skafinn burtu. Þ. 31. varð hér -22,0 st. frost. Hefur ekki mælst svo mikið frost hér í mörg ár. Hagar eru slæmir og er útigangi gefið með beit. Farið er að bera á vatnsleysi sumsstaðar.

Febrúar 1979

Frá 1.-7. var áframhaldandi hart frost, en þ. 8. hlýnaði heldur og þ. 15.-20. kom góður hlákukafli. Varð jörð þá auð, nema hvað eftir stóðu dýpstu skaflar. Frá 21.-27. ýmist hiti, vægt frost, snjócoma og rigning. Þ. 28. herti mjög frost, komst það upp í -11,0 stig og um kvöldið var farið að snjóa. Þrátt fyrir nokkra umhleypinga voru veður oft stillt og fagrir sólardagar inn á milli. Mjög var misjafnt á högum, oftast þó slæmt.

Marz 1979

Mánuðurinn með fádæmum kaldur og vindasamur. Oft var hvöss norðlæg átt með skafrenningi og snjókomu og varð þá víða ófært á vegum, svo heflar urðu að fylgja mjólkurbílum um héraðið. Inn á milli voru þó stillur og stundum skein sól, svo af varð sólbráð. Er því hætt við kali. Um miðjan mánuðinn gerði smá þíðu. Þ.15. komst hiti upp í 3,5 stig, sem varð mesti hiti mánaðarins. 6 aðra daga var hiti á mæli hluta úr degi, nema þ. 30. var hiti allan daginn og þá varð einnig eina frostlausá nóttin í mánuðinum. (lág. 0,1 stig). Alltaf var jörðin meira en að hálfu leyti. Þakin snjó og oft var hún alsnjóa. Klaki er orðinn mikill í jörðu.

Apríl 1979

Fyrstu 2 vikurnar voru kaldar. Oftast norðlæg átt, stundum eljagangur og jörð meira en að hálfu leyti þakin snjó. Þ. 14. hlýnaði heldur og 15.-28. varð ekki frost að degi, nema þ. 21. var

–0,4 stig kl. 9. Á þessu tímabili mældist frost í 5 nætur og oftast var svo lágt hitastig um nætur, að frost var við jörðu. Var þetta veðurfar því óhollt öllum gróðri og þau grænu strá, sem komu undan sköflunum, fölnuðu jafnharðan. Þ. 29. rauk hann upp að norðan með snjókomu og frosti. Varð jörð nær alsnjóa og þ. 30. var frost allan daginn. Klaki er mikill í jörðu, þar sem snjór náði ekki að verja hana.

Maí 1979

Maí var með eindæmum kaldur, stórviðra- og vindasamur. Norðanátt var alla eða einhvern hluta dagsins, nema þ. 30. og 31., en þá breyttist mjög til hins betra. Þ. 31. komst hiti upp í 12,0 stig, sem varð mesti hiti mánaðarins. Þ. 28. kom góður skúr og vottaði þá fyrir fyrstu grænu stráunum og nú um mánaðamót má segja að það sé komin nál í tún. Skógur er ekkert farinn að grænka. Snjór var á jörðu fyrstu 8 daga mánaðarins, en þ. 8. varð jörð auð og hér á staðnum festi ekki snjó eftir það. Sauðburður hefur verið með afbrigðum erfiður. Hefur orðið að láta fé bera í húsi eftir því sem hægt hefur verið. Allt fé er ennþá á gjöf. Margir eru orðnir heylitlir og sumir heylaúsir, en enn hefur verið hægt að miðla milli bæja.

Júní 1979

Í mánuðinum hefur verið ríkjandi vestlæg og norðlæg átt og flesta daga hefur verið einhver væta. Nætur voru oft mjög kaldar og þó ekki hafi mælst frost hér, var oft frost á bæjum, sem hærra standa. Mjög hefur verið sólarlítið og hráslagalegt og hafa margir dagar frekar minnt á haust en sumar. Víða er enn stutt á klaka. Spretta hefur verið ákaflega hæg og nú um mánaðamót virðist langt í slátt. Úthagar eru fölir og lélegir.

Júlí 1979

Júlí var óvenju kaldur, rakur og sólarlítt framán af. Spretta var því mjög hæg og ekki var með góðu móti hægt að rýja fé fyrr en um miðjan mánuð. Enn er klaki í jörðu og var því víða erfitt yfirferðar í smalamenskum. Þ. 10., um miðjan dag, gerði mikið hagléi hér í nágrenninu. Jörð varð hvít og hafði sumsstaðar ekki tekið upp fyrren um kvöldið. Kýr voru oftast hafðar inni um nætur og víða varð að hára þeim með beit fram eftir öllum mánuði. Þ. 20. hlýnaði mikið og styttaði upp og gerði einmuna heyskapartíð, sem haldist hefur til mánaðamóta. Ekki var annað en að nota slíka veðráttu og er sláttur því almennt hafinn, þó spretta sé víðast minni en í meðallagi.

Ágúst 1979

Ágúst var veðragóður, en oft kaldur um nætur. Hér mældist þó aldrei frost. Minnstur hiti varð þ. 30., 1,2 stig. Þrátt fyrir nokkra vætudaga, var tíð mjög góð til heyskapa, og er því slætti lokið víðast hvar. Hey náðust inn óhrakin með öllu og verður því nýting betri en oft áður og bætir upp lélega grassprettu, Eitthvað er um ber, en þau eru ekki nógu þroskuð ennþá.

September 1979

September var mjög kaldur. Frost á mæli varð í 9 nætur, mest þ. 14. og 21., -5,5 stig. Marga daga var kalsa rigning eða skúrir og þó ekki snjóaði hér á stöðinni, vissi ég, að þ. 8. og 15. gránaði í rót hér í nágrenninu og þ. 20. var snjór og hálka á götum Borgarness. – Göngur byrjuðu um miðjan mánuð, en áður var stöðugur straumur fjár af fjalli, enda munu oft hafa verið vond veður þar efra. Lömb eru yfirleitt lítil, en í sæmilegum holdum. Auðséð er, að hagar hafa verið ónógir framán af, en lagast þegar á leið. Þ. 21., að kvöldi, gerði ofsarok, sem hélst fram eftir nóttu. Járnplötur fuku af húsum. Á Hurðarbaki í Reykholtssdal fuku 30 plötur af nýlegum fjárhúsum. Kartöflu- og berjaspretta var yfirleitt léleg, en þó misjöfn eftir bæjum. Hér var mikið magn af bláberjum, sem ekki náðu fullum þroska. Minna var um krækiber. Kýr hafa að mestu legið úti, en þeim hefur aðeins verið hárað með beit upp á síðkastið. – Þ. 28. hlýnaði og brá til SA-áttar og tvo síðustu dagana komst hiti í 11 og 13 stig.

Október 1979

Fyrstu dagar mánaðarins voru hlýir, mældist ekki frost fyrr en þ. 9. Oft var hvasst og kalt, en inn á milli voru mildir og góðir dagar. Fyrstii snjór féll hér á stöðinni þ. 14., en tók fljótt upp.

Þ. 28. gerði svo alhvíta jörð, en snjór var grunnur og minnkaði fljótt svo ekki harðnaði á högum.

Nóvember 1979

Nóvember veðragóður og snjóléttur. Þegar kom fram í mánuðinn varð þó víða slæmt á högum vegna klamma, svo taka varð fé í hús.

Desember 1979

Veðurfar mánaðarins var mjög gott. 10 dagar voru frostlausir og komst hiti í 9,3 stig þ. 7. Snjólítið og stundum autt var til þ. 21., en þá snjóaði svo jörð var alhvít. Kom það þó misjafnt niður í héraðinu. Hér í kring var gott á högum þangað til, og var hægt að beita fé með gjöf og spara með því dýrmæt hey, sem var mikil hjálp heylitlum búum. Hátíðaveður voru yndisleg, kyrr og hrein.

Janúar 1980

Mánuðurinn var yfirleitt veðragóður. Þurrviðrasamt var, nema frá 9. – 17. voru nokkrir umhleyplingar, en veður þó aldrei ill. Þ. 19. – 24. var hvöss norðlæg átt. Þá daga var nístings kuldi. Þ. 25. og það sem eftir var mánaðarins var unaðslegt veður. Frost var nokkurt, en logn eða 1 – 2 vindstig af SA og mikið sólfar. – Upp úr áramótum var talið að jörð væri nær klakalaus og geri ég ráð fyrir að svo sé enn, því að snjóföln hefur verið mestan hluta mánaðarins. Vegir hafa verið eins og á sumardegum.

Febrúar 1980

Febrúar var hlýr, en umhleyplinga- og hvassviðrasamur. Aðfaranótt þ. 8. gerði ofsarok. Urðu víða skaðar af, t.d. fuku víða og skemmdust búsmunir, sem úti voru og á Sigmundarstöðum í Hálsasveit fuku gömul fjárhús og járnplötur af þökum. Einnig brotnuðu víða símastaurar þá og einnig í óveðrinu þ. 25. Þá fuku líka bílar um koll og fl. óhöpp urðu, en ekki hefi ég heyrt um slys á mönnum hér í héraðinu. – Um 20. og það sem eftir var mánaðarins, voru stöðugir umhleyplingar, t.d. mældist hér að morgni 38cm djúpur snjór, jafnfallinn, en daginn eftir var hann farinn. Á högum var því misjafnt og vegaskemmdir þó nokkrar. Margir dagar voru þó hlýir og yndislegir miðað við árstíma.

Marz 1980

Marz var snjóléttur og vegir oftast eins og á sumardegum. Hagar góðir. Nokkuð var gustmmikið á stundum, t.d. var afar hvasst og urðu einhverjir skaðar þar af í héraðinu, svo sem járnplötufok og skemmdir á gróðurhúsum.

Apríl 1980

Apríl var fremur hlýr, en vætu- og umhleyplingasamur var hann. Oftast voru þó mild veður. Aðeins urðu 4 dagar alveg þurrir, og jörð því orðin afar blaut. Eitthvað er um vegaskemmdir, en klaki er þunnur og virðist ætla þorna fljótt um. Tún og engi eru mikið farin að grænka og nú um mánaðamót er hlýtt og vor í lofti. 2 jarðskjálftar fundust á Húsafelli þ. 11. kl. 19 45 og 22 40. Þeir virtust koma úr suðri og eftir lýsingu hafa þeir verið um 3 stig.

Maí 1980

Mánuðurinn frekar hlýr og vorlegur þrátt fyrir nokkur frávik. T.d. mældist frost í 7 nætur og með þeim 3 daga. Hvöss og köld NA átt ríkti nokkra síðustu daga mánaðarins. Snjó festi aldrei, en tvisvar smá slydduél þ. 8. og þ. 21. Gróðri miðar hægt. Sólfar oft af skornum skammti. Víðast er búið að setja niður kartöflur og farið er að láta út kýr. Sauðburður gengur vel hvað tíðarfar snertir.

Júní 1980

Mánuðurinn í heild mjög hlýr um daga og góðviðrasamur. Helst hefur skort vætu vegna gróðurs, en dembur inn á milli hafa þó nokkuð bætt þar um og er nú farið að líða að slætti almennt og á einstöku bæjum er hann þegar byrjaður. Þ. 1. snjóaði í fjöll.

Júlí 1980

Júlí var mjög góður að veðurfari og einnig var hann sérstakur fyrir hátt hitastig síðustu daga mánaðarins. Komst hiti í 25,1 stig þ. 31. Óvanalega þykk þokumóða einkenndi mánuðinn. Lá hún yfir dag eftir dag og það jafnvel í hvassri NA átt, sem er óvanalegt. Nokkrar nætur voru kaldar og varð minnstur hiti 1,1 stig þ. 27. Ekki hefi ég heyrt að séð hafi á kartöflugrösum hér um slóðir eftir þá nótt. Slætti er víðast lokið, en hitaskúrir og rigning hafa komið misjafnt niður og tafið suma. Heyfengur er mikill og hey óhrakin og góð að öllu leyti.

Ágúst 1980

Mánuðurinn veðragóður, yfirleitt hlýr en nokkuð votviðrasamur. Nokkuð tafðist því með heyskap hjá þeim, sem ekki voru búnir í júlílok. Hygg þó, að flestir eða allir hafi lokið heyskap nú. Ekki varð frost á mæli í mánuðinum, en hiti komst stundum það langt niður, að frost var við jörð. Kartöflugrös eru víða kolfallin, en sumst. sér ekki á þeim ennþá. Lítið sást á berjum eftir þessar köldu nætur. Berjaspretta er mjög misjöfn hér um slóðir. Víða er góð spretta og ágæt á friðuðu landi. Á sumum bæjum sjást varla ber. Þ. 30. varð hér mikið öskumistur. Sást fyrst í það um miðjan dag. Ágerðist það svo, að kl. 18 var hér aðeins 1km skyggni og sá ekki til lofts. Þetta mistur kom frá öskufallssvæðum Heklu. Ekki festist hér nein aska fyrr en seint um kvöldið eða nóttina, en þá rigndi. Kom þá aska í bakkann og eins hafði sést aska á bílum og þökum hér í grennd.

September 1980

Mánuðurinn í heild ágætur: hlýr, veðragóður og úrkomulítill. Frostnætur urðu aðeins 3, mest þ. 9., -2,6 stig. Garðauppskera var með ágætum og enn má tína ber, þar sem þau eru að finna. Göngur og réttir gengu vel, enda veður ákjósanleg. Kýr hafa legið úti til þessa.

Október 1980

Október var óvenju kaldur og snjóugur. Þ. 8.-10. var snjóföl og þ. 16. snjóaði svo mikið, að hér mældist 12cm jafnfallinn snjór, sem ekki tók alveg upp fyrr en þ. 29. Þ. 31. var víða mikið rok hér í grennd og urðu smávegis skaðar á þökum, t.d. í Borgarnesi. Að öðru leyti var yfirleitt veðragott og margir dagar svo kyrrir og sólríkir, að líkara var, að dag væri tekið að lengja, en ekki stytta. 2 jarðhræringar fundust á Kóparykjum í Reykholtssdal þ. 3/10 kl. 23 30 ca. 3 stig og þ. 4/10 á milli kl. 21-22 ca. 3 stig.

Nóvember 1980

Fyrstu 8 daga mánaðarins mældist frost, en úr því fór kólnandi og mátti heita að stöðugt frost væri til 29., en þá hlýnaði aftur og rigndi. Snjór var á jörð frá 12.-29., en þá varð jörð alauð, en þ. 30. var aftur komið fól. Oft var frostlaust og varð mest frost þ. 27. -13,4 stig. Þó ekki hafi orðið haglaust, eru nú allir farnir að hýsa fé vegna kulda og leiðinda á högum.

Desember 1980

Desember var kaldur, snjóugur og rokasamur. Sérstaklega voru vond veður á milli jóla og nýárs. Að kvöldi þ. 26. brá til vestlægrar áttar með ofsaroki og eljagangi, en síðan stófeldum skúrum um nóttina og næsta dag. Þ. 28. og 29. voru svo hvöss snjóél. Miklar rafmagns- og símabilanir urðu um allt héraðið og samgönguferfiðleikar vegna veðurs. Ekki hefi ég heyrt um aðra skaða eða slys hér um slóðir, en tæpt stóð stundum, er bílar fuku út af vegi. Hagar eru frekar leiðinlegir og er hrossum gefið með beit.

Janúar 1981

Mánuðurinn var kaldur, umhleyppingasamur og veðra-illur. Oft var leiðinleg færð á vegum af snjó og vatni og stundum ófærð. Þ. 26. rigndi mikið. Urðu þá mikil flóð og jakaruðningar í ám og lækjum. Miklar skemmdir urðu þá á vegum og það slys varð á Lundi í Lundarreykjadal, að skriða féll á útihús og drap 10 nautgripi og 2 hross. Var þetta hóll, sem skreið fram með þessum afleiðingum. Er það kunnugum lítt skiljanlegur atburður. Nú um mánaðamótin þurfti að grafa fyrir símastaur í Þverárhlíð. Þurfti að grafa gegnum 1m þykkann klaka.

Febrúar 1981

Mikil ótíð, harðindi og umhleypingar einkenndu þennan mánuð og nú um mánaðamót er jörð hulin svellum og hefur verið haglaust lengi. Mikil hætta er á kalskemmdum. – Þ. 16. gerði hér fárviðri sem víðast annarsstaðar á landinu, kl. 15 og 18 voru 9 vindstig, en upp úr því hvessti stöðugt og frá ca. 21 og fram til kl. 1 voru hér ekki minna en 12 vindstig og þegar hvassast var mun meira. Óhemju skaðar urðu hér í héraðinu. Harðast urðu úti gróðurhúsin, en segja má, að á flestum bæjum hafi einhverjir skaðar orðið og sumst. mjög miklir. Víða fuku þök af úti- og íbúðahúsum, þannig að fólkið horfði upp í himininn síma- og rafmagnslaust, því að tugir símastaura brotnuðu og rafmagn bilaði víða svo illa, að nokkrir hreppar voru rafm. lausir í allt að 50 klst. Má því segja að neyðarástand hafi ríkt á mörgum bæjum, þar sem húshitun og flest annað er orðið háð rafmagni. Slys á mönnum urðu engin hér um slóðir. Aðeins urðu 2 dagar í mánuðinum alveg úrkomulausir.

Marz 1981

Mánuðurinn yfirleitt erfiður að tíðarfari, rokasamur og kaldur. Ekki er mér kunnugt um neina skaða af völdum veðurs. Seinnipartinn hlýnaði þó heldur og hefur ótrúlega mikið gengið á svellin og ef svo heldur áfram eru hér góðar horfur á, að sleppa við kalskemmdir í tünnum.

Apríl 1981

Apríl var úrkomusamur og margur dagurinn mildur og hlýr miðað við árstíma. Þetta tíðarfar var ákjósanlegt svellaðri jörð og mun ekki vera mikil brögð að kalskemmdum hér um slóðir. Komin er nál í varpa. Síðustu dagar mánaðarins voru hvassir og umhleypingasamir.

Maí 1981

Mánuðurinn var yfirleitt kaldur, sérstaklega um nætur. Þurrviðrasamur var hann, en bjartur. Gróðri miðar afar hægt hér í uppsveitum. Sauðburðartíð hefur verið upp á það bezta, því að ekki hafa fylgt nein hret þessari kuldatíð. Ekki er alveg búið að sleppa hendi af fé. Enn er víða stutt á klaka. Eftir því sem grænkar meir, koma betur í ljós kalskemmdir í tünnum. Er mér sagt, að þær séu allsstaðar einhverjar og sumsstaðar mjög miklar. Þetta er misjafnt eftir bæjum. Eitthvað er farið að setja í garða. (Nú er sleppt, Ú.) Jarðskjálftar fundust í mánuðinum: 2/5 kl. 19 50 á Húsafelli 3 stig, 8/5 kl. 23 55 á Húsafelli 3 stig. – 9/5 kl. 00 35 í Síðumúla, lýsti sér eiins og eitt snöggð högg. 9/5 kl. 01 34 4 stig, þennan fundu flestir hér í grendinni, 9/5 kl. 04 45 á Húsafelli 3 stig. – 19/5 rétt fyrir kl. 12 á hd. á Kirkjubóli og víðar 3 stig. – Frá Sveinatungu í Norðurárdal bárust þær fréttir, að þar hefðu fundist hræringar öðru hvoru allan aprílmánuð, en ekki gat ég fengið neinar dagsetningar eða tíma.

Júní 1981

Mánuðurinn afar þurr og kaldur framan af, en upp úr 8. rigndi loks að gagni og grasspretta er komin nokkuð á veg, en hér í uppsveitum mun þó langt í slátt. Kýr voru víða láttnar út um miðjan mánuð og er þeim enn hárað með beit.

Júlí 1981

Júlí var fádæma þurrviðrasamur. Ekki var mælanleg úrkoma fyrr en þ. 13. Hvöss norðanátt ríkti framanaf mánuðinum með lágu hitastigi og oft köldum nóttum. Grasspretta var því afar hæg. Held þó að sláttur hafi almennt byrjað rétt fyrir mánaðamót hér í uppsveitum. Tvisvar gránaði í fjöll; þ. 16. og þ. 21.

Ágúst 1981

Mánuðurinn var mjög úrkomusamur. Aðeins 6 dagar máttu heita alveg þurrir. Veður voru þó yfirleitt mild og hlýtt var oftast. Segja má því, að grasleysið hafi sprottið úr sér. Heyskapur hefur gengið eftir veðri og þó einn og einn hafi af einhverjum ástæðum lokið slætti, eiga flestir meira og minna eftir. Hey liggja hrakin og gras er úr sér sprottið. Vonlaust er því að fá góða tuggu héðan af. Bláberjaspretta er með ágætum, en lítið er um krækiber.

September 1981

Septembermánuð ríkti flesta daga norðlæg átt, oftast köld og hvöss. Verið var baslast við heyskap fram eftir mánuðinum. Held þó að flestir hafi lokið honum um miðjan mánuð. Heyfengur var með minnsta móti og gæðaryr. Einnig var kartöfluspretta fyrir neðan meðallag. Búið er að fara í tvennar göngur. Leitaðist illa vegna þoku. Fyrsti snjór féll hér þ. 30., en þ. 4. vissi ég að snjó festi innst í Hvítársíðu.

Október 1981

Mánuðurinn oft kaldur og stundum snjór á jörðu. Hér niður í sveit, varð þó aldrei haglaust, en þ. 19. snjóaði svo mikið fremst í Hvítársíðu, að flýta varð slátrun fjár. Þessi mikli snjór náði reyndar niður undir miðja sveit. Þennan snjó tók að mestu upp þ. 22. Erfiðlega fengur að fullleita Hvítársíðuafrétt vegna þoku á heiðum. Er búið að fara tvisvar sinnum oftár en venja er og enn er ekki nóg að verið. Kýr voru teknar inn um mánaðamótin sept/okt.

Nóvember 1981

Nóvember var kaldur og vetrarlegur. En þó oft væri hvasst, er ekki hægt að segja annað, en veður hafi yfirleitt verið meinlaus og snjólítið var oftast. Upp úr síðustu mánaðamótum var farið að bera á vatnsleysi á þeim bæjum, sem eiga sitt vatn undir regni, en úr því rættist fyrri part mánaðarins en þá og þ. 13. og 14. gerði góða vætu. Búið er að taka fé í hús.

Desember 1981

Fyrstu 2 daga mánaðarins var vestanátt með asahláku og miklu regni. Þ. 2. mældust 33,8mm yfir sólarhringinn. Var kominn aur í vegi. Um jólin var einnig hiti á mæli, en mjög hvasst. Aðf.nótt þ. 26. var hér, sem víðar, ofsarok. gæti ég trúað, að vindhraði hafi komist í 12 vindstig þegar verst lét. Hefi aðeins heyrt um smávægilega skaða hér, sem ekki tekur að tala um. Desember var í heild mjög kaldur og gjóstugur með norðlægri átt meiri hlutann. Veðragóður verður hann þó að teljast og óvanalega bjartur. Snjór lítill sem enginn og því kominn mikill klaki í jörð. Jarðstrengir Landsímans hafa brostið vegna frosta: Jörð er ákaflega þurr og farið að bera á vatnsleysi á bæjum. – Þ. 18/12 fundust jarðskjálftar að bænum Sveinatungu í Norðurárdal og nágrenni hans. Annar var rétt fyrir hádegi, en sá seinni kl. 18 12. Eftir lýsingu 3 stig. Þeim fylgdu miklir hvínir.

Janúar 1982

Mánuðurinn mjög kaldur framan af og oft var gjóstugt og umhleypingasamt. Yfirleitt var snjólétt, en oft háлка og klammi á jörð. Klaki er orðinn þykkur og víða hefur frosið í vatnspípum.

Febrúar 1982

Mánuðurinn í heild mildur og snjóléttur. Um miðjan mánuð kom góður hlákukafli. Rokasamt var á stundum, en ekki urðu neinir skaðar þar af hér um slóðir.

Marz 1982

Marz var hlýr, veðragóður en nokkuð umhleypingasamur. Nokkur vatnagangur var á stundum og talsverðar vegaskemmdir. Aur er mikill og þungatakmarkanir á vegum. 24/3 kl. rúmlega 10 að morgni, fannst jarðskjálfti í Fljótstungu og á Kirkjubóli í Hvítársíðu. Eftir lýsingu: ca. 3 stig. Skjálftinn var frekar stuttur og fylgdi honum þytur.

Apríl 1982

Apríl var mildur og hlýr framan af. Oftast var vestlæg átt með töluverðri vætu. Um miðjan mánuð voru tún mikið farin að grænka. Eftir þ. 20. var umhleypingasamt, en frost vægt og virtist ekki skaða gróður. Þ. 30. skall á hvöss NA átt með eljum og hækkandi frosti.

Maí 1982

Mánuðurinn yfirleitt mjög kaldur og þurrviðrasamur. Tún því ekki orðin fullgræn. Þ.30. og 31. gerði mikla krapparigningu, svo allt flæddi út. Þessa daga var töluvert um lambadauða, en að öðru leyti hefur sauðburður gengið vel hvað tíðarfar snertir. Klaki er ekki alveg farinn úr jörð og eru einhverjar þungatakmarkanir á vegum hér í uppsveitum. Tún virðast ekki að ráði kalskemmd og bíða tilbúin eftir vætu og hlýju. Eitthvað er farið að setja kartöflur. Kýr eru ennþá inni.

Júní 1982

Mánuðurinn ákaflega veðragóður. Dagar hlýir, en oftast kaldar nætur. Eitthvað var um frostnætur á bæjum sem hátt standa. Mjög var þurrviðrasamt og grasspretta því skammt á veg komin. Á einstaka stað er þó byrjað að slá friðaða bletti.

Júlí 1982

Júlí var neð afbrigðum úrkomusamur og er grasspretta orðin mikil. Heyskapur hefur því gengið erfiðlega, en þó eru nokkrir langt komnir sem gátu byrjað snemma og sérstaklega þeir, sem að einhverju ráði eru með votheysverkun. – Þ. 3. gerði óskaplegt úrfelli, bæði regn og hagl svo mikið, að hálsar gránuðu. Þessu veðri fylgdu miklar þrumur og eldingar sem vöruðu hér á 3. klukkustund. Olli þetta veður óhemju tjóni þar sem eldingum sló niður á ótal stöðum, bæði á lotlínur og jarðstrengi síma og rafmagns. Einnig er talið víst að elding hafi orðið hér hrossi að fjörtjóni. Mældist úrkoma 20,4mm á þremur klukkustundum. Muna elstu menn vart slíkt veður, a.m.k. svo langvarandi.

Ágúst 1982

Í ágúst voru oft mild og hlý veður framan af. Heldur kólnaði seinni part mánaðarins, sérstaklega um nætur. Nokkuð var vætusamt og því ónæðissamur og seinlegur heyskapur. Allt fór þó vel. Hey eru yfirleitt mikil, óhrakin og mátulega sprottin. 2 frostnætur urðu: þ. 28. –1,1 st. og þ. 30. –2,4 stig og urðu það jafnframt köldustu næturnar. Kolféllu þá kartöflugrös og ber skemmdust að mun, einkum bláber. Berjaspretta er góð, sérstaklega eru bláber mikil að magni.

September 1982

Mánuðurinn í heild afar kaldur og nokkuð úrkomusamur. Þ.11. gránaði hér í rót, en iðulega snjóaði í fjöll og hálsa. 5 nætur mældist frost og hitastig að öðru jöfnu svo lágt að oft var frost eða við frostmark á jörð. Gras er því löngu fallið og má segja, að ekki hafi sprottið neitt síðan um miðjan ágúst. Dilkar af fjalli eru taldir í rýrara lagi enda hefur grasspretta á afrétti tæpast staðið nema mánaðartíma. Kartöfluuppskera er víða sæmileg þó gras hafi fallið í ágúst.

Október 1982

Októbermánuður var með fádæmum mildur og veðragóður. Kýr voru láttnar út daglega fram eftir öllum mánuði, en lengst af á fullri gjöf.

Nóvember 1982

Mánuðurinn sérstaklega mildur og veðrahægur framan af, en aðfaranótt þ. 17. gerði mikla snjókomu með um 12 gráðu frosti. Var þá fé tekið í hús og síðustu viku mánaðarins hefur það verið á fullri gjöf. Hrossahagar eru þó enn sæmilegir.

Desember 1982

Desember var mánuður mikilla lægða og umhleypinga. Flesta daga var hvasst og oft rok samfara regni eða snjó. Ekki veit ég um skaða þar af. Alltaf var bílfært um héraðið, en oft mikil hálka. Sumsstaðar var farið að bera á vatnsleysi, en úr því rættist eitthvað þ. 28. 29., en þá gerði asahláku með miklu vatnsveðri. Hagar oftast litlir sem engir.

Janúar 1983

Mánuðurinn í heild snjóþungur, roka- og umhleypingasamur. Hér muna menn vart svo langvarandi illviðri. Vegir oftast ill- eða ófærir og varð flesta daga að hjálpa mjókur- og

áætlunarbílum. Fyrir kom að menn urðu veðurteptir í næstu sveitum svo dögum skipti. Skafalarnir voru orðnir óskaplega djúpir og harðir og mátti segja að héraðið allt hafi verið sem „helgrinda hjarn“ yfir að líta. Þ. 20.-24. gerði mikla hláku með raka, slyddu og rigningu. Urðu af mikil flóð í ám og lækjum. Bæir urðu umflotnir og víða flæddi inn íbúða- og útihús. Ekki urðu hér slys á mönnum eða skepnum það ég bezt veit, þó tæpt hafi verið sumstaðar. Snjór hvarf að mestu. Óhemju eignatjón varð og vegaskemmdir gífurlegar. Þ. 24. varð aftur alhvít jörð og hefur svo verið til mánaðamóta. Haglaust hefur verið nær allan mánuðinn. Þ. 14. fannst hér í Síðumúla jarðskjálftakippur kl. 12 10, 3-4 stig. Hann fannst ekki hér á bæjunum í kring.

Febrúar 1983

Febrúar var óvenju hlýr og snjóléttur. Frost að jafnaði væg og 20 daga mánaðarins mældist hiti, ýmist allan daginn eða þá að hluta. Nokkuð var umhleypingasamt og oft mjög hvasst. Klaki er talinn lítill í jörð og þegar upp tók snjó, sló grænni slikju á tún.

Marz 1983

Mánuðurinn var mjög kaldur, roka- og úrkomusamur. Aðeins fjórir dagar alveg þurrir. Jörð oftast alsnjóa.

Apríl 1983

Mestan hluta mánaðarins var hér mikil vetrarveðrátta. Kalt var og hvöss þrálát norðanátt ríkti, oft með stórhriðum. Þessi lýsing á þó einkum við um uppsveitir hér, því að nú eins og oft áður fylgja þær Norðurlandi hvað veðráttu snertir í NA átt. Ófærð varð þó ekki mikil á vegum, en djúpir skafar í giljum, lautum og við allar byggingar. Þann 24. hlýnaði nokkuð og varð ekki frost á mæli eftir það. Snjó tók fljótt upp og er jörð falleg og klakalítill. Í sumarfluglum heyrðist ekki fyrr en síðustu daga mánaðarins.

Maí 1983

Flesta daga var norðlæg átt með vindsveljanda og kulda. Þurrviðrasamt var með fádæmum. Varð úrkoma mánaðarins ekki nema 9,5mm. Jörð er orðin skrælpurr og þó hún sé orðin græn á að líta, er gróður svo skammt á veg kominn að fé er enn á gjöf. Í svona kuldatíð eru þó þurrkarnir sem bjarga sauðburðinum og hefi ég ekki heyrt annað, en hann gangi mjög vel.

Júní 1983

Þ. 4. kom loks langþráð væta. Spretta var þó hægt framán af vegna lágs hitastigs og sólarleysis. Fyrstu þrjár nætur mánaðarins og næturnar 13. og 14. mældist frost, mest þ. 1. – 1,5 stig. – Þó klaki virtist lítill undan vetri, gekk hægt á hann og nú um mánaðamót virðist loks lát þar á. Er nú ör spretta og yndislegt veður. Kýr voru ekki látnar út fyrr en upp úr 17. og er þeim hárað með beit. – Eitthvað var byrjað að setja kartöflur upp úr síðustu mánaðamótum.

Júlí 1983

Mestan hluta mánaðarins var vestlæg átt og flesta daga úrkoma. Kalt var með afbrigðum og mánuðurinn dimmur og sólarlítill. Ekki mældist frost hér, en hitastig var stundum svo lágt, að frost var við jörð. Víða sér á kartöflugrösum. Heyskapur gengur því afar stíðlega. Sláttur mun þó allstaðar hafinn og það litla sem náðst hefur upp er illa þurrt. Allir kvarta um lélega sprettu. Hallalaus tún eru víða blaut og slæm yfirferðar.

Ágúst 1983

Flesta daga mánaðarins var vestlæg átt og aðeins 6 dagar alveg þurrir. Neyðarástand hefur því ríkt hvað heyskap snertir. Töðumagn er í minna lagi og það sem er komið í hlöður er bæði illa þurrt og hrakið. 2 þurrir dagar voru samfelldir: 30. og 31. og urðu því að töluverðu gagni. Búið er að fresta göngum um eina viku ef það mætti einhverju bjarga. Víðast sá á kartöflugrösum í júlífrostunum og er því smátt undir, en getur þó ræst úr ef ekki frýs. Bláber eru engin, en mikið af krækiberjum. Þau eru frekar smá enn, enda vart séð til sólar mestan

hluta mánaðarins. Tvisvar festi snjó í fjöll. Má þó vera að það hafi verið oftar, þar eð ekki sá til fjalla dögum saman.

September 1983

Þ. 1. og 2. var góður þurrkur í viðbót við þá 2 þurru daga fyrir mánaðamót og þ. 5. og næstu 10 daga var samfelldur þurrkur. Held ég að flestir hafi lokið heyskap um miðjan mánuð eða þá fyrir göngur, sem farið var í viku seinna en venja er. (Þ.18. hér). Fé kom vel fram gengið af fjalli. Kartöfluuppskera var ákaflega misjöfn, víðast einhver og allsstaðar minni en í meðallagi. Krækiber voru í sprettu fram eftir öllum mánuði og urðu mjög sæmileg að lokum.

Október 1983

Hryssingsveðráttá einkenndi október. Fyrstu 15 dagana var oftast norðlæg átt, með eða án úrkomu, afar hvöss á stundum. Þ. 16. snjóaði og eftir það voru stöðugir umhleyplingar. Tvisvar varð jörð alhvít og 27. og 28. var slæmt á högum vegna klamma. Nú um mánaðamót er jörð alauð en afar blaut. Kýr voru teknar inn laust fyrir miðjan mánuð, þær höfðu þá verið nokkurn tíma á hálfri gjöf.

Nóvember 1983

Þ. 1. og næstu daga fraus og snjóaði á rennvota jörð. Varð alveg haglaust fyrir fé vegna klamma. Bætir það ekki lélegt heyskaparsumar að þurfa að taka fé á gjöf í byrjun nóvember. Annars voru þíðu og góðviðriskafar inn á milli. Það sem óvanalegast var miðað við árstíma, voru hinir mörgu, dimmu þokudagar.

Desember 1983

Frá 1.–24. má telja mánuðinn veðragóðan, þrátt fyrir tíðar úrkomur og nokkurn gjóstur á stundum. Snjólétt var svo sumarferi var á öllum vegum. Aðfaranótt þ. 25. gerði svo norðanbyl og eftir það hlóð niður snjó með vestlægrí átt til mánaðamóta. Er nú illfært um dali Borgarfjarðar og sér hvergi á dökkan díl.

Janúar 1984

Mikil ótíð var mestallan mánuðinn og mikil ófærð á vegum af snjó og hálfku. Oftast varð að hjálpa bílum við mjólkur- og nauðsynjaflutninga. Verst var veðrið þ. 4. en þá skall á stórhríð upp úr kl. 9 um morguninn, sem stóð til kl. langt gengin 6. fyrst af SA síðan SSA en um tíma af hásuðri og varð þá hvað hvassast og snjócoma mest. Vindhraði komst a.m.k. í 11 vindstig. Varð af þessu nokkur skaði, t.d. brotnuðu margir rafmagnsstaurar og því rafmagnslostur í héraðinu langt fram á kvöld. Í þessum sunnanbyl mynduðust himinháir skaflar á hinum ólíkegustu stöðum. Þrjár síðustu dagar mánaðarins voru sólskinsbjartir og veður góð.

Febrúar 1984

Allan mánuðinn mátti heita stöðug ótíð. Umhleyplingasamt var og flesta daga hvasst. Vegaskemmdir urðu miklar í leysingum og einhverjar skemmdir á byggingum þegar hvasst var. Oftast var slæmt á högum eða alveg haglaust. Jarðskjálfti fannst í Fljótstungu í Hvítársíðu þ. 22. kl. 18 30. Eftir lýsingu 4 stig.

Marz 1984

Meirihluta mánaðarins var vestlæg átt með umhleyplingum og strekkingi. Góðviðrisdagar voru þó fáeinir. Norðanátt var 2 heila daga þ. 24. og 25. og 2 aðra daga og hluta. Alsnjóa var í 14 daga, að öðru leyti var jörð þakin snjó að meira eða minna leyti og þá aðallega skaflar. Klaki er lítill sem enginn í jörð.

Apríl 1984

Meirihluta mánaðarins var vestlæg átt með umhleyplingum og kulda. Þ. 23. breytti til batnaðar – og allt í einu var komið vor og fer vel að. Þann dag heyrðist hér fyst í lóu og fleiri farfuglum. Jörð er klakalítill og tún grænleit og komin í sprettu. Vegir eru slæmir og víða hálf-ófærir.

Maí 1984

Meiri hluta mánaðariins var vestlæg átt og flesta daga úrkoma. oft var kalt. Frost mældist í 7 nætur, mest þ. 6. –3,5 stig. Tvisvar festi snjó að ráði, þ. 19. og þ. 24. Oftar gránaði í rót um nætur, þó upp væri tekið að morgni. Gróður stóð að mestu í stað þar til síðustu daga mánaðarins, en þá hlýnaði verulega og gras þýtur nú upp á túni og í haga. Sauðburður hefur gengið með ágætum og veit ég ekki til að þessi hret hafi orðið lömbum að meini. Víða var byrjað að setja kartöflur upp úr 20. og um mánaðamót var byrjað að hleypa út kúm.

Júní 1984

Júnímánuður var úrkomusamur, hlýr og veðragóður. Grasspretta er með ágætum og víða er hafinn sláttur hér í nágrenni. Þ.5 .6. og 7. fór hiti yfir 20 stig, hæst þ. 6. 21,8 stig. Minnstur hiti varð þ. 22. 1,7 stig og þá nótt gránaði í fjöll.

Júlí 1984

Mestan hluta mánaðarins var vestlæg átt og mjög vætusamt, en veðragott og hlýtt. Þ 7. 8. og 9. var þurrt með hvassri NA átt og voru það að heita mátti einu þurru daga mánaðarins hér um slóðir, voru þó víða of hvassir til að koma að fullum notum við heyskap. Þ 30. og 31. var að mestu þurrt veður hér á stöðinni og vestur úr og kom það að miklum notum, en síðari daginn voru miklar dembur til fjalla sem náðu niður í miðjar sveitir. Tún eru orðin afar blaut, flöt hey hrakin og gras sprettur úr sér.

Ágúst 1984

Ágúst var með afbrigðum úrkomusamur. Mátti heita að ekki væri uppstyttu fyrr en þ. 21. Var því alger kyrrstaða á heypurrkun fram að þeim tíma, en 5 dagar þá og 3 síðust dagar mánaðarins bættu mikið þar um og hafa margir hætt eða eru um það bil að ljúka heyskap. Mikið magn heyja sem náðst hefur í sumar er hrakið og úr sér spröttið, en þessa þurrkdaga náðist þó mörg græn tuggan og er það mikil bót. Heymagn er óvanalega mikið. Nokkrar kaldar nætur urðu, kaldast þ. 22. 0,0 stig. Kartöflugrös skemmdust eða féllu snemma, en uppskera er þó sæmileg. Berjaspretta er lítil sem engin hér um slóðir.

September 1984

September var veðragóður og margur dagur hans var sannkallaður sumarauki. Þrátt fyrir nokkra vætu hefur mikið þornað um. Smalamennskur og réttir gengu vel hvað veður snertir og komu skepnur vel fram gengnar af fjalli. Frostnætur urðu 3, mest mældist þ. 24. –3,7 stig. Það ég veit bezt, féll hvergi snjór í byggð, en gránaði í fjöll þ. 10. og 14.

Október 1984

Tíðarfar mánaðarins var með eindæmum gott. Kýr voru láttnar eitthvað út flesta daga og geldneyti lágu úti fram undir mánaðamót. Þ. 30. gerði hér alhvíta jörð. Hagar eru þó enn fyrir sauðfé, sem gengur enn úti.

Nóvember 1984

Mánuðurinn var fádæma hlýr, veðragóður og bjartur. Snjólétt var og sæmilegir hagar þar til 27. Þann 26. gerði úrhellisrigningu og um nóttina snjóaði og fraus. Varð þá haglaust vegna klamma og er því allsstaðar farið að hýsa fé og það komið á gjöf.

Desember 1984

Mánuðurinn var með afbrigðum hlýr (hiti mældist í 21 dag). Úrkomusamt var og þrátt fyrir umhleyppinga og rok á stundum var margur dagur fagur og veðragóður. Nokkuð var snjóþungt, sérstaklega seinni hlutann og slæmt á högum með köflum. Það sem einkenndi mest þennan mánuð hér var birta. Aðeins tvo daga var alskýjað allan daginn. Flesta daga sást til sólar og oft ljómaði himinn bæði af sólarupprás og hinu fegursta sólsetri að viðbættu kvöld- og morguntungli.

Janúar 1985

Janúar var með fádæmum veðragóður, þurrviðrasamur og bjartur. Hlýtt var framan af, en nokkuð frosthart seinni hlutann. Hætt er við að klaki sé einhver orðinn, þar eð jörð hefur verið snjólaus.

Febrúar 1985

Veðráttu febrúar var með ágætum eða svipaður að tíðarfari og fyrri mánuðir þessa fádæma góða vetrar. Frost var nokkuð hart framan af og haft er eftir gröfumanni að klaki sé um það bil 1 metri í melum og 40 cm í gróinni jörð.

Marz 1985

Mánuðurinn var kaldur og hvassviðrasamur. Snjólétt var og jörð oftast óvarin gegn frosti og vindjaganda. Þ. 25. kl. 29 52 fannst jarðskjálfti á Húsafelli, eftir lýsingu ca. 4 stig. Um sama leyti fundust 2 skjálftar í Kalmanstungu að svipuðum styrkleika, efir lýsingu voru þeir eins og högg. Hræringa varð einnig vart á næstu bæjum, Fljótstungu og Þorvaldsstöðum en vægari og vart meiri en 2 stig.

Apríl 1985

Upp úr mánaðamótum hlýnaði eftir nokkurn frostakafla. Veður voru yfirleitt mild. Fjórum sinnum festi snjó en tók strax eða fljótlega upp aftur. Komin er nál í tún og sauðfé farið að hvarfla frá. Klaki er óðum að fara úr jörð og búið er að setja þungatakmarkanir á vegi.

Maí 1985

Mánuðurinn var óvenju þurrviðrasamur. Úrkoma varð samtals 12,7mm. Veðragott var, en kalt sérstaklega seinni hlutann. Frost mældist í 3 nætur: þ. 23., 24. og 30., mest þ. 24. –3,4 stig. Ekki festi hér snjó í byggð, en nokkrum sinnum gránaði í hálsa. Gróður var orðinn nokkur en hefur staðið lengi í stað vegna þurrka og kulda. Kartöflur voru víðast settar niður fyrir miðjan mánuð.

Júní 1985

Vegna þurrka og kaldra nóttu stóð gróður að mestu í stað fram eftir mánuðinum. Upp úr miðjum mánuði hlýnaði að mun og vætti öðru hvoru. Lítur nú út fyrir að sláttur geti hafist upp úr mánaðamótum. Kýr voru látnar út um mánaðamót, en var gefið með fram yfir miðjan mánuð. Ein frostnótt var þ. 13. –0,2 stig. Jarðhræringa varð vart hér í nágrenni 3 daga mánaðarins: þ. 25. kl. 10 25, 2 hræringar 4 stig, kl. 10 30 4 stig, kl. 10 40 3 stig, kl. 12 37 2 stig, kl. 12 40 3 stig, kl. 12 42 2 stig, kl. 13 00 2 stig, kl. 20 40 3 stig, kl. 21 45 3 stig. Þ. 26.: kl. 13 20 2 stig., kl. 13 38 4 stig, kl. 15 25 2 stig, kl. 18 05 4 stig. Þ. 28.: kl. 16 45 4 stig., kl. 22 08 3 stig. Einhverjar smá hræringar fundust aðfaranótt þ. 29., ég fékk ekki nákvæmar tímasetningar á þeim. Eftir lýsingu virtust flestir skjálftanna snarpastir á Húsafelli og þar í grennd. Fundust þó greinilega á öllum bæjum Hvítársíðu og efstu bæjum í Stafholtstungum.

Júlí 1985

Heyskapur hefur gengið misjafnlega í héraðinu. Hér í uppsveitum var rigningasamt svo lítið gekk þar til 22. , þá gerði 5 daga ágætan þerri. Luku þá margir heyskap og flestir eru nú langt komnir. Margar kaldar nætur urðu í mánuðinum, lægst komst hitinn í 2,8 stig þ. 8. – Jarðskjálfta varð vart þ. 19. kl. 17 25, ca. 5 stig. Fannst hann víða í héraðinu og allt niður í Borgarnes. Virtist hann snarpastur á öllum bæjum Hvítársíðu og efst í Stafholtstungum. Eftir lýsingu var hann mun vægari að finna á Húsafelli. Þ.26. var mér sagt frá smá hræringu á Kirkjubóli í Hvítársíðu, kl. 12 30. Hefi hvergi getað frétt að hún hafi fundist víðar.

Ágúst 1985

Ágústmán. einkenndist af fádæma þurrkum og hvassri NA átt. Telst mér til að sú átt hafi komið við 26 daga mánaðariins. Tólf daga varð vart úrkomu sem mældist 11,4mm samtals. Vatnsleysis er farið að gæta í héraðinu á þeim bæjum sem ekki hafa uppsprettuvatn. Ár eru

með minnsta móti og lækir litlir eða þurrir. Berjaspretta er með fágætum góð. Krækiber þó meiri og þroskaðri. Kartöflu grös eru víða fallin eða þá mikið skemmd.

September 1985

Góðviðri og þurrkar einkenndu þennan mánuð. Þ. 29. rigndi þó svo að um munaði. Mánaðarúrcoma varð samtals 51,7mm. Vatnsskortur er víða orðinn tilfinnanlegur og dæmi eru um að vatna verður kúm í haga. Kartöflu uppskera er frekar rýr hér um slóðir, aðallega vegna þurrkanna.

Október 1985

Mánuðurinn var í heild hlýr. Oftast var vestlæg átt og rigning flesta daga. Úrkoma varð samtals 179,9mm. Er því vatnsskortur úr sögunni. Þ. 6. og 8. festi snjó, en tók strax upp aftur. Kýr voru láttnar út fram undir miðjan mánuð en var gefið með beit frá því í september. Há spratt lítið sem ekkert vegna þurrka. Lömb af fjalli voru í meðallagi væn.

Nóvember 1985

Mánuðurinn nokkuð umhleypingasamur og frekar kaldur. Snjólétt var en hvasst á stundum. Þ. 15., seinnipart nætur, skall á ofsa rok og rigning. Stóð það allan daginn til kl. að ganga ellefu um kvöldið. Hér komst vindhraði í 10 vindsstig, en í Borgarnesi og víðar hefur trúlega verið fávindri. Óhemju skaðar urðu þar, og vítt og breitt um héraðið voru þakfok og aðrar minni skemmdir. Óvanalegt var, hvað þetta veður stóð lengi og mátti heita jafn vindhraði allan tímann. „Sjaldan er gíll fyrir góðu nema úlfur á eftir renni“. Þ. 4. sáust hér bæði þessi fyrirbrigði á lofti. Til gamans: Daníel Brandsson nú bóndi á Fróðastöðum hér í sveit, hefur það eftir móður sinni, Þuríði Sveinbjarnardóttur (1868-1948), að hún hafi séð úlfakreppu á lofti árið 1882. Það ár var eitthvert harðasta vor, sem hún mundi eftir.

Desember 1985

Desembermánuður var úrkomulítill, samtals varð úrk. 15,2mm. Snjólétt var og aldrei til óþæinda. Oft var gjóstugt, en 6 síðustu dagar voru dásamlegir, lygnir og bjartir. Segja má um mánuðinn í heild, að hann hafi verið svo bjartur, að til þessa hafi skammdegið farið fram hjá þessu héraði. Nokkur klammi og háлка er hér í nágrenni, en hún hvarf hér á staðnum 17. og 18., en þá rigndi í 5,2 stiga hita og varð það mestur hiti mánaðarins.

Janúar 1986

Tíð var góð framan af, en seinni hluti mánaðarins var umhleypingasamur og fór ekki vel að útigangsskepnunum. Hagar voru samt oftast góðir.

Febrúar 1986

Tíðarfar febrúar var með fádæmum gott. Minnti frekar á vor og haust en Þorra og Góu. 4 daga var snjór á jörð, en að öðru leyti var autt og hagar góðir. Frostnætur voru 15, mest varð þ. 21. –13,0 stig.

Marz 1986

Seinnipart mánaðarins var snjópungt og oft skafrenningur. Nokkur ófærð varð í innsveitum og varð að ryðja nokkrum sinnum fyrir mjólkurbíla. Nú um mánaðamót er jörð alhvít með djúpum sköflum. Haglaust er með öllu.

Apríl 1986

Þann 3. hlýnaði með suðlægri átt og rigningu 3 næstu daga. Tók snjó smám saman upp og þ. 11. var orðin auð jörð. Þ. 13. kólnaði aftur með hvassri NA átt, snjókomu og skafrenningi. Hélt svipað veður til 15. en þann dag endar þessi veðurskeytabók og veðurathugunastöð í Síðumúla var lögð niður.

Úrsúla Sonnenfeld sló textann inn í tölvutækt skjal.